**SKOÐUN** Skuldir í dag eru skattar á morgun, skrifar Heiðar Guðjónsson hagfræðingur. **14**

**MENNING** Fyrrverandi starfsmenn Priksins sjá nú um að reka þennan vinsæla skemmtistað. **30**

**SPORT** Úrslitaviðureign Grindavíkur og Stjörnunnar í Domino's-deild karla hefst í kvöld. **26**







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
17. apríl 2013
89. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012


**FRÉTTIR**

## Óttast býflugurnar

Hjónum sem rækta býflugur í sumarhúsahverfinu Sléttuhlíð í Hafnarfirði hefur verið gert að færa ræktunina inn fyrir eigin lóðamörk. Nágrannarnir segjast hræddir við flugurnar og óttast ofnæmisviðbrögð. **2**

**Framboðsfundur hjá Eir** Frambjóðendur Bjartrar framtíðar kynntu helstu stefnumál sín á Hjúkrunarheimilinu Eir í gær. Fréttablaðið var á fundinum. **6**

**Harður skjálfti** Að minnsta kosti 34 létust í hörðum jarðskjálfta sem skók Íran í gær. Óttast er að fleiri finnist látnir. **10**

**14**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | NA | 7 |
| Akureyri | 0° | NA | 2 |
| Egilsstaðir | -1° | NNA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NA | 6 |
| Reykjavík | 5° | ASA | 5 |

**Góður dagur** Áfram verður fremur hægur vindur í dag, helst að blási allra syðst. Væta sums staðar sunnan til en bjart með köflum austanlands. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Vímulaus æska
Fólk

# Borgarbúar af 130 þjóðernum

Í höfuðborg Íslands búa nú þrettán þúsund innflytjendur af 130 þjóðernum. Hlutfallið hefur tvöfaldast á tíu árum. Borgarstjóri fagnar því sem áskorun fyrir Reykvíkinga. Hann vill þó að hlutfallið sé jafnara milli hverfa.

**LÝÐFRÆÐI** „Mér finnst fyrst og fremst jákvætt að innflytjendum fjölgi í Reykjavík. Það er til marks um að hér sé gott að búa," segir Jón Gnarr borgarstjóri um þá þróun að hlutfall innflytjenda í Reykjavík hefur tvöfaldast á tíu árum.

Af tæplega 120 þúsund borgarbúum eru innflytjendur yfir þrettán þúsund, af um 130 þjóðernum. Þetta þýðir að hlutfall innflytjenda í borginni er nú 11,1 prósent. Það var 5,5 prósent fyrir áratug.

Mikill munur er á hlutfalli innflytjenda eftir hverfum. Hæst er það á Kjalarnesi, 34,2 prósent. Í Efra-Breiðholti er hlutfallið 24,6 prósent og í miðbænum 19,1 prósent. Í sumum hverfum er hlutfallið undir fimm prósentum.

Þennan mikla mun milli hverfa segir Jón ekki æskilegan. Borgin vilji að innflytjendur samlagist frekar en að safnast saman í ákveðnum hverfum – eins og hafi til dæmis gerst sums staðar á Norðurlöndunum.

„Við getum lært af mistökum sem gerð hafa verið annars staðar með því að sveitarfélagið aðstoði fólk við að aðlagast borginni, atvinnulífinu og félagslífinu," segir Jón, sem kveður ójöfnuð á höfuðborgarsvæðinu almennt mjög sýnilegan. „Þeir sem hafa hæstu tekjurnar velja sér búsetusvæði með ákveðnum gæðum en efnaminna fólk safnast fyrir annars staðar. Það finnst mér ekki spennandi þróun."

> Þetta er tilbreyting sem reynir meira á hæfni okkar sem fólks til samskipta.
> *Jón Gnarr borgarstjóri*

Þá segir Jón það heillandi að í Reykjavík búi fólk af 130 þjóðernum. „Þetta er tilbreyting sem reynir meira á hæfni okkar sem fólks til samskipta. Nútímaleg samfélög eru fjölmenningarleg og það er að gerast um allan heim. Við erum ekki undanskilin og ég fagna því að við séum þátttakendur í fjölmenningunni og tökum vel á móti fólki sem vill búa hér," segir borgarstjórinn í Reykjavík.

- gar / sjá síðu 8

**NÁTTÚRAN MINNIR Á SIG** Gríðarlegt fannfergi hefur verið við utanverðan Eyjafjörð undanfarið. Stórt snjóflóð féll á veginn um Ólafsfjarðarmúla í gær, rétt utan við Sauðanes norðan við Dalvík. Einn maður lenti í flóðinu en slasaðist ekki alvarlega. Félagar hans fluttu hann á þyrlu á Sjúkrahúsið á Akureyri. MYND/GÍSLI KRISTINSSON

Einn fluttur á sjúkrahús:

# Voru á ferð á þyrlu og einn lenti í snjóflóði

**SLYS** Fimm manns voru á ferð á þyrlu norðan við Dalvík í gær þegar stórt snjóflóð féll úr fjallinu norðan við Sauðanes á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Einn þeirra, leiðsögumaður, lenti í flóðinu, en félagar hans losuðu hann og fluttu á Sjúkrahúsið á Akureyri í þyrlunni.

Sævar Ingason, í lögreglunni á Dalvík, segir leiðsögumanninn hafa verið einan á svæðinu þar sem flóðið féll. Hann sé ekki alvarlega slasaður. „Þeir voru að leika sér eitthvað í snjónum og leiðsögumaðurinn var að skoða svæðið þegar flóðið féll."

Skömmu eftir að tilkynning barst til lögreglunnar um flóðið barst önnur tilkynning um að verið væri að flytja manninn á sjúkrahús.

Mikið fannfergi hefur verið á svæðinu undanfarið og tók það Vegagerðina nokkra stund að opna veginn um Ólafsfjarðarmúla, en það tókst um klukkan 21.40 í gærkvöldi. - kóp






Lagt er til að rannsakað verði hvort nagladekk auki umferðaröryggi:

# Vilja heimila nagladekkjaskatt

**UMHVERFISMÁL** Veita ætti sveitarfélögum heimild til að rukka eigendur ökutækja sem keyra á nagladekkjum um slitgjald, að mati höfunda skýrslu um loftgæði og heilsufar á Íslandi.

Í skýrslunni, sem unnin var fyrir velferðar- og umhverfisráðuneytið, kemur fram að þrátt fyrir stóraukna umferð hafi dregið verulega úr loftmengun frá því að mælingar hófust við Grensásveg árið 1994.

Engu að síður telja skýrsluhöfundar rétt að fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur í að draga úr notkun nagladekkja. Meðal þess sem lagt er til er að rannsakað verði sérstaklega hvort og hvernig nagladekk auki umferðaröryggi.

Þá er lagt til að rykbindingu á malbiki verði beitt kerfisbundið víðar en í Reykjavík. Til að svo megi vera þurfi að skýra skyldur veghaldara og jafnvel veita heilbrigðisyfirvöldum heimild til að kalla eftir aðgerðum vegna svifryksmengunar frá vegum.

Rannsóknir á svifryksmengun innanhúss eru takmarkaðar en þær sem hafa verið gerðar sýna að algengt er að ryk í skólastofum fari yfir viðmiðunarmörk sem sett eru um mengun utandyra. Engin viðmiðunarmörk eru til fyrir svifryksmengun innandyra og brýnt að bæta úr því að mati skýrsluhöfunda. - bj

## Grasflatir verði slegnar mun oftar

Grípa þarf til aðgerða til að draga úr magni frjókorna í andrúmslofti í þéttbýli, að mati höfunda skýrslu um loftgæði. Meðal þess sem ætti að gera er að slá grasflatir áður en blóm ná að þroskast. Reykjavíkurborg hefur dregið verulega úr slætti síðustu ár og eru grös, blóm og aðrar plöntur yfirleitt farnar að spretta verulega áður en kemur að slætti.



## SPURNING DAGSINS



Ragnheiður, er ekki bara hægt að gerilsneyða Fossvoginn?

**„Eins og mér sé ekki skítsama!“**

Skólp frá Kópavogi rennur nú út í Fossvoginn, sjósundsfólki til ama. Ragnheiður Valgarðsdóttir, formaður Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur, segir málið bagalegt en sundfólk muni synda frá Kjalarnesi í bili.

LSH hefur til athugunar að kæra fyrrverandi starfsmann til lögreglu:

# Próflaus í tvö ár á Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur komist að því að starfsmaður á krabbameinsdeild spítalans hefur starfað þar í tvö ár án þess að hafa tilskilin réttindi sem hjúkrunarfræðingur. Honum var umsvifalaust sagt upp störfum.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir lítið hægt að tjá sig um málið að svo stöddu. „Við erum að skoða málið og höfum ekki ákveðið hvort það verður kært til lögreglu.“

Spurður hvort ekki verði hafin athugun á starfsmannamálum spítalans til öryggis og verkferlum breytt vill Björn stíga varlega til jarðar. Hann segir ekki liggja fyrir hvað fór úrskeiðis við ráðningu starfsmannsins en verið sé að athuga það.

Landlæknisembættinu hefur verið tilkynnt um málið. Björn telur að landlæknir eigi að kanna feril starfsmannsins innan spítalans og hvaða þjónustu hann veitti á þeim tíma sem hann starfaði þar undir fölsku flaggi. - shá

**Á LSH** Til greina kemur að kæra starfsmanninn til lögreglu. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stækka HSu um 2.700 fm:

# 1,3 milljarðar í endurbætur

**HEILBRIGÐISMÁL** Endurbætur á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi að andvirði 1,3 milljarða króna hafa verið samþykktar í Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Fréttavefurinn dfs.is, segir frá. Núverandi stærð eldri hluta hússins er rúmir þrjú þúsund fermetrar en verður að framkvæmdum loknum 5.769 fermetrar. Reynt verður að halda fullri starfsemi á framkvæmdatíma, segir í fréttinni. Verklok eru áætluð 2017. - shá

**NÝNEMAR** Purfa ekki að hafa teljandi áhyggjur af því að komast ekki að í framhaldsskólunum sem þeir velja sér.

Forskráningu nýnema í framhaldsskólana lokið:

# 3.820 nýnemar í framhaldsskóla

**MENNTAMÁL Alls tóku níutíu prósent 10. bekkinga þátt í forskráningu framhaldskólanna fyrir næsta skólaár og munu 3.820 ungmenni hefja framhaldsskólanám í haust.**

**Skólameistarar sem rætt var við segja hlutfallið eðlilegt miðað við þróun síðustu ára. Enginn þeirra hafði áhyggjur af að þurfa að vísa nemendum frá, enda samræmist slíkt ekki lögum. Árgangurinn sem nú lýkur 10. bekk er í meðallagi stór og því allar líkur á að flestir nemendur fái inni í skóla sem þeir völdu.**

**Forgangur nemenda í framhaldsskóla eftir hverfum var afnuminn í fyrra og gátu nýnemar þá sótt um tvo skóla sem þeir töldu henta best. Hlutfall þeirra sem fengu inni í öðrum hvorum þeim skóla sem þeir höfðu valið var 98 prósent.** - mlþ

Hraðlest á Norðurlöndum:

# Kínverjar vilja fjármagna

**SVÍÞJÓÐ Kínverska ríkisfyrirtækið China National Machinery Import&Export hefur boðist til að taka þátt í fjármögnun hraðlestarkerfis milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.**

**Á viðskiptavef Svenska Dagbladet, sem vitnar í frétt Dagens Industri, kemur fram að fulltrúar kínverska fyrirtækisins hafi kynnt boð sitt á ráðstefnu í síðustu viku. Tilgangurinn er sagður vera að sýna öðrum þjóðum hversu þróuð tækni Kínverja sé og hversu hratt og vel þeir geti byggt.** - ibs

15% minni makrílkvóti:

# Smábátar fá fjórfalt meira

**SJÁVARÚTVEGUR** Makrílkvótinn fyrir sumarið er 123.000 tonn, sem er 15% minna en í fyrra. Helgast sá kvóti af ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Heimildir allra skipaflokka skerðast að undanskildum afla til smábáta sem fjórfaldast á milli ára.

Samkvæmt reglugerð, sem gefin var út í gær, er gert ráð fyrir að 87.303 tonnum verði ráðstafað til útgerða uppsjávarveiðiskipa, 3.200 tonnum er veitt til smábáta, 6.700 tonn koma í hlut ísfiskskipa og tæp 26.000 tonn til frystitogara. - shá

# Býflugur vekja ugg í sumarbústaðahverfi

Hjónum sem ræktað hafa býflugur í bæjarlandi í sumarhúsahverfinu Sléttuhlíð í Hafnarfirði hefur verið gert að færa ræktunina inn fyrir mörk eigin sumarhúsalóðar. Nágrannarnir segjast hræddir við flugurnar og óttast ofnæmisviðbrögð.

**FÓLK** Býflugnarækt sumarbústaðareigenda í Sléttuhlíð ofan Hafnarfjarðar fellur í grýttan jarðveg eigenda næstu bústaða.

Hafnarfjarðarbær heimilaði hjónunum Helga Laxdal og Katrínu Árnadóttur að koma fyrir býflugnabúum í landi bæjarins rétt hjá sumarbústaðarlóð þeirra í Sléttuhlíð. Ræktunin var leyfð í september 2011 og átti leyfið að gilda í eitt ár í tilraunaskyni.

Talsverður fjöldi sumarbústaða er í Sléttuhlíðarhverfinu. Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ hafa borist ábendingar frá nágrönnum sem eru ósáttir við að býflugnabúin séu í almenningnum.

Umkvartanir nágrannanna voru teknar fyrir á fundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar í síðustu viku. Ekki fæst upplýst hjá bænum hverjir það eru en samkvæmt fundargerð vilja þeir býflugurnar burt.

„Kvartað er yfir ónæði frá býflugnabúi, bæði eru menn hræddir við flugurnar og eins eru sumir með ofnæmi,“ segir í fundargerðinni. „Eiganda býflugnabúsins er gert að færa búið inn á sína eigin lóð vegna þessara ábendinga,“ er niðurstaðan.

Þótt sumarið sé enn nokkuð langt undan eru býflugurnar í Sléttuhlíð komnar á stjá og virtust una sér vel í vorsólinni í gær. Um er að ræða tvo klasa af búum sem standa á að giska þrjátíu metra frá mörkum lóðar sumarbústaðar Helga og Katrínar.

Ekki náðist í þau Helga og Katrínu við vinnslu þessarar fréttar í gær en í leyfisumsókn þeirra frá 2011 kemur fram að þau hafi áður verið með býflugnarækt við íbúðarhús sitt. Þau vilji fjölga búunum og hafa þau á svæði þar sem ekki sé úðað með skordýraeitri.

**BÝFLUGNABÚ UTAN LANDHELGI** Hjónin sem eiga sumarhúsið í baksýn þurfa að flytja þetta býflugnabú og annað bú sem er þar rétt hjá inn fyrir lóðarmörkin samkvæmt ákvörðun skipulagsfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **„Þær eru ekki að angra fólk nema farið sé ofan í búin þeirra.**
>
> *Helgi Laxdal og Katrín Árnadóttir býflugnaræktendur.*

„Býflugurnar sem fluttar hafa verið hingað inn undanfarin ár eru frá Álandseyjum og eru mjög gæfar. Þær eru ekki að angra fólk nema farið sé ofan í búin þeirra. Þær fara ekki að matarborði heldur halda sig eingöngu við blómin og hafa engin óþægindi verið af þeim í garðinum hjá mér síðastliðin tvö ár,“ sagði í bréfi hjónanna sem jafnframt undirstrikuðu mikilvægi býflugna fyrir líffræðilegan fjölbreytileika: „Gera má ráð fyrir að gróðurinn í Sléttuhlíðinni muni auðgast verulega með veru býflugnanna þar.“ gar@frettabladid.is

**BÝFLUGURNAR Í SLÉTTUHLÍÐ** Líf er tekið að færast í flugurnar þótt skammt sé liðið á vorið.

KATRÍN

ALLIR VELKOMNIR

MENNTUN TIL FRAMTÍÐAR

**Þér er boðið á opinn stjórnamálafund í kvöld í Hofi á Akureyri**

Opinn fundur um mennta- og skólamál með **Katrínu Jakobsdóttur** mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum allra skólastiga í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri (Hömrum)
**miðvikudagskvöldið 17. apríl kl. 20.**

**Frummælendur auk Katrínar verða:**
Helga María Þórarinsdóttir, leikskólakennari leikskólanum Lundaseli
Rut Indriðadóttir, grunnskólakennari Brekkuskóla
Valdís Björk Þorsteinsdóttir, framhaldsskólakennari Menntaskólanum á Akureyri
Kjartan Ólafsson, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri

**Að loknum framsöguerindum verða fyrirspurnir og umræður.**

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN


Starfshópur um Íbúðalánasjóð leggur til ýmsar breytingar á rekstri sjóðsins:

# Draga verður úr ábyrgð ríkisins

**FJÁRMÁL** Draga þarf úr ábyrgð ríkisins á skuldbindingum Íbúðalánasjóðs. Lagt er til að stofnaður verði heildsölubanki sem hafi með höndum það hlutverk að annast fjármögnun Íbúðalánasjóðs á markaði í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóð og aðra hagsmunaaðila.

Þetta er meðal tillagna starfshóps Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs sem kynntar voru á ríkisstjórnarfundi í gær.

Starfshópurinn telur að Íbúðalánasjóður eigi áfram að starfa í almannaþágu. Það geri hann með útlánum til eigna undir skilgreindum verðmörkum. Jafnframt skuli sjóðurinn jafna aðgengi heimila í landinu að lánsfé á viðráðanlegum kjörum.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði sjálfstæður heildsölubanki. Þannig megi bæta lánskjör lántakenda með aukinni samkeppni á útlánamarkaði auk þess sem dregið er úr ábyrgð ríkisins á framtíðarskuldbindingum Íbúðalánasjóðs þar sem sjóðurinn fjármagni sig á markaði í gegnum heildsölubankann.

Frá árinu 2007 til 2012 jókst rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs úr 945 milljónum króna í 2,7 milljarða. Eiginfjárhlutfall sjóðsins var um síðustu áramót 3,2% en langtímamarkmiðið er 5,0%. - shá

**REYKJAVÍK** Íbúðalánasjóður skal starfa í almannaþágu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ENNEMM / SÍA / NM57675

Silvia er sérfræðingur í lífeyrissparnaði hjá Íslandsbanka. Hún kann þá list að spara en sparar þó aldrei góðu ráðin þegar til hennar er leitað.

# 2% launahækkun strax í dag

## Framtíðarauður VÍB

### Séreignarsparnaðurinn þinn

Mótframlag sem launagreiðandi þinn greiðir á móti þínu framlagi gerir séreignarsparnaðinn að sérlega hagkvæmum kosti því hann hækkar í rauninni launin þín.

Séreignarsparnaður er sparnaðarkostur sem hækkar ráðstöfunartekjur þínar við starfslok. Því fyrr sem þú byrjar að spara því hærri verður inneignin þín þegar þú lýkur störfum.

**Kynntu þér helstu kosti séreignarsparnaðar á islandsbanki.is/sparnadur**

**Sæktu þér 2% launahækkun og tryggðu þér betri kjör við starfslok.**




Dæmi:
**400.000 kr.**
heildarlaun
á mánuði

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

vib

Íslandsbanki

**GENGIÐ**
16.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,37 | 117,93 |
| Sterlingspund | 179,76 | 180,64 |
| Evra | 153,81 | 154,67 |
| Dönsk króna | 20,627 | 20,747 |
| Norsk króna | 20,42 | 20,54 |
| Sænsk króna | 18,371 | 18,479 |
| Japanskt jen | 1,1984 | 1,2054 |
| SDR | 176,9 | 177,96 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
209,8362

Ný skýrsla um stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið:

# Beinn kostnaður 300 milljónir

**EVRÓPUMÁL** Beinn bókfærður kostnaður Íslands við aðildarviðræðurnar við ESB nam rúmum 300 milljónum króna á árunum 2010 til og með 2012. Þó er óbeinn kostnaður þó nokkur. Meðal annars sé kostnaður vegna þýðinga tæpar 600 milljónir, en ESB mun veita styrk að upphæð 720 milljónir króna vegna þýðingarkostnaðar á árunum 2012 til 2014.

Þetta segir í skýrslu utanríkisráðuneytisins um stöðu og framvindu viðræðnanna, en þar segir einnig að þessi kostnaður sé „ríflega“ innan fjárheimilda Alþingis.

Þetta er rakið til þess að aðhaldi hafi verið beitt í ferðalögum og sérfræðiaðstoð.

Hægt var á undirbúningi viðræðnanna í janúar en Ísland hefur nú afhent samningsafstöðu í 29 af 33 samningsköflum. Viðræðum er lokið um ellefu samningskafla og standa yfir um sextán kafla.

- þj

**ESB** Af 33 samningsköflum vegna ESB-aðildar hafa viðræður hafist um 27 þeirra og er lokið í um sextán.

Hvalfjarðargöngin:

# Næturlokun frestað um viku

**SAMGÖNGUR Fyrirhugaðri næturlokun í Hvalfjarðargöngum hefur verið frestað um eina viku. Stefnt er á að lokað verði fyrir umferð tvær nætur í röð, aðfaranótt mánudags 22. apríl og aðfaranótt þriðjudags 23. apríl.**

**Á heimasíðu Spalar kemur fram að leita hafi þurft aðfanga erlendis vegna viðhalds búnaðar en þau ekki borist í tæka tíð. Því hafi verið óumflýjanlegt að fresta lokuninni.**

- hó

**LOÐNA** Aukningu í uppsjávarafla má rekja til meiri loðnuveiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Meira veiddist af loðnu:

# Afli í mars var 207.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenskra skipa í mars nam alls 207.026 tonnum samanborið við 193.340 tonn í mars 2012, samkvæmt frétt Hagstofu Íslands. Botnfiskafli dróst saman um 988 tonn frá mars 2012 og nam rúmum 45.100 tonnum. Þar af var þorskaflinn rúm 25.800 tonn. Ýsuaflinn nam tæpum 5.000 tonnum, sem er rúmum 1.500 tonnum minni afli en í mars 2012.

- shá

**ÖLFUS**

## Tveir útvarpsstjórar ráðnir

Karl og kona sem sóttu um starf útvarpsstjóra Hafnardaga í Ölfusi fá bæði starfið. „Ákveðið var samróma að fá þau bæði til starfa þar sem ljóst er að um mikla vinnu er að ræða,“ segir menningarnefnd Ölfuss.

**LEIÐRÉTT**



Þau leiðu mistök urðu í frétt um málfund Listfræðafélagsins í blaðinu í gær að formaður félagsins var rangfeðraður. Hið rétta er að hann heitir Hlynur Helgason. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Metið hvort fársjúkur svikari þoli framsal til Ungverjalands

Ungverskur íbúi í Ólafsvík var árið 2010 dæmdur í fangelsi fyrir að svíkja ungverska ríkið í viðskiptum tengdum skólphreinsun. Þarlend yfirvöld vilja fá hann framseldan en talið er að ferðalagið gæti riðið honum að fullu.

**DÓMSMÁL** Fársjúkur Ungverji á sjötugsaldri býður þess nú á heimili sínu í Ólafsvík að íslensk stjórnvöld ákveði hvort hann verði framseldur til föðurlands síns. Þar á hann óafplánaðan dóm fyrir að svíkja ungverska ríkið, sem hafði borgað honum fyrir skólphreinsistörf.

Ferenc Kimberger er 66 ára og hlaut árið 2010 fangelsisdóm fyrir fjársvik í viðskiptum sínum við ungverska ríkið nokkrum árum fyrr.

Kimberger rak skólphreinsifyrirtæki, Mélyépszolg Kft., og fékk afnotarétt af ríkisjörðum í skiptum fyrir störf í þágu hins opinbera sem síðan voru aldrei innt af hendi. Auk þess seldi hann hluta af þessu landi, sem hann átti ekki.

Refsingin sem Kimberger fékk er allt að fimm ára fangelsi, en þegar dómurinn gekk var hann hins vegar fjarstaddur. Hann var nefnilega fluttur til Íslands og sestur að í Ólafsvík á Snæfellsnesi, þar sem hann keypti sér hús fyrir nokkrum árum. Hann hefur síðan lifað á greiðslum úr ungverska velferðarkerfinu og reglulega fengið ættingja sína hingað í heimsókn.

Þegar ungversk yfirvöld áttuðu sig á því að þau væru að senda dæmdum manni peninga til Íslands fóru þau að grennslast fyrir um hann og í kjölfarið handtók lögreglan á Snæfellsnesi Kimberger, yfirheyrði og fékk hann í kjölfarið úrskurðaðan í farbann.

Þetta var í október í fyrra. Síðan hefur farbannið margsinnis verið framlengt, síðast ótímabundið, en Kimberger hefur aldrei mótmælt því, enda mun hann engan áhuga hafa á að fara eitt eða neitt.

Fyrirtækið utan um skólphreinsunina varð gjaldþrota árið 2007. Nú er ekki nóg með að ungversk yfirvöld hafi fengið veður af því að Kimberger sé búsettur á Íslandi og vilji fá hann framseldan, heldur vill skiptastjóri þrotabúsins sömuleiðis fá hann í skýrslutöku um hina og þessa gjörninga í rekstri fyrirtækisins fyrir gjaldþrotið.

**HEILNÆMUR STAÐUR** Kimberger líður betur í Ólafsvík en í Suður-Evrópu. Skólpmógúllinn fyrrverandi hefur þess vegna engan áhuga á að láta á það reyna hvort hann ræður við flugferðir um heiminn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framsalsbeiðni ungversku lögreglunnar barst hingað nýlega og er nú til meðferðar í innanríkisráðuneytinu. Lögmaður Kimbergers hefur mótmælt henni og borið við mannúðarsjónarmiðum.

Ástæða búferlaflutninganna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, var nefnilega heilsufarsleg. að minnsta kosti að sögn Kimbergers sjálfs.

Hann er mjög sykursjúkur og hjartveikur og flutti hingað til að komast í loftslag sem hentaði honum betur en hitinn og rakinn sunnar í Evrópu. Núorðið fer hann varla út úr húsi og greinargerð lögmanns hans til ráðuneytisins mun fylgja læknisvottorð þar sem segir afdráttarlaust að ferðalag til Ungverjalands mundi líkast til ríða fjársvikaranum að fullu.

Ekki er vitað til þess að íslensk yfirvöld hafi nokkru sinni hafnað framsalsbeiðni af þessari ástæðu.

stigur@frettabladid.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BREYTINGAR Í VÆNDUM** Í dag og á morgun verður tíðindalítið veður, fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Á föstudaginn snýst vindur í SA-átt og hvessir með vætu sunnan- og vestantil. Jafnframt hlýnar í veðri.

**Á morgun**
Fremur hægur vindur.




**Föstudagur**
Hvessir S- og V-til.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Berlín | 20° | Friedrichshafen | 24° | Las Palmas | XX° | New York | 19° | París | 23° |
| Aþena | 16° | Billund | 14° | Gautaborg | 11° | London | 17° | Orlando | 28° | San Francisco | 19° |
| Basel | 23° | Frankfurt | 23° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 23° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 13 |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Allir vegir færir á Volkswagen

4Motion fjórhjóladrifstæknin frá Volkswagen er hönnuð til þess að auka öryggi í akstri. Hún vinnur með öðrum öryggiskerfum við að meta í sífellu akstursaðstæður hverju sinni. Þegar minnstu hættu verður vart dreifir kerfið afli til þeirra hjóla sem hafa mest veggrip, eykur þannig stöðugleika bílsins og tryggir hámarksstjórn ökumanns við erfiðustu aðstæður. Kynntu þér kosti 4Motion frá Volkswagen og upplifðu hvernig allir vegir verða þér færir.

**Volkswagen Passat Alltrack 4Motion** kostar frá kr. 6.890.000,-
**Volkswagen Tiguan Trend & Fun 4Motion** kostar frá kr. 5.360.000,-
**Volkswagen Touareg V6 BMT 4Motion** kostar frá kr. 12.490.000,-

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## 2013 Norðausturkjördæmi: Efstu menn á lista

**Brynhildur Pétursdóttir**
ritstjóri Neytendablaðsins
- Lærði innanhúshönnun á Ítalíu og er með réttindi sem leiðsögumaður.
- Hefur starfað sem safnstjóri í Nonnahúsi.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
formaður Framsóknar og alþingismaður
- Kjörinn á þing 2009.
- Páttastjórnandi og fréttamaður hjá RÚV 2000 til 2007.

**Kristján Þór Júlíusson**
alþingismaður
- Kjörinn á þing 2009.
- Bauð sig fram í embætti formanns Sjálfstæðisflokksins en tapaði fyrir Bjarna Benediktssyni.

**Kristján L. Möller**
alþingismaður
- Þingmaður frá 2009.
- Bæjarfulltrúi á Siglufirði 1986 til 1998.
- Samgönguráðherra frá 2007 til 2010.

**Steingrímur J. Sigfússon**
atvinnuvegaráðherra
- Þingmaður frá 1983, fjármálaráðherra 2009 út 2011.
- Steig nýverið til hliðar sem formaður Vinstri grænna.

**Aðalheiður Ámundadóttir**
stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri
- Hefur kennt mannréttindi, stjórnskipunarrétt, félagarétt og fleira við lagadeild HA.




Kjörsókn í síðustu kosningum: **85,1%**

Íbúafjöldi: **39.294**

Fjöldi á kjörskrá: **29.049**

**Magnús Þórarinn Thorlacius**
málarameistari

**Brynjólfur Ingvarsson**
læknir

**Baldvin H. Sigurðsson**
matreiðslumeistari

**Sigríður Stefánsdóttir**
fyrrverandi bæjarfulltrúi og verkefnastjóri

**Gísli Tryggvason**
lögfræðingur og talsmaður neytenda

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Laxasteikur í marineringu 1990 kr/kg
Þorskur í karrýlime 1690 kr/kg
Roðlaus/beinlaus ýsuflök 1690 (5lbs í öskju)
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

**STEFNUMÁLIN KYNNT**
Heiða Kristín kynnti flokkinn sinn, sem er að bjóða fram til Alþingis í fyrsta sinn, meðal heimilisfólks á Hjúkrunarheimilinu Eir í gær. „Við leggjum mesta áherslu á að hætta í skammtímalausnum og skammsýni og búa til bjarta framtíð lengur en eitt ár í senn," sagði Heiða í kynningu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIKUTILBOÐ
SPANHELLUBORÐ
30% AFSLÁTTUR
TILBOÐ KR: 97.900.-
ÁÐUR KR: 139.900.-

IT612
Afl: 7,1 Kw
Hraðhitun á öllum hellum (PowerBoost)
Viðvörunarljós um heitar hellur
Barnalæsing
Stærð (BxD) 60x51

5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020
RÖNNING

# Ein heimsókn breytir ekki pólitískri afstöðu

Frambjóðendur Bjartrar framtíðar kynntu helstu stefnumál sín á Hjúkrunarheimilinu Eir í gær. Fréttablaðið slóst með í för og tók íbúa tali. Flestir voru á því að stutt heimsókn stjórnmálaflokka gerði ekki mikið til að breyta afstöðu þeirra.

**2013**

„Ég tók mína ákvörðun þegar ég fékk kosningarétt fyrir áttatíu árum og hef haldið mig við það sama síðan. Engir bæklingar eða kosningaloforð geta látið mig breyta minni afstöðu," segir Svava Ingimundardóttir, 96 ára íbúi á Hjúkrunarheimilinu Eir.

Frambjóðendur Bjartrar framtíðar, þær Heiða Kristín Helgadóttir og Sigrún Gunnarsdóttir, heimsóttu íbúana um hádegisbil í gær.

Svava gefur ekki mikið fyrir þá tegund kosningabaráttu þegar frambjóðendur koma inn á hjúkrunarheimilið til að dreifa bæklingum.

„Það er hundleiðinlegt þegar þessir flokkar koma og skýra frá sínum stefnumálum, svo ég svari fyrir mig. Mér er alveg hjartanlega sama um þá," segir hún. „Svona stutt heimsókn mun heldur aldrei breyta afstöðu minni."

Þær Sigríður Sjöfn Einarsdóttir og Fjóla Bjarnadóttir, íbúar á Eir, könnuðust ekki við Bjarta framtíð sem stjórnmálaflokk en þekktu andlit Róberts Marshall, Óttars Proppé og Jóns Gnarr sem prýddu forsíðu bæklingsins sem Heiða og

**Engir bæklingar eða kosningaloforð geta látið mig breyta minni afstöðu**

Sigrún dreifðu um deildina.

Sigríður og Fjóla ætla báðar að kjósa á föstudag utan kjörfundar og líst ágætlega á fólkið á lista flokksins. „En maður á auðvitað eftir að kynna sér þetta betur," segja þær.
sunna@frettabladid.is

## „Heyrðu vinan, við verðum að fara að herða okkur"

Sigríður Björnsdóttir Bjarklind, 87 ára, og Kristbjörg Bjarnadóttir, 93 ára, komu af fjöllum þegar blaðakona skýrði frá því að stjórnmálaflokkarnir í komandi kosningum væru fimmtán talsins.

„Er það virkilega? Heyrðu vinan, við verðum að fara að herða okkur," segir Sigríður og klappar saman lófum til vinkonu sinnar. „Já, heldur betur," tekur Kristbjörg undir. „Svo heldur maður að það muni engu um þetta eina atkvæði manns, en það gæti nú verið misskilningur þegar svona margir eru í framboði."

Þær gefa ekki mikið fyrir heimsóknir stjórnmálaflokka á Eir. „Það hefur engin áhrif á mína afstöðu, en er reglulega áhugavert engu að síður. Þetta verða spennandi kosningar," segir Kristbjörg. „Við ætlum að kjósa, það er sóun að sleppa því. Það er svo margt sem þarf að laga, sama hver er við völd. En það er vissulega mikið af góðu fólki í framboði hjá flokkunum og maður gæti alveg hugsað sér að kjósa fleiri en einn."

Kosið verður utan kjörfundar á Eir á föstudag.

KRISTBJÖRG BJARNADÓTTIR



SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR BJARKLIND

## → Yfirdráttur frá Gumma og frjáls félagasamtök borga baráttuna

Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, skipar annað sætið í Reykjavík norður. Hún segir það skipta flokkinn máli að kynna sig sem víðast, sérstaklega þar sem hann er að bjóða fram í fyrsta sinn.

„Svo höfum við ekki ráð á sömu auglýsingum og margir aðrir. Við erum að reka okkar kosningabaráttu á frjálsum framlögum og yfirdrætti sem Gummi tók og verðum því að fara út og dreifa bæklingunum handvirkt. Svo er ótrúlega gaman að eiga samtal við alls konar fólk," segir Heiða. Sigrún Gunnarsdóttir skipar fjórða sætið í Reykjavík suður. Hún tekur undir orð Heiðu Kristínar og undirstrikar að aldraðir séu mjög mikilvægur hópur kjósenda.

„Þótt við leggjum áherslu á framtíðina þá er framtíð okkar allra mismunandi löng. Þetta fólk á börn og barnabörn og er án efa umhugað um bjarta framtíð," segir hún.



# TECTONICS

## 18. — 20. APRÍL



# Taka tvö!

Tectonics tónlistarhátíðin er nú haldin í annað sinn og mun Harpa iða af lífi þegar fjölbreytt verk verða kynnt á nýjan og einstæðan máta. Um 200 flytjendur og tónsmiðir koma fram á 24 tónleikum og viðburðum á þremur dögum.

Christian Wolff, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kjartan Sveinsson, Davíð Þór Jónsson, People Like Us, Víkingur Ólafsson, Chen Halevi, Lúðrasveit Æskunnar, Duo Harpverk, Eli Keszler, Hildur Guðnadóttir, Jessika Kenney, Eyvind Kang, Skúli Sverrisson og fleiri.

Á Tectonics renna fjölbreyttar tónlistarstefnur saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

TECTONICS
*Tónlistarhátíð*
*Listrænn stjórnandi* ILAN VOLKOV

*Hátíðarpassi: 5000 kr.*
*Dagpassi: 2500 kr.*

*Miðasala:*
WWW.SINFONIA.IS
WWW.HARPA.IS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM

JÓNSSON & LE'MACKS • JI.IS • SÍA

**SKÓLI** Nemendur úr 9. og 10. bekk fá vinnu í Vinnuskólanum en 8. bekkingar ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skrá nema í vinnuskólann:

## Fá vinnu í þrjár vikur í sumar

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg hefur nú opnað fyrir skráningu grunnskólanemenda í Vinnuskóla borgarinnar. Allir nemendur sem sækja um fá vinnu í þrjár vikur í sumar, en vinnunni er skipt niður á tvö tímabil svo ekki vinna allir sömu þrjár vikurnar.

Nemendur úr 9. og 10. bekk geta skráð sig í skólann fram til föstudagsins 17. maí. Nemendur úr 8. bekk fá ekki vinnu hjá borginni í sumar, að því er fram kemur á vef borgarinnar.

Áætlað er að um 1.600 nemendur komi til starfa í Vinnuskólanum í sumar. Skráning fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík. - bj

**STJÓRNSÝSLA**

### Stefna um upplýsingar

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kynnti nýja stefnu í ríkisstjórn í gær um upplýsingasamfélagið 2013 til 2016. Stefnan er unnin í samvinnu ríkis og sveitarfélaga og lýtur að rafrænni stjórnsýslu og framboði og notkun á opinberri þjónustu á netinu.

# Innflytjendur fjórðungur íbúanna í Efra-Breiðholti

Íbúar í höfuðborg Íslands eru nú af um 130 þjóðernum. Hlutfall innflytjenda af Reykvíkingum er 11,1 prósent, tvöfalt hærra en fyrir áratug. Hlutfallið er afar mismunandi eftir hverfum. Hæst er það í dreifbýli Kjalarness.

**LÝÐFRÆÐI** Af tæplega 120 þúsund íbúum Reykjavíkur eru innflytjendur nú yfir þrettán þúsund talsins. Þetta þýðir að hlutfall innflytjenda í borginni er nú 11,1 prósent miðað við 5,5 prósent fyrir tíu árum. Hlutfall innflytjenda á landinu í heild er nú níu prósent.

Í Reykjavík búa nú 119.764 manns samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Af þeim eru innflytjendur 13.295. Þeir eru af um 130 skilgreindum þjóðernum. Langfjölmennastir eru Pólverjar. Þeir eru nú alls 3.077. Árið 2003 voru Pólverjar í Reykjavík hins vegar 367 talsins. Næstfjölmennastir eru Litháar en þeir eru nú 824 í borginni miðað við 200 fyrir tíu árum. Nokkrar þjóðir eiga síðan á fjórða hundrað fulltrúa í Reykjavík. Það eru Danir (359), Þjóðverjar (348), Bandaríkjamenn (347), Filippseyingar (338) og Bretar (321).

Mikill munur er á hlutfalli innflytjenda eftir hverfum Reykjavíkur. Hæst er það í dreifbýlishluta Kjalarness þar sem innflytjendur eru 103 af 301 íbúa. Flestir þar starfa á svína- og hænsnabúum. Hlutfall þeirra í dreifbýli Kjalarness er því 34,2 prósent.

Af fjölmennari hverfum borgarinnar stendur Efra-Breiðholt langt upp úr hvað hlutfall innflytjenda varðar. Þar eru innflytjendur 2.134 af 8.679 íbúum hverfisins. Hlutfall þeirra í Efra-Breiðholti er þannig 24,6 prósent. Það var 7,4 prósent fyrir tíu árum. Í miðbænum er hlutfallið 19,1 prósent.

Nokkur hverfi skera sig úr með því að hafa fáa innflytjendur. Lægst er hlutfallið í Staðarhverfi í Grafarvogi. Þar eru innflytjendur alls 24 af 1.247 íbúum hverfisins og hlutfall þeirra 1,9 prósent. Hverfi þar sem innflytjendur eru undir fimm prósentum eru Grafarholt-Vestra (2,8), Norðlingaholt (3,4), Úlfarsárdalur (3,8), Fossvogur (4,2), Víkurhverfi (4,3) og Borgarhverfi (4,4).

gar@frettabladid.is

### Hlutfall innflytjenda í hverfum Reykjavíkur




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS


ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Gefur út vegabréf, nafnskírteini og nú Íslykil

1918 1965 2013

Íslykill
- nafnskírteini þitt á netinu

Íslykill veitir þér aðgang að einstaklingsmiðaðri þjónustu fjölmargra sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja á netinu. Íslykill er ókeypis og þú getur pantað hann strax á Ísland.is.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND | skra@skra.is | www.skra.is | island.is

12042013 RRS

# Til hamingju!

**IKEA**, **ISS** og **Íslenska gámafélagið** hafa nú fengið Jafnlaunavottun VR, fyrst fyrirtækja á Íslandi.

Við óskum fyrirtækjunum til hamingju með framsækni og kjark, og við óskum þeim 1300 konum og körlum sem hjá þeim starfa til hamingju með vinnustaðinn sinn.

IKEA ISS ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Óútskýrður launamunur kynjanna innan VR er nú 9,4%. Með Jafnlaunavottun VR geta fyrirtæki látið gera úttekt á því hvort innan þeirra veggja sé verið að greiða misjöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. **Leiðréttum launamun kynjanna.**

***jafnlaunavottun.vr.is***

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

**Virðing**
**Réttlæti**

VR

# LÍFEYRISKERFIÐ
## – OKKAR EIGN OG ÁHÆTTA

Rannsóknarsetur Háskólans í Reykjavík í áhættustjórnun, Stiki og Landssamtök lífeyrissjóða halda ráðstefnu um áhættustjórnun **fimmtudaginn 18. apríl kl. 12:30–16:30**.

Áhættustjórnun er eitt umtalaðasta fræðasvið samtímans. Áhættustjórnun felst í að greina fyrirfram hvað kann að fara úrskeiðis, meta hættuna til tölulegra stærða og taka til viðeigandi varna eftir atvikum. Lífeyriskerfi Íslendinga hefur lengi verið talið til fyrirmyndar en hefur samt ekki verið ónæmt fyrir áhættu og óvissu. Þá steðja margvíslegar hættur að kerfinu í næstu framtíð.

12:30 Afhending ráðstefnugagna

13:00 **Setning ráðstefnu**
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

13:10 **Lífeyriskerfið – okkar eign**
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

13:30 **Tilmæli FME er varða áhættustýringu lífeyrisssjóða**
Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur í áhættugreiningu Fjármálaeftirlitsins

14:00 **Jafnvægisstærð lífeyrissjóðakerfisins**
Lúðvík Elíasson, sérfræðingur á sviði fjármálastöðugleika, Seðlabanka Íslands

14:30 **Við lifum lengur en hvað kostar það og hver borgar fyrir það?**
Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

15:00 Kaffihlé

15:30 **Áhættur í lífeyriskerfinu**
Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur

16:00 **Notkun líkana til að stýra áhættu lífeyrissjóða**
Sverrir Ólafsson, prófessor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík

16:30 Ráðstefnu slitið

**Ráðstefnustjóri:** Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarformaður Stika og formaður Samtaka iðnaðarins.
**Hvar:** Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu V101 á 1. hæð.
Skráning: **skraning@hr.is**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
Stiki
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
hr.is





**DÚBAÍ** Margar byggingar voru rýmdar vegna skjálftans í nágrannalöndunum, meðal annars í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. NORDICPHOTOS/AFP

Búist við að fleiri finnist látnir:

# Tugir látnir eftir jarðskjálfta í Íran

**ÍRAN, AP** Tugir hafa látist eftir jarðskjálfta sem reið yfir Íran og Pakistan í gær. Fréttir voru óljósar í gærkvöldi og ekki vitað hversu margir létust.

Alls eru 34 sagðir hafa látist í bænum Mashkal í Pakistan og áttatíu slösuðust. Upphaflega var greint frá því að minnst 46 hefðu látist í Íran, en í gærkvöldi höfðu þær fregnir að einhverju leyti verið dregnar til baka. Um þrjátíu eru sagðir slasaðir. Mikill fjöldi bygginga hrundi til grunna.

Íbúi í borginni Saravan, sem er í nágrenni við upptök skjálftans í Íran, sagði við breska ríkisútvarpið í gær að fjöldi fólks hefði slasast í nálægu þorpi. Meiðslin væru aðallega beinbrot, en að erfitt væri að komast þangað og fólk hefði enga sérfræðihjálp fengið.

Rauði hálfmáninn í Íran sendi tuttugu lið leitarmanna og þrjár þyrlur á svæðið í Íran, en samgöngur þangað eru slæmar. Svæðið er nú án sambands við umheiminn, en það sama átti að hluta við um Pakistan.

Skjálftinn var 7,8 á Richter og var því sterkasti skjálfti sem riðið hefur yfir Íran í meira en fimmtíu ár. Hann varð um klukkan ellefu í gærmorgun að íslenskum tíma, um klukkan 15 að staðartíma, og stóð í um 40 sekúndur. Upptökin voru í nágrenni við borgina Khash, í suðausturhluta landsins, nálægt landamærunum við Pakistan. Skjálftinn fannst einnig mjög vel í Indlandi og Mið-Austurlöndum. Margar byggingar voru rýmdar í borgum í þessum löndum. „Þetta var mjög ógnvekjandi, þegar við urðum vör við skjálftann þá hlupum við bara beinustu leið niður," sagði Guðrún Sif Pétursdóttir, Íslendingur sem býr í Dubai, við Vísi í gær. Hún sagði fjölda fólks hafa flykkst út á götur og fólk hafi verið hrætt.

**7,8** á Richter mældist skjálftinn og er sá sterkasti sem riðið hefur yfir Íran í hálfa öld.

Innan við vika er frá því að annar skjálfti upp á 6,3 reið yfir Íran og varð 37 manns að bana. Skjálftinn í gær átti hins vegar upptök sín á mun strjálbýlla svæði auk þess sem hann varð á miklu dýpi. Ástandið hefur hins vegar vakið athygli á því hversu berskjaldað landið er fyrir hamförum af þessu tagi. - þeb


www.volkswagen.is

Volkswagen Amarok

# Fágaður og fullur af orku

Volkswagen Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls og býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fjölbreyttan lífsstíl.

Eyðsla 7,4 lítrar/100km.*

**Amarok Double Cab 2.0 TDI kostar frá**

**7.590.000 kr.**
**(6.047.809 kr. án vsk)**

*Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Amarok Double Cab 2.0 TDI

Atvinnubílar

**Komdu í reynsluakstur**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# 17.-24. apríl 2013
# VERÐFALL VIKUNNAR

## AEG
**L-60660FL Þvottavél**
Nýjasta gerðin frá AEG Neue Kollektion með OptiSense þvottatækni og A++ orkunýtni
- **1600 sn.** hraðþvottavél með stillanlegum vinduhraða og A einkunn
- Sérstök blettameðhöndlun
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður
- **Fjöldi sérkerfa** m.a. sparnaðarkerfi, galla-buxnakerfi, 20 mín. kerfi og ullar- og handþv.kerfi
- Aqua control vatnslekavörn
- Ofnæmisskolun
- A++/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottahæfni og þeytivindu

1600 SNÚNINGA · 6 KG · AAA EINKUNN

VERÐFALL KR. **124.900** FRJÁLST VAL!

## AEG
**T-71270AC Barkalaus þurrkari**
Barkalaus þéttiþurrkari með ProTex Plus tromlu sem verndar fatnaðinn og lágmarkar slit
- Fullkominn **rakaskynjari** - engin hætta á ofþurrkun
- **XL 7 kíló** ProTex tromla
- **Sérstök hljóðeinangrun**
- **16 mismunandi þurrkkerfi** þ.á.m. fyrir ull, sængur og íþróttafatnað
- Stór upplýsingaskjár með LED
- **Orkuflokkur B** = sparneytinn
- Hljóðmerki þegar þurrki lýkur

XL 7 KG · BARKA-LAUS · RAKA-SKYNJARI

## Electrolux
**ESL-76200LO uppþvottavél**
Alinnbyggð uppþvottavél með skjá að ofanverðu og framstilltri ræsingu.
- 5 þvottakerfi m.a. hraðkerfi, sjálfvirkt kerfi, erfiðiskerfi og forskolun
- Hitastig 45-70°C
- A/A/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk
- Stjórnborð að ofanverðu
- HxBxD: 82-88 x 59,5 x 57 cm
- Fullt verð **109.900**

KLÆÐANLEG

KYNNINGARVERÐ KR. **89.900** SPARAÐU 20.000

3xA EINKUNN · HRAÐ-VAL

FYRIR 4

VERÐFALL KR. **39.900** SPARAÐU 10.000

HRAÐ-VAL · 47 CM HÁ · 57 CM BREIÐ

## exquisit
**GSP-7BSOE Borðuppþvottavél**
Ný borðuppþvottavél með fimm þvottakerfum Tekur borðbúnað fyrir allt að 4
- 4 þvottakerfi; Almennt kerfi, erfiðiskerfi, hraðkerfi og skolun
- 3 í 1 aðgerð fyrir töflur
- HxBxD: 46,5 x 57 x 48 cm
- Fullt verð **49.900**

185 CM HÁR

VERÐFALL KR. **59.900** SPARAÐU 10.000

## exquisit
**KS-251RVA Kæliskápur**
Rúmmál kælis 250 lítrar. Orkuflokkur A+
Sjálfvirk afþíðing í kæli
- Kælivifta
- HxBxD: 144 x 55 x 58 cm
- Fullt verð kr. **69.900**

200 CM HÁR

KYNNINGARVERÐ KR. **99.900** SPARAÐU 30.000

## exquisit
**KGC-39A Kæli- og frystiskápur**
Rúmmál kælis 211 lítrar og 61 lítra frystir (nettó)
- Orkuflokkur A+
- LED lýsing
- HxBxD: 200 x 59,5 x 62 cm
- Fullt verð kr. **129.900**

TOPPMÓDEL

**11.242** 25% AFSLÁTTUR

NÝTT!

**5.242** 25% AFSLÁTTUR

## Electrolux
**ESTM-5600 Töfrasproti**
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. **Stálfótur** sem þolir að fara í heitan pott. **Þeytari, hakkari og skál** fylgir. Fullt verð kr **14.990**

ALLIR TÖFRASPROTAR **25% AFSLÁTTUR**

## TRISTAR
**BR-2122 Brauðrist burstað stál**
Ein vinsælasta brauðristin okkar
Kalt ytra byrði n
Stopp hnappur
Rafeindastýrð ristun
Nákvæmur ristunarstillir
Mylsnubakki
Fullt verð kr. **4.990**

VERÐFALL KR. **3.990** 20% AFSLÁTTUR

**3.495** 50% AFSLÁTTUR

WG-2423 Stafræn baðvog
burstað stál
Fullt verð kr **6.990**

**1.995** 50% AFSLÁTTUR

KW-2535 Stafræn eldhúsvog 5 kg
Fullt verð kr **3.990**

**3.495** 50% AFSLÁTTUR

10003048 Blóð-þrýstingsmælir
Fullt verð kr **6.990**

# 50% AFSLÁTTUR

## AEG
**AJM-68FD1 Dust & Go ryksuga**
Dust&Gone ryksuga með **innbyggðum afþurrkunarkústi** sem kemst jafnvel á erfiðustu staði.
- Þvoanlegur **HEPA13 öragna** filter
- S-Bag örtrefjapoki
- **8 metra snúra** - 11 metra vinnuradíus
- **JetMaxx** pokakarfa sem tryggir óhindrað loftflæði
- Sérstakur parkethaus fylgir ásamt mjóu
- Fullt verð kr **29.990**

**24.990** SPARAÐU 5.000

## Electrolux
**ZB-2806 Léttryksuga**
Léttryskuga með skafti.
- **Hlaðanleg** og án snúru.
- Stór rykgeymir
- Enginn poki
- Hleðsla endist í 20 mínútur
- Mótordrifið munnstykki með bursta
- Cylconic sía sem mettast ekki
- Fullt verð kr **18.990**

**14.990** SPARAÐU 4.000


Rafha ehf

**Opið**
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# Naglasprengjur í hraðsuðupottum

Sprengjurnar tvær í Boston-maraþoninu á mánudag voru faldar í hraðsuðupottum ofan í íþróttatöskum. Í sprengjunum var mikið af nöglum og öðru sem olli fólki miklum skaða. Enginn hafði verið handtekinn vegna málsins í gær.

**BANDARÍKIN** Sprengjurnar tvær sem urðu þremur að bana og særðu yfir 140 manns í Boston voru í hraðsuðupottum ofan í svörtum íþróttatöskum, að sögn AP fréttastofunnar.

Enginn hafði verið handtekinn vegna málsins í gærkvöldi. Aðfaranótt þriðjudags leitaði lögregla í íbúð ungs nema frá Sádi-Arabíu, sem einnig ræddi við lögreglu. Hann er á spítala vegna meiðsla sem hann hlaut í annarri sprengingunni. Ekkert grunsamlegt er sagt hafa fundist á heimili mannsins.

„Þetta verður alþjóðleg rannsókn. Við munum fara heiminn á enda til að finna þann eða þá sem bera ábyrgð á þessum fyrirlitlega glæp," sagði Richard DesLauriers, yfirmaður FBI í Boston, á blaðamannafundi í gær.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi einnig nokkrum sinnum við blaðamenn. Hann sagði árásirnar „grimmilegar og heigulslegar" og að málið væri rannsakað sem hryðjuverk. „Það mun taka tíma, en við munum finna hvern þann sem skaðaði borgara okkar og við munum sækja þá til saka." Forsetinn sagði einnig að bandarískur almenningur neitaði að láta hræða sig með þessum hætti. „Ef fólk vill vita hvernig við erum, hvernig Bandaríkin eru, hvernig við svörum illsku, þá er svarið svona – af ósérhlífni, samúð og óhrædd."

Læknar á sjúkrahúsum í Boston greindu einnig frá því í gær að þeir teldu að nöglum og öðrum litlum oddhvössum hlutum hefði verið komið fyrir í sprengjunum, til þess að valda enn meiri skaða en ella. Allt að þrjátíu slíkar agnir hafa fundist í fólki. „Mín skoðun er sú að mest af þessu hafi verið í sprengjunum. Ég tel ólíklegt að það væri svona mikið af eins brotum ef þetta hefði komið úr umhverfinu," sagði George Velmahos, yfirlæknir slysadeildar Massachusetts General spítalans í gær.

Enn eru yfir hundrað manns á spítölum í borginni og að sögn lækna hafa margir misst útlimi og aðrir eiga enn á hættu að missa útlimi.

Lögregla hefur greint frá því að engar aðrar sprengjur hafi fundist í borginni, þrátt fyrir að fyrstu fréttir hafi hermt að tvær sprengjur til viðbótar hefðu fundist ósprungnar. „Það er mikilvægt að árétta að tvær, og aðeins tvær, sprengjur fundust," sagði ríkisstjórinn Deval Patrick einnig.

thorunn@frettabladid.is

## Sprengingar í Boston




GRAPHIC NEWS

## Öryggisgæsla aukin víða um heim

Svæðið í kringum sprengingarnar í Boston var lokað í gær og verður líklega áfram. Þá var mun meiri öryggisgæsla víða í borginni en venja er, meðal annars í lestum.

Í öðrum stórborgum, til dæmis New York og Washington, hefur öryggisgæsla verið aukin.

Búist er við því að 37 þúsund manns hlaupi í maraþoninu í London á sunnudag. Lögregla þar hefur ákveðið að auka öryggisgæslu í borginni fyrir maraþonið, en einnig verður meiri öryggisgæsla við útför Margrétar Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra, sem fer fram í dag. Verið er að yfirfara eftirlitsmyndavélar á fjölförnum stöðum í borginni til þess að sjá til þess að þær virki fyrir maraþonið. Þá eru maraþon haldin víða um heiminn um helgina, meðal annars í Belgrad í Serbíu, þar sem verið er að skoða öryggismál. Þá hafa Rússar greint frá því að á næstunni verði sérstök gæsla á stórum íþróttaviðburðum.

## Alvöruþrungið andrúmsloft í Boston

„Þetta var erfið stund fyrir okkur systkinin, eins og fyrir alla sem þarna voru. Það var erfitt að bíða þess að fá staðfest að enginn væri slasaður eða þaðan af verra," segir Magnús Þór Jónsson maraþonhlaupari, sem var nýkominn í endamark Boston-maraþonshlaupsins þegar sprengingarnar urðu á mánudag. Hann þurfti að bíða þess í allnokkra stund að fá vitneskju um hvort systkini hans, Ingibjörg og Jón, væru heil á húfi, en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var Ingibjörg við endamarkið þegar ósköpin riðu yfir.

Magnús segir að andrúmsloftið í Boston sé sérstakt, enda „lögregla úti um allt sem stendur vörð". Fólk er dofið, segir Magnús Þór og ekkert vart við þá gleði sem fylgir atburðum sem þessum. „Það er alvöruþrungið andrúmsloft í borginni. En það sem ég mun alltaf muna eftir er hvað allir voru hjálplegir, það var einstakt," segir Magnús Þór.

## LANDIÐ

### Tilboð í Norðfjarðargöng opnuð

**1** Tékkneska fyrirtækið Metrostav og Suðurverk hf. áttu lægsta tilboðið í gerð Norðfjarðarganga, 9,3 milljarða. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 9,547 milljónir en tilboðið var 97,3% af kostnaðaráætlun. Von er á að tilboðinu verði tekið enda fór fram forval áður en verkið var boðið út. Austurglugginn sagði frá. Framkvæmdir eiga að hefjast í ágúst og ljúka árið 2016.

### Sameinast um hjúkrunarheimili

**2** Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HV) og Ísafjarðarbær hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að HV muni taka að sér rekstur á Hjúkrunarheimilinu Eyri fyrir Ísafjarðarbæ. Undirbúningur að byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis er í fullum gangi og útboð verður væntanlega auglýst innan skamms.

### Kolmunnavertíð á fullu

**3** Uppsjávarveiðiskip HB Granda komu öll til Vopnafjarðar um helgina eftir fyrstu veiðiferðina á kolmunnamiðin djúpt suður af Færeyjum. Samtals bárust liðlega 5.000 tonn af kolmunna til Vopnafjarðar af þremur skipum. Markmiðið er að kvótinn dugi í 30 til 40 daga. Þá verður hlé gert á veiðum þar til veiðar hefjast á makríl og norsk-íslenskri síld um mánaðamótin júní og júlí.

Framkvæmdastjórar stofnana vilja að fólki sé komið til bjargar:

# SÞ segir nóg komið í Sýrlandi

**SÝRLAND** Allir pólitískir leiðtogar og aðrir sem tengjast stríðinu í Sýrlandi eru beðnir um að nota áhrif sín til að bjarga fólki í Sýrlandi og bjarga svæðinu öllu frá stórkostlegum hörmungum.

Þetta kemur fram í harðorðu ákalli frá öllum framkvæmdastjórum stofnana Sameinuðu þjóðanna, sem var birt í gær. „Við leiðtogar stofnana Sameinuðu þjóðanna, sem berum ábyrgð á að sinna afleiðingum þessa harmleiks, sárbænum þá pólitísku leiðtoga sem eiga hlut að máli að gangast við ábyrgð sinni gagnvart fólkinu í Sýrlandi og framtíð svæðisins," segir í yfirlýsingunni sem var birt í fjölmiðlum í gær. Samhliða því var ákalli dreift í gegnum Youtube, en þessu er beint að stríðandi fylkingum og leiðtogum ríkja sem geta haft áhrif.

Framkvæmdastjórarnir minna á að nú hafi átök staðið yfir í rúm tvö ár og 70 þúsund manns séu látnir. Þá hafi yfir fimm milljónir þurft að flýja heimili sín, skólum, sjúkrahúsum og samfélögum hafi verið eytt og vatnsveitur eyðilagðar. „Í nafni allra þeirra sem hafa þjáðst svo mikið og hinna fjölmörgu sem horfa fram á ótrygga framtíð: Nóg komið!" - þeb

### Íslensk söfnun fyrir Sýrland

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, stendur fyrir neyðarsöfnun fyrir Sýrland um þessar mundir. Samkvæmt UNICEF hefur milljónum manna verið veitt hreint vatn í gegnum umfangsmikið starf stofnunarinnar í Sýrlandi. Að auki hafa 550 þúsund börn verið bólusett gegn lífshættulegum sjúkdómum undanfarnar vikur. Upplýsingar um söfnunina má finna á heimasíðu UNICEF.

Ögmundur Jónasson kynnti hugmynd um hugmyndasamkeppni í ríkisstjórn:

# Nýtt hlutverk fundið á Níuna

**SKIPULAGSMÁL** Ögmundur Jónasson kynnti á ríkisstjórnarfundi í gær hugmynd um að efnt yrði til hugmyndasamkeppni um framtíð Hegningarhússins við Skólavörðustíg í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fangelsisstarfsemin í Hegningarhúsinu verði lögð af þegar nýtt fangelsi á Hólmsheiði tekur til starfa.

Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins kemur fram að áhugavert sé að gefa því gaum hvernig húsið verði best nýtt í framtíðinni og nauðsynlegt sé að slík hugmynd sé rædd við Reykjavíkurborg, húsafriðunarnefnd, ferðaþjónustuna, menningarsamtök og aðra aðila sem gætu lagt fram hugmyndir. Því sé sú hugmynd sett fram að sem fyrsta skref verði efnt til opinnar hugmyndasamkeppni um notkun hússins. Að fengnum tillögum yrðu þær faldar starfshópi ýmissa aðila til frekari úrvinnslu.

Jafnframt þurfi að móta og ákveða hvort ríkisstjórnin hafi áfram eignarhald eða hvort eðlilegt sé að Reykjavíkurborg kæmi þar að málum. - hó

**GAMALT** Hegningarhúsið á Skólavörðustíg er elsta fangelsið á Íslandi. Það er oft kallað Nían.

Konur þurfa ekki að láta standa upp fyrir sér:

# Margrét Thatcher, konur og við hin

Kvenkyns stjórnendur eru með 188 þúsund krónum lægri laun en karlar samkvæmt launakönnun Hagstofu Íslands. Vinnutíminn er svipaður, segir í könnuninni, en samt fá karlarnir 964 þúsund að meðaltali á mánuði en konurnar 745 þúsund. Þetta er hinn svokallaði óútskýrði launamunur sem okkur gengur hægt að útrýma þrátt fyrir góð fyrirheit.

**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Á toppi metsölulista New York Times trónir nú bókin Lean In eftir Sheryl Sandberg. Hún er ein af æðstu stjórnendum Facebook, en áður en hún byrjaði þar tók hún þátt í að gera Google að stórveldi. Samkvæmt lista Forbes eitthvert árið var hún sögð fimmta valdamesta kona veraldar.

Bókin er gott innlegg í umræðu um jafnréttismál og ætti að vera skyldulesning fyrir sem flesta, bæði karla og konur. Sandberg hefur fengið á sig svipaða gagnrýni og flestar konur sem ná mjög langt. Hún er sögð óvægin og hörð af sér. Henni finnst konur almennt ekki taka það sem þeim ber af ótta við dóm samfélagsins.

Og dómur samfélagsins er harður. Þegar Sheryl stýrði innkomu Facebook á hlutabréfamarkað skrifaði New York Times að hún hefði verið „heppin“ og haft „valdamikla lærifeður“. Þetta hefði ekki verið skrifað ef Sheryl væri karl.

Við dæmum kvenkyns stjórnendur miklu harðar en karlmenn í sömu stöðu, segir Sheryl. Þannig er oft illa talað um Margréti Thatcher hér heima en það er rekinn sérstakur Churchill-klúbbur til að rækta minningu þess fyllirafts. Við tölum um kænsku hans og hörku þegar hann hrifsaði völdin af Chamberlain og sigraði nasista Þýskalands. Thatcher var hins vegar heppin þegar hún bjargaði sér með Falklandseyjastríði og var uppnefnd járnfrúin fyrir að taka af skarið í mörgum málum.

Nú í miðri kosningabaráttu tala margir vel um Katrínu Jakobsdóttur. Hún þykir koma geysilega vel fyrir og er kurteis og góð stúlka. Beið meira að segja þar til Steingrímur J. Sigfússon stóð loksins upp fyrir henni og bauð henni formannssætið. Ætli við myndum tala jafnvel um Katrínu Jakobsdóttur ef hún hefði sýnt frumkvæði og ýtt Steingrími til hliðar?

Fólki líkar illa við konur sem taka af skarið. Í bók Sandberg vitnar hún í rannsókn sem gerð var í háskóla í Bandaríkjunum. Rannsakendur skrifuðu upp sögu konu sem naut mikillar velgengni sem frumkvöðull í viðskiptum. Þau kynntu sögu hennar fyrir tveimur hópum og sögðu öðrum hópnum að konan væri karl. Sá hópur komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri frábær karl en í hinum kynntist hópurinn leiðinlegri og frekri konu.

Við erum komin skammt á veg eins og launamunur kynjanna sýnir svo glögglega. Um helgina beið önnur íslensk stjórnmálakona eftir að karl byði henni sætið sitt. Fólki mun líka vel við hana þegar hann stendur loks upp fyrir henni. Hrifsi hún til sín sætið munu íslenskir kjósendur líklega uppnefna hana og finnast hún frek og leiðinleg. Þessu verðum við að breyta.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Frumkvæðið tekið**

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ritaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann bauð öðrum stjórnmálaflokkum, ekki síst Framsóknarflokknum, samvinnu um lausnir á skuldavanda heimilanna. Þær felast í lögum á gróða bankanna, ofsagróða segir Össur, og skatt á allar skuldir fjármálafyrirtækja. Þetta er nokkuð sérstakt útspil hjá Össuri, sem virðist að hans eigin frumkvæði. Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir á bloggsíðu sinni: „Hér hefur einn af reyndustu stjórnmálamönnum landsins tekið frumkvæði fyrir hönd Samfylkingarinnar í heitasta máli kosningabaráttunnar ...“ Vaninn er að frumkvæði í jafn stórum málum komi frá forystu flokka, en sú virðist ekki vera raunin í þetta skiptið.

**Fagur nakinn kroppur**

Viðbrögðin við grein Össurar voru misjöfn – og ekki endilega mikil. Varaformaður Vinstri grænna, Björn Valur Gíslason, lét þó ekki á sér standa, sagði Össur vera í makavali eftir kosningar og hann væri að „bera sinn fagra kropp“ fyrir Framsóknarmaddömuna. Nú er að sjá hvernig Sigmundi Davíð líkar nakinn kroppur Össurar.

**Boðar hækkun sóknargjalda**

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra flutti ávarp við setningu prestastefnu í gær. Varð honum ýmislegt að umræðuefni, siðferðið, menning og tilfinningalegur skilningur, sem og sóknargjöld kirkjunnar. Sagði hann þau hafa verið skorin meira niður en nánast alla aðra þætti í rekstri, en nú horfði til betri tíma og sóknargjöldin yrðu færð í rétt horf, sem sagt hækkuð. Nú er að sjá hvernig þau tíðindi fara í mögulega kjósendur Vinstri grænna, sem hafa ekki endilega verið hrifnastir allra af þjóðkirkjunni og framlögum til hennar.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR

# Skuldir í dag eru skattar á morgun

**FJÁRMÁL**

**Heiðar Guðjónsson**
hagfræðingur

Helsta auðlind Íslands er þjóðin sjálf. Öfugt við gömlu Evrópu, þar sem fleiri verða á eftirlaunum árið 2020 en vinna, er íslenska þjóðin enn að vaxa og dafna og vinnusemi landsmanna er mikil. Framtíðin stendur og fellur með því hvort svo verði áfram.

Íslenska ríkið er mjög skuldsett og skuldar um 2.100 milljarða króna. Mikið af þessum skuldum komu til við að greiða fyrir þjónustu og framkvæmdir sem ekkert nýtast komandi kynslóðum. Það má því segja að um sé að ræða skuldir sem eldri kynslóðir tóku, á kostnað hinna yngri. Skuldir ríkisins hverfa ekki, og ríki geta ekki farið á hausinn, heldur þarf við þjóðargjaldþrot að endursemja við kröfuhafa. Þannig voru skuldir Sovétríkjanna, eftir hrun þeirra, losaðar af Eystrasaltsríkjunum, Georgíu og Aserbaídsjan og Rússland tók þær yfir, eftir að endursamið hafði verið um fjárhæð og afborganir við lánardrottna. Enn eru útistandandi skuldir Napeóleons sem franska ríkið þarf að greiða af.

**Skuldir í arf**

Unga fólkið á Íslandi fær skuldir í arf. Þær nema um 21 milljón króna á hvern þeirra 100 þúsund einstaklinga sem eru á aldrinum 15-25 ára. Þetta eru skuldir sem þarf að greiða af í gegnum skatta. Þessi greiðslubyrði bætist á unga fólkið sem á þegar í erfiðleikum með að verða sér úti um heimili, sem kosta um það bil sömu fjárhæð. Unga fólkið er því að borga af tveimur húsum, ef svo má segja, þegar það flytur að heiman og fer að afla tekna. En annað húsið fær það aldrei að sjá eða koma í.

Í Evrópu og eldri samfélögum er ungt fólk farið að flytja annað, frekar en að taka á sig skuldabyrði eldri kynslóða. Það þarf að fyrirbyggja þá hættu hér á landi, það er frumskilyrði hagsældar á Íslandi.

Vefsíðan www.rikid.is er ný vefsíða Rannsóknarseturs um samfélags- og efnahagsmál. Þar getur fólk reiknað út skattbyrði sína og hlut í að greiða niður áfallnar skuldir á næstu árum. Eins er hægt að skoða ríkisreikninginn og skera niður, eða bæta við útgjaldaflokka, til að átta sig betur á því hvað fylgir því að vera skattborgari á Íslandi.

Það er von okkar að þessi vefur sé innlegg í upplýsta umræðu um ríkisfjármál á Íslandi. Sterkasta vopnið gegn umframkeyrslu stjórnvalda er að kjósendur veiti stjórnmálamönnunum aðhald. Þá er von til þess að loks fari einhverjir stjórnmálamenn að lofa því að spara en ekki bara að eyða.

VIÐ VILJUM VITA

MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.

KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM SAMNINGINN.

JAISLAND.IS

Já! ÍSLAND

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

# Vinstri – græn setja framtíð skólastarfs á oddinn

STJÓRNMÁL

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra og formaður VG

Eitt af mikilvægustu málunum sem kosið verður um nú í vor er framtíð skólastarfs á Íslandi. Vinstri græn setja það mál á oddinn og hafa kynnt áætlun um hvernig aukið fé verður tryggt til uppbyggingar skólakerfisins á næsta kjörtímabili.

Framhaldsskólarnir hafa búið við erfið kjör seinustu ár. Starfsmenn þeirra hafa líka sýnt mikinn skilning og langlundargeð því að fjármagn hefur ekki fylgt nýjum framhaldsskólalögum sem voru samþykkt áður en núverandi ríkisstjórn tók við. Á sama tíma hafa framhaldsskólarnir opnað dyr sínar fyrir fólki sem ákveðið hefur að sækja sér menntun á krepputímum, t.d. vegna atvinnumissis. Á næstu árum verður hins vegar lag að bæta úr þessu og efla framhaldsskólana. Í skólunum vinnur öflugt fagfólk sem á skilið að njóta betri kjara og það er okkar ábyrgð að lyfta kennarastéttinni ef okkur er annt um menntun íslenskra barna og ungmenna.

Íslenskir háskólar hafa ekki heldur farið varhluta af aðhaldi í ríkisrekstri eins og kom meðal annars fram í fréttum á dögunum um að sárafá akademísk störf hafi bæst við hjá Háskóla Íslands þó að fjölgun nemenda nemi þúsundum. Fyrir hrun var íslenska háskólakerfið vanfjármagnað í alþjóðlegum samanburði þannig að það var ekki búið undir slíkar efnahagsþrengingar en um leið má segja að íslenskir háskólamenn hafi staðið vaktina, opnað dyr sínar og haldið áfram að skila miklum árangri í kennslu og rannsóknum.

### Forgangsraðað

Á undanförnum árum höfum við forgangsraðað þannig í þágu menntunar að sá óumflýjanlegi niðurskurður sem ráðast þurfti í hefur verið hlutfallslega minni en í öðrum málaflokkum. Þá hafa óreglulegar tekjur, til dæmis af veiðigjaldi á útgerðarfyrirtæki, verið nýttar til að efla rannsóknir og nýsköpun. Þetta hefur verið varnarbarátta en nú viljum við blása til sóknar.

Nú þegar sér fyrir endann á fjárlagahallanum er svigrúm til sóknar. Vinstri – græn hafa lagt fram raunhæfa og ábyrga ríkisfjármálaáætlun til næstu fjögurra ára sem byggist á því að viðhalda stöðugleika, auknum arði þjóðarinnar af auðlindum, engum skattahækkunum og spá Hagstofunnar um rúmlega tveggja prósenta hagvöxt. Þessi stefna skapar 50 til 60 milljarða svigrúm á næstu árum og þá skiptir máli að forgangsraða. Við viljum nýta þetta svigrúm til að efla velferð, heilbrigðisþjónustu og menntun.

**➜ Á undanförnum árum höfum við forgangsraðað þannig í þágu menntunar að sá óumflýjanlegi niðurskurður sem ráðast þurfti í hefur verið hlutfallslega minni en í öðrum málaflokkum.**

Kjósendur geta nú valið um forgangsröðun ólíkra flokka. Vinstri – græn setja framtíð skólastarfs í landinu og eflingu velferðarkerfisins á oddinn. Okkur finnst kominn tími til að menntakerfið og velferðarkerfið njóti árangursins af erfiði undanfarinna ára.

# Stóraukinn stuðningur við leigjendur

HÚSNÆÐI

Lúðvík Geirsson
alþingismaður og formaður stýrihóps um nýtt húsnæðisbótakerfi

Fyrsti áfangi nýs „Húsnæðisbótakerfis“ tók gildi í byrjun þessa árs með hækkun á grunnfjárhæð húsaleigubóta. Enn frekari hækkun á grunnbótum kemur til framkvæmda þann 1. júlí nk. Samtals er um að ræða heildarhækkun á grunnupphæð um 4.000 kr. á hverjum mánuði. Samhliða hefur tekjuskerðingarhlutfall verið lækkað og tekjumörk hækkuð.

### Veruleg hækkun á mánuði

Þessar breytingar þýða umtalsverða hækkun á stuðningi við leigjendur og mun stærri hópur leigjenda á nú rétt á húsnæðisbótum en áður. Sem dæmi um stóraukinn stuðning má nefna að hjón eða sambýlisfólk með eitt barn og 460 þús. krónur í mánaðartekjur fá eftir þessa hækkun rúmar 16.300 kr. á mánuði, en fengu áður engar bætur. Hjón eða sambýlisfólk með tvö börn sem eru með mánaðarlegar heimilistekjur upp á 500 þús. kr. samtals fá eftir þessar hækkanir samtals 21.500 kr. í húsnæðisbætur á mánuði en fengu áður aðeins 3.000 kr. í bætur. Hér er því um verulega hækkun að ræða.

Í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið um nýtt húsnæðisbótakerfi undir forystu Samfylkingarinnar koma enn frekari úrbætur og stuðningur, ekki síst við leigjendur til framkvæmda um næstu áramót. Þá verður stuðningur við leigjendur og íbúðareigendur reiknaður út frá fjölda heimilismanna óháð aldri. Þannig verður hætt að skerða bætur þegar börn á heimili hafa náð 18 ára aldri eins og nú er. Jafnframt verða allar húsnæðisbætur greiddar út mánaðarlega, sem er mikið framfaraskref.

### Mikilvægt réttlætismál

Í allri umræðu um skuldavanda heimilanna hefur lítið verið vikið að stöðu leigjenda, en þeir sem eru á leigumarkaði hafa þurft að bera mestu raunhækkunina vegna húsnæðiskostnaðar eftir efnahagshrunið. Á síðustu árum hefur leigjendum stórfjölgað og eru nú um fjórðungur allra á húsnæðismarkaði. Það er afar mikilvægt réttlætismál að jafna stöðu leigjenda að sambærilegu marki og sá stuðningur sem íbúðareigendur hafa fengið í formi stórhækkaðra vaxtabóta á síðustu árum.

Sú mismunun sem verið hefur á milli réttinda kaupenda og leigjenda er bæði ósanngjörn og óverjandi. Nú horfir til betri tíðar með stórauknum stuðningi við leigjendur. Fyrstu áfangar nýs húsnæðisbótakerfis hafa þegar tekið gildi og það er mikilvægt að Samfylkingin fái þann styrk og stuðning í komandi þingkosningum að tryggt verði að húsnæðisbótakerfið taki að fullu gildi um komandi áramót.

**➜ Þá verður stuðningur við leigjendur og íbúðareigendur reiknaður út frá fjölda heimilismanna óháð aldri. Þannig verður hætt að skerða bætur þegar börn á heimili hafa náð 18 ára aldri eins og nú er.**

Þeir sem eru á leigumarkaði ættu að hafa þessi lykilatriði skýrt í huga þegar þeir koma í kjörklefann.

# Hver á að sinna þeim?

HEILBRIGÐISMÁL

Magnús Baldursson
sálfræðingur

Það er áhyggjuefni að sú staða hefur skapast að tveir hópar barna í samfélaginu fá ekki þá þjónustu frá heilbrigðiskerfinu sem þau þarfnast. Annars vegar eru þetta börn sem hafa hamlandi einhverfueinkenni en eru ekki það greindarskert að þau falli undir skilgreindan markhóp Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þessum börnum var hægt að vísa í fullnaðargreiningu á einhverfusviði Greiningarstöðvar en eftir að það breyttist hefur verið skortur á viðhlítandi greiningar- og ráðgjafarúrræðum. Fáeinum er þó vísað á Barna- og unglingageðdeild LSH en það á einungis við um þau sem auk einhverfurófsröskunar búa við flókinn og fjölþættan vanda af öðrum toga.

Erfiðleikar þessara barna geta verið verulega hamlandi þótt greindarfarslega standi þau ágætlega. Mörg þeirra hafa litla aðlögunarhæfni, eiga í erfiðleikum með félagsleg samskipti og sérkennileg og áráttukennd hegðun getur valdið ýmsum erfiðleikum. Hvað hinn hópinn varðar er varla hægt að segja að hann hafi nokkurn tíma fengið viðeigandi þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Þar er um að ræða börn á aldrinum 12-18 ára með sterkar vísbendingar um athyglisbrest (ADHD). Þau þarfnast greiningar á vandanum og að þeim standi til boða úrræði sem gagnast einstaklingum með ADHD. Það sama á við um þennan hóp og þann fyrri að ef aðrir alvarlegir erfiðleikar eru til staðar væri hægt að láta reyna á tilvísun á Barna- og unglingageðdeild. Flest þessara barna eru hins vegar með „vægari“ vanda og eiga ekki tilkall til þjónustu Barna- og unglingageðdeildar.

### Varla líðandi

Þetta er varla líðandi í því velferðarsamfélagi sem við viljum státa okkur af. Í öðru tilfellinu er aldur látinn ráða því að úrræði sé ekki fyrir hendi en í hinu tilfellinu þroski barnsins þótt sýnt sé að erfiðleikar þess snúi að öðru en eiginlegri þroskastöðu. Myndum við sætta okkur við að stjórnendur heilbrigðiskerfsins ákveddu að þunglyndi væri ekki meðhöndlað hjá fólki sem væri eldra en sjötíu ára? Gætum við sætt okkur við að ákveðið yrði að fólk sem hefði eðlilega greind en væri frá vinnu vegna kvíðaröskunar fengi ekki viðeigandi heilbrigðisþjónustu?

Við þetta er margt að athuga. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna benti árið 2011 á ágalla í geðheilbrigðisþjónustu barna á Íslandi. Nefndarmenn höfðu meðal annars áhyggjur af löngum biðlistum eftir greiningu og meðferð. Mælst var til að geðheilbrigðisþjónusta við börn yrði efld og þeim tryggður betri aðgangur að greiningum og þeirri meðferð sem þörf væri á. Að auka ætti vægi sálfræðimeðferðar, efla fræðslu og félagsleg úrræði og styðja betur við foreldra og kennara (sjá gr. 38 og 39). Einnig má benda á að þetta ástand kemur illa saman við 3 gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er ein af grundvallargreinum sáttmálans.

**➜ Ógerlegt er miðað við núverandi mannafla að útvíkka þjónustuna til elsta aldurshópsins á sama tíma og biðtími lengist fyrir núverandi skjólstæðinga ár frá ári.**

### Biðtími lengist

Frá árinu 2002 hefur greiningu á ADHD verið sinnt á Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar fyrir börn að 12 ára aldri. Þar fer líka fram frumgreining á frávikum í þroska og hegðun yngri barna. Auk þessa er boðið upp á einstaklingsráðgjöf, uppeldisnámskeið fyrir foreldra, námskeið fyrir foreldra barna með ADHD og sérstakt námskeið fyrir börn með ADHD þar sem meðal annars er unnið með einbeitingu og félagsfærni. Takmörkun þjónustunnar við 12 ára aldur stafar að verulegu leyti af þeirri fjárveitingu sem fæst til starfseminnar. Ógerlegt er miðað við núverandi mannafla að útvíkka þjónustuna til elsta aldurshópsins á sama tíma og biðtími lengist fyrir núverandi skjólstæðinga ár frá ári. Hjá starfsfólki Þroska- og hegðunarstöðvar er fullur vilji til að koma til móts við þessa hópa í faglegu samstarfi við aðrar stofnanir sem koma að málum barna með þroska-, hegðunar og geðvanda.

Mikilvægt er að þeir sem hafa fjárveitingavaldið fari að huga að þörfum þessara barna. Ákveðið verði hvar þeim skuli sinnt og komið sé sem fyrst á þeim úrræðum sem þau eiga sannarlega heimtingu á.

# Fjölbreyttur stuðningur

MENNTUN

Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi og formaður skóla- og frístundaráðs

Það er kærkomið að fá tækifæri til að ræða um stefnu um skóla án aðgreiningar, markmið hennar og leiðir til að ná þeim. Mikilvægt er að árétta að sérskólar og sérdeildir eru hluti af stefnu um skóla án aðgreiningar, stefnan miðar ekki að því að loka sérskólum eða sérdeildum. Góðir sérskólar og sérdeildir eru ómissandi fyrir skóla án aðgreiningar. Markmiðið er að styrkja sérskólana og einnig nýta þeirra styrk í skólakerfinu. Stærsta einstaka framkvæmdin í endurbótum og uppbyggingu í borginni tengist okkar góða sérskóla, Klettaskóla. Þar verjum við tveimur milljörðum króna til endurbóta og stækkunar, m.a. verður byggt nýtt íþróttahús og sundlaug. Haustið 2011 var opnuð ný sérdeild í Vogaskóla fyrir einhverfa nemendur, sú fjórða í röðinni.

### Endurskoðuð stefna

Nýverið samþykkti borgarstjórn endurskoðaða stefnu um skóla án aðgreiningar. Hún var fyrst samþykkt árið 2002 og fékk stoð í grunnskólalögum árið 2008 þar sem m.a. er kveðið á um rétt barna til náms í skóla án aðgreiningar og skyldur sveitarfélaga, t.d. um innritun og útskrift nemenda úr sérskólum, byggt á mati fagráðs. Margir hagsmunaaðilar fengu stefnuna til umsagnar og var mikill meirihluti ánægður með stefnuna, ekki alla þætti hennar en aldrei verða allir fullkomlega sammála. Skólayfirvöld reyna hins vegar að gera betur á hverjum degi.

Eitt af því sem stefnan kveður á um er fjölgun svokallaðra þátttökubekkja. Strax næsta haust fara tveir slíkir af stað, einn fyrir þroskahamlaða nemendur og hinn tengist Brúarskóla. Stefnan er að fjölga þátttökubekkjum smátt og smátt. Þátttökubekkur gengur út á að sérfræðikunnátta Klettaskóla og Brúarskóla verði til staðar fyrir fleiri börn, sem næst þeirra heimilum. Jákvæð reynsla er af þeim þátttökubekk sem þegar hefur tekið til starfa fyrir skólastarf í borginni. Þessi þróun gefur okkur tækifæri til að breiða út þekkingu þess fagfólks sem þekkir best til þarfa barna með fatlanir, það er mikilvægt fyrir skólastarfið allt.

Á síðustu misserum hefur borgarstjórn Reykjavíkur sammælst um fjölmargt annað sem styður við nemendur. Betri stuðningur er nú við börn í Fellaskóla sem hafa annað móðurmál en íslensku og í innleiðingu er nýtt málkönnunartæki sem metur betur þarfir barna af erlendum uppruna. Meira fjármagn hefur farið til frístundaklúbba fyrir fötluð börn og Tónstofa Valgerðar, sem er tónlistarskóli fyrir fötluð börn, hefur fengið meiri stuðning. Aukin ráðgjöf til leikskóla með breyttu verklagi hefur gefið góða raun og í bígerð er að þróa samþætt skóla- og frístundastarf fyrir yngri barnahópinn í Brúarskóla. Nú þegar landið er að rísa í fjárhag borgarinnar höfum við einsett okkur að styðja betur við skólastarf án aðgreiningar og fjárhagsáætlun þessa árs ber þess strax merki. Skólayfirvöld í Reykjavík hafa mikinn metnað til að þróa í sífellu betri og fjölbreyttari lausnir og leiðir til að mæta þörfum barna í skóla- og frístundastarfi.


90 MÍNÚTUR

HVERNIG ÆTLA ÞAU AÐ ÖRVA ATVINNULÍFIÐ?

MORGUNVERÐARFUNDUR Í SILFURBERGI HÖRPU
FIMMTUDAGINN 18. APRÍL KL. 8.30-10

STÖÐUGLEIKI
SKATTAR
FJÁRFESTINGAR
PENINGASTEFNA

Árni Páll Árnason

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Steingrímsson

Katrín Jakobsdóttir

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Formenn Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks ræða um mikilvægustu mál samfélagsins.

Björgólfur Jóhannsson

Orri Hauksson

**Björgólfur Jóhannsson,** formaður SA, setur fundinn
**Orri Hauksson,** framkvæmdastjóri SI, stýrir umræðum

Bein útsending á vef SA.

**Kraftmikið kaffi frá kl. 8.**

SKRÁNING Á WWW.SA.IS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. apríl 2013 | 7. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

## Heimshorfurnar heldur lakari

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir heiminn allan á þessu ári. Áætlað er að hann verði 3,3 prósent í stað 3,5 prósenta í janúarspá sjóðsins.

AGS gerir ráð fyrir 1,9 prósenta hagvexti í Bandaríkjunum í ár, 0,2 prósentustigum undir spá sjóðsins í janúar. Engu að síður segir sjóðurinn batamerki vestra og spáir 3,0 prósenta hagvexti árið 2014. Um leið er spáð 0,3 prósenta samdrætti í evrulöndunum sautján og 1,1 prósents hagvexti 2014. Mestur vöxtur er sagður hjá þróunarríkjum næstu tvö ár að mati AGS. Mestum vexti er spáð í Kína, 8,0 prósentum á þessu ári og 8,2 á því næsta. Hér gerir Hagstofan ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9 prósent á þessu ári og 2,7 prósent 2014. **- óká**

## Liv og Ragna í stjórn CCP

Þrír af fimm stjórnarmönnum CCP gengu úr stjórn fyrirtækisins á aðalfundi þess í lok síðustu viku. Þeir sem hættu voru Vilhjálmur Þorsteinsson, sem var stjórnarformaður, Sigurður Ólafsson og David Falkow. Í stað þeirra tóku sæti í stjórninni Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fyrrverandi dómsmálaráðherra, og Adam Alexander Valkin, framkvæmdastjóri hjá bandaríska fjárfestingarfélaginu General Catalyst Partners. Þeir Birgir Már Ragnarsson, meðeigandi hjá Novator Partners í London, og Stephen Wieck, forstjóri OneBookShelf halda áfram í stjórninni. **- mþl**

## Löggur á Lamborghini í Dubai

Það er svo sannarlega ekki niðurskurður á framlögum ríkisins til löggæslumála í Dubai í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Lögreglan í Dubai fékk nefnilega á dögunum í hendurnar nokkra Lamborghini-sportbíla sem breytt hefur verið í lögreglubíla og sinna þeir nú löggæslustörfum í borginni. Um er að ræða Lamborghini Aventador-bíla sem hafa 700 hestafla og tólf strokka vél og geta náð 350 kílómetra hraða á klukkustund við kjöraðstæður. Listaverð slíkra bíla er rétt tæplega 65 milljónir króna. Reyndar er þetta ekki í fyrsta sinn sem Lamborghini-bílar eru notaðir við löggæslustörf því dæmi eru um að lögregla hafi notað slíka bíla bæði á Ítalíu og í Englandi. **- mþl**

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

# Þróun íbúðaverðs, launa og verðlags

### Þróun íbúðaverðs frá 2002

Íbúðaverð á höfðuborgarsvæðinu hefur frá árinu 2002 hækkað töluvert umfram laun og almennt verðlag. Gögn frá Þjóðskrá Íslands sýna að íbúðaverð hækkaði um 127% frá janúar 2002 til febrúar 2013. Á sama tíma hækkuðu laun almennt um 100% en verðlag um 85%. Þar sem almenn laun hækkuðu meira en verðlag jókst kaupmáttur nafnlauna á tímabilinu. Eins og sést á myndinni þá hækkar íbúðaverð töluvert umfram laun frá 2004 – 2010 þegar fasteignavelta og viðskipti voru sem mest. Frá 2010 til 2013 hafa laun og verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgar–svæðinu þróast í takt.




Heimild: Hagstofa Íslands | Skoða nánar: http://data.is/14se22o

### Þróun íbúðaverðs frá 2007

Sé tímabilið fyrir og eftir hrun skoðað, þ.e. frá 2007 til 2013, þá lítur þróunin öðruvísi út. Verðlag hefur hækkað um 53%, laun um 44% og íbúðaverð um 15%. Kaupmáttur nafnlauna dróst saman tímabilinu vegna þess að nafnlaun lækkuðu og verðbólgan fór á skrið í kjölfar hrunsins.

Launavísitala
Vísitala neysluverðs
Vístala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Hagstofa Íslands | Skoða nánar: http://data.is/14sdZ6O

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 17. apríl**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Samræmd vísitala neysluverðs í mars

**Fimmtudagur 18. apríl**
- Verðmæti sjávarafla janúar 2013

**Föstudagur 19. apríl**
- Útboð ríkisbréfa
- Aðalfundur HB Granda

**Mánudagur 22. apríl**
- Vísitala byggingakostnaðar maí 2013

**Þriðjudagur 23. apríl**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í mars
- Vísitala kaupmáttar launa í mars
- Greiðslujöfnunarvísitala í maí
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í mars
- Mánaðarleg launavísitala í mars

**Miðvikudagur 24. apríl**
- Hverjir eiga viðskipti?
- Vinnumarkaðsrannsókn í mars
- Uppgjör Össurar fyrir fyrsta ársfjóðung birt

**Mánudagur 29. apríl**
- Vísitala neysluverðs í apríl
- Nýskráningar og gjaldþrot félaga í mars

**Þriðjudagur 30. apríl**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi
- Vöruskipti við útlönd á fyrsta ársfjórðungi
- Vísitala framleiðsluverðs í mars
- Seðlabankinn gefur út Hagvísa
- Seðlabankinn gefur út Fjármálastöðugleika

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* VÍSIR

Ráðherra endurskipar aðstoðarseðlabankastjóra:

# Skipaður í fimm ár

ARNÓR SIGHVATSSON

Arnór Sighvatsson hefur verið skipaður á ný í starf aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar Arnór með bréfi dagsettu 12. apríl síðastliðinn. Skipunin gildir til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

Fram kemur í tilkynningu Seðlabankans að Arnór hafi fyrst verið settur í starf aðstoðarseðlabankastjóra 27. febrúar 2009. Þá er ráðherra aðeins sagt heimilt að skipa sama mann aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum.

- óká

Hluturinn er rúmlega 354 milljarða króna virði:

# Daimler selur restina af hlut sínum í EADS

Þýski bílaframleiðandinn Daimler selur nú 7,5 prósenta hlutinn sem hann átti eftir í evrópska flugframleiðandanum og hergagnafyrirtækinu EADS.

Fréttavefur breska ríkisútvarpsins BBC greinir frá því að Daimler, sem á Mercedes-Benz, ætli að nota fjármunina sem fáist úr sölunni til að styrkja bílaframleiðslu sína.

Hluturinn í EADS er verðlagður á um 2,3 milljarða evra, eða ríflega 354 milljarða íslenskra króna, miðað við gengi hlutabréfa fyrirtækisins við lokun markaða í gær.

EADS er móðurfélag flugvélaframleiðandans Airbus. Félagið hefur lýst því yfir að það hyggist sjálft kaupa um 600 milljóna evra

**AIRBUS-ÞOTA** Íslenska flugfélagið Wow air notar þotur frá Airbus og hefur nýverið tekið á móti tveimur nýjum slíkum þotum og á von á tveimur til viðbótar fyrir sumarið. Móðurfélag Airbus er EADS.

MYND/WOW

virði af hlutabréfunum, en sú upphæð jafngildir um 92,4 milljörðum króna. Daimler seldi annan 7,5 prósenta hlut í EADS í fyrra.

- óká

# Hlutafjárútboð TM fer fram í næstu viku

*Viðskipti hefjast með tvö tryggingafélög í Kauphöllinni á næstu vikum. Hlutafjárútboði VÍS lauk í gær en hlutafjárútboð TM fer fram í næstu viku. Mikill viðsnúningur orðið á rekstri TM síðustu ár.*

**HLUTABRÉFAMARKAÐUR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson** magnusl@frettabladid.is

Tvö af þremur stærstu tryggingafyrirtækjum landsins, TM og VÍS, eru eins og kunnugt er á leið á hlutabréfamarkað. Almennu útboði á bréfum VÍS lauk í gær en bréf í TM verða boðin út í næstu viku, 22. til 24. apríl. Félögin verða fyrstu tryggingafélögin á innlenda hlutabréfamarkaðnum frá hruni.

Í útboði TM stendur til að selja tæplega þriðjungshlut Stoða hf., sem áður hétu FL Group, í félaginu. TM var áður alfarið í eigu Stoða eftir hrun en félagið seldi í júlí í fyrra um 60% hlut í TM til lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta. Þá seldu Stoðir um 5% hlut til viðbótar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í desember.

Í útboðinu verða allir hlutir seldir á sama verði sem verður á bilinu 17,75 til 20,10 krónur á hlut eftir áhuga fjárfesta. Lægri mörk verðbilsins eru sama verð og LSR greiddi fyrir 5% hlutinn fyrir stuttu en 60% hluturinn sem seldur var í júlí var seldur á verðinu 14,70 krónur á hlut.

Miðað við verðbilið í útboðinu er heildarvirði alls hlutafjár í TM á bilinu 13,5 til 15,3 milljarðar króna. Til samanburðar var hagnaður félagsins ríflega 2,6 milljarðar króna í fyrra en félagið hefur markað sér þá stefnu að greiða 50% hagnaðar hið minnsta út í arð á ári hverju.

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** TM er hið minnsta af stóru þremur tryggingafélögunum en var með bestu arðsemina af þeim árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Hlutafjárútboði VÍS lauk í gær

Almennu hlutafjárútboði á að minnsta kosti 60% hlut í VÍS lauk í gær. Félagið var fyrir útboðið alfarið í eigu Klakka ehf. sem áður gekk undir nafninu Exista. Verðbilið í VÍS-útboðinu var 6,75 til 7,95 krónur á hlut, sem samsvarar því að heildarvirði hlutafjár í félaginu sé 16,9 til 19,9 milljarðar króna. Þátttaka og lokaverð í útboðinu lá ekki fyrir þegar Markaðurinn fór í prentun í gær. Stefnt er að því að fyrsti dagur viðskipta með bréf í VÍS í Kauphöllinni verði 24. apríl.

Rekstur TM hefur verið tekinn í gegn á síðustu árum en tekjur félagsins koma annars vegar frá vátryggingum og hins vegar frá fjárfestingum. Fyrir hrun var hlutfall tjónakostnaðar á móti iðgjöldum yfirleitt yfir 100% sem þýddi það að vátryggingahluti starfseminnar skilaði tapi. Miklar fjárfestingatekjur gerðu það hins vegar að verkum að félagið hagnaðist.

Eftir hrun hefur TM lagt áherslu á að bæta grunnreksturinn og hefur hlutfall tjónakostnaðar á móti iðgjöldum verið lækkað úr 127,2% árið 2008 í 88,5% í fyrra, sem þykir til fyrirmyndar.

Til marks um þennan viðsnúning hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's matseinkunn TM úr ruslflokki í fjárfestingaflokk fyrr á þessu ári, sem gerir félaginu kleift að sækja fram erlendis þaðan sem 6% tekna þess koma.

Eins og áður sagði fer útboð TM fram í næstu viku en hlutabréf félagsins verða tekin til viðskipta í Kauphöllinni í fyrsta lagi 8. maí.

Skuldir ríkisins sagðar eiga að lækka fyrir áhrif hagvaxtar og verðbólgu:

# Kjörin breytast þegar höft hverfa

Fyrirséð er að vaxtakostnaður ríkisins aukist þegar og ef gjaldeyrishöftum verður aflétt í komandi framtíð. Því er að mati greiningardeildar Arion banka miður að ekki standi til hjá ríkinu að greiða niður útistandandi skuldir svo neinu nemi. Þetta kemur fram í umfjöllun greiningardeildarinnar í gær.

Vísað er til þess að skuldsetning ríkisins hafi aukist verulega í kjölfar hrunsins, farið úr 311 milljörðum króna í árslok 2007 í 1.500 milljarða, eða úr 24 prósentum af landsframleiðslu í 87 prósent.

Bent er á að rannsóknir bendi almennt til þess að skuldsetning ríkis yfir 90 prósentum af landsframleiðslu sé til þess fallin að draga úr hagvexti, meðal annars vegna þess að svo há skuldsetning kalli á niðurskurð eða aukna skattheimtu til að standa straum af þungri greiðslubyrðinni.

Hér hafi ríkissjóði tekist að fjármagna hallarekstur sinn á hagstæðum kjörum innanlands í skjóli hafta, en slík kjör verði ekki í boði þegar þeim verður lyft.

Bent er á að í stefnu ríkisins í lánamálum fyrir árin 2013 til 2016 sé stefnt að því að lækka hlutfall skulda ríkissjóðs úr 87 prósentum í 70 prósent í árslok 2016. „Hins vegar ef við rýnum í hvað liggur á bak við þær tölur er ljóst að skuldirnar lækka nánast eingöngu í gegnum hagvöxt og verðbólgu," segir í umfjöllun Arion banka.

- óká

**87%** Skuldir ríkissjóðs nema 87 prósentum af landsframleiðslu og 110 prósentum ef teknar eru með í reikninginn lífeyrisskuldbindingar.

# ÞÍN STUND
# ÞINN STAÐUR

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR
**10% KYNNINGAR AFSLÁTTUR** Timeout



**TIMEOUT STÓLLINN**
Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: **Jahn Aamodt**

**LEVANTO** hægindastóll með skemli

**Verð kr. 97.980**

Til í rauðu og gráu áklæði.

Einnig til í leðri, svart, hvítt og rautt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **8.450** kr. á mán.

**TIMEOUT** hægindastóll með skemli

**VERÐ NÚ 341.982**
Fullt verð 379.980

Til í mörgum litum og útfærslum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **29.495** kr. á mán.

**Opus** hægindastóll með skemli

**Verð kr. 169.980**

Til í orange og gráu áklæði.

Einnig til í leðri, svart og hvítt.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **14.660** kr. á mán.

## TEMPUR CLOUD heilsurúm

**TEMPUR CLOUD**
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
**Verð frá kr. 299.000**
Aukahlutur á mynd gafl.

**Fæst einnig í stærðunum**
80x200 cm
90x200 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x203 cm
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **26.129** kr. á mán.

## C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud

**C&J STILLANLEGT**
með Tempur Cloud dýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
**Verð kr. 699.000**
Aukahlutur á mynd gafl.

Með fjarstýringu

**Fæst einnig í stærðunum**
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **60.629** kr. á mán.

## C&J PLATINIUM heilsurúm

**C&J PLATINIUM**
Verðdæmi 180x200 cm
Rúm, dýna og lappir
**Verð frá kr. 147.500**
Aukahlutur á mynd gafl.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins **13.062** kr. á mán.

**Fæst einnig í stærðunum**
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

# Nýtt ævintýri viðheldur snerpunni

***Hörð og óheiðarleg samkeppni á farsímamarkaði kom á óvart þegar lagt var upp með Nova, segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Ýmislegt mótlæti sem takast þurfti á við varð Nova á endanum til framdráttar.***

**VIÐTAL**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

„Því fylgir fjöldi áskorana að byggja fyrirtæki upp frá grunni. Margt vann með okkur, við vorum oft heppin, en um leið kom líka upp fjöldi vandamála sem við sáum ekki fyrir. Þannig er þetta bara," segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. Einn þröskuldurinn hafi verið að ráða starfsfólk í uppsveiflu ársins 2006.

„Atvinnuleysi var ekkert og við stóðum frammi fyrir því verkefni að laða fólk úr góðum störfum og út í óvissuna með okkur. Þá hringdum við í fólk og auglýstum og sögðumst vera að fara að búa til besta vinnustað í heimi. Þannig verður að vissum hluta til dýnamíkin og stemningin í fyrirtækinu," segir Liv. Sá andi hefur haldist og skilar sér greinilega til viðskiptavina en Nova hefur síðustu ár skorað hátt í vinsældarmælingum hjá fólki. „Ég er ekki viss um að tekist hefði jafnvel til ef við hefðum ekki þurft að hafa svona mikið fyrir þessu."

Þá segir Liv ýmislegt hafa komið á óvart þegar verið var að taka fyrstu skrefin með Nova. „Við héldum til dæmis árið 2007 að símar á borð við Iphone væru bara væntanlegir í næsta mánuði. Við vorum löngu búin að sjá alls konar útgáfur af svona símum á sýningum erlendis, en svo bara skiluðu þeir sér ekki á markað af einhverjum ástæðum," segir hún. Þannig varð á fyrstu metrunum örlítið holur hljómur í slagorðinu „stærsti skemmtistaður í heimi" sem þó hefur lifað með fyrirtækinu, því á endanum komst snjallsímaveislan af stað.

„En þarna var ein birtingarmynd fákeppninnar. Framleiðendur tóku höndum saman með fjarskiptafyrirtækjum um að stýra innleiðingu 3G-tækninnar. Símarnir voru greinilega ekki að skila sér á markað þó svo að öll tækni væri til staðar. Það þurfti því sparkið frá Apple til að koma þessu af stað."

Samkeppnisumhverfið á Íslandi segir Liv einnig hafa komið á óvart þarna í byrjun. „Okkur óraði ekki fyrir hvernig samkeppnin myndi þróast." Hindranirnar sem Nova hafi staðið frammi fyrir endurspeglist í fjársektum sem Samkeppniseftirlitið hafi síðustu ár og misseri lagt á samkeppnisaðila.

„Þetta fyrsta ár var hrikalega erfitt og okkur fannst markaðurinn spilltur," segir hún. Mjög erfiðlega hafi gengið að fá keypta farsíma hjá innlendum umboðsaðilum. „Þannig að við neyddumst til að ferðast út um allan heim til að reyna að verða okkur úti um farsíma. Eftir að hafa byggt upp kerfið og þjónustuna óraði okkur ekki fyrir því að við gætum lent í vandkvæðum með að fá keypta síma á samkeppnishæfu verði. Fyrir okkur var þetta með stærri málum árin 2007 og 2008."

Fjöldi áskorana sem fylgja því að byggja upp fyrirtæki frá grunni auk efnahagsástandsins á Íslandi í árslok 2008, segir Liv að hafi átt sinn þátt í að þjappa saman hópnum sem saman var kominn í Nova. „Við stóðum frammi fyrir því að vera búin að fara í þessa risafjárfestingu og höfðum bara nokkra mánuði til að ná í viðskiptavini og láta þetta ganga upp. Við vorum að spila upp á líf eða dauða. Við lögðum okkur öll fram um að láta þetta ganga og ég held að hver einasti starfsmaður fyrirtækisins hafi orðið ofursölumaður."

Um leið gagnrýnir Liv hversu langan tíma taki hjá samkeppnisyfirvöldum hér að rannsaka og ljúka málum. „Hægt er að ganga af fyrirtækjum dauðum með samkeppnisbrotum ef þau horfa fram á að fá ekki niðurstöður fyrr en að þremur til fjórum árum liðnum."

Núna telur Liv þennan slag að baki að mestu. „Flest þessara mála, hvað okkur varðar, eru frá upphafsárum Nova, 2007 og 2008." Sektarupphæðir upp á hundruð milljóna þessum árum síðar segir hún að hljóti að letja fyrirtæki til að leggjast út í víðtæk samkeppnislagabrot. „Við vonum að minnsta kosti að ákveðin viðhorfsbreyting hafi átt sér stað."

Núna standa fjarskiptafyrirtæki frammi fyrir kerfisbreytingum sem áhrif hafa á tekjustreymi

**LIV BERGÞÓRSDÓTTIR** Nýtt ævintýri stendur fyrir dyrum hjá Nova með innleiðingu á nýrri háhraðagagnaflutningsþjónustu fyrir farsíma. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir 4G svara kalli fólks eftir aukinni þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Úr ársreikningi Nova fyrir árið 2012**

| Liður | Krónur |
|---|---|
| Tekjur alls | 4.398.886.000 |
| Gjöld alls | 3.650.987.000 |
| EBITDA | 747.899.000 |
| Hagnaður | 503.212.000 |

## STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU NOVA



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

grænn apríl
Umhverfisátak

**Sífellt fjölgar þeim einstaklingum sem flokka sorp og nota margnota innkaupapoka. Úrvalið af bílum sem menga minna hefur aldrei verið fjölbreyttara og verslanir sem selja lífrænt ræktuð matvæli hafa aldrei verið fleiri.**

Parísartízkan
fagnar 50 ára afmæli

15% afsláttur
af yfirhöfnum þessa vikuna

50% afsláttur
af völdum vörum í verslun

B/A/S/L/E/R Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara

**PLOKKARINN VINSÆLL** Plokkfiskur er vinsælasti rétturinn á Sjávarbarnum. MYND/GVA

# PLOKKFISKUR Í FYRIRTÆKI

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Íslendingar eru vitlausir í plokkfisk. Upplagt er að sækja hæfilegan skammt fyrir starfsmenn fyrirtækisins og bjóða upp á hann á vinnustaðnum. Verðið er lygilega lágt.*

Plokkfiskur með heimabökuðu rúgbrauði og smjöri hefur verið vinsælasti rétturinn á Sjávarbarnum við Grandagarð frá því að Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari opnaði staðinn fyrir sjö árum. „Vinnandi fólk í nágrenninu hópast á staðinn í hádeginu og þeir sem fara ekki í hádegishlaðborðið vinsæla panta sér flestir klassískan plokkara," segir Magnús Ingi.

Nú geta stærri og smærri fyrirtæki boðið starfsmönnum sínum upp á þessar rammíslensku hversdagskræsingar á vinnustaðnum þannig að enginn þarf að fara úr húsi. Og það fyrir lygilega lága upphæð, eða 300 kr. á mann og er þá miðað við 400 g skammt. Með rúgbrauði og smjöri er verðið 400 kr. Lágmarkspöntun er fyrir fimm og sækja þarf matinn á Sjávarbarinn.

„Þetta er ekta plokkfiskur lagaður eftir hefðinni úr fyrsta flokks hráefni með kartöflum, mjólk, lauk og nógu af pipar," segir Magnús Ingi. „Þrumarann bökum við sjálf eftir gamalli uppskrift."

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is, og einnig er hægt er hafa samband beint við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.

**FRÁBÆRT VERÐ** Plokkfiskurinn kostar aðeins 300 kr. og með heimabökuðu rúgbrauði og smjöri bætist hundraðkall við. MYND/GVA

AQUACLEAN ÁKLÆÐI
KYNNINGARAFSLÁTTUR

AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa aðeins með vatni!

NÝTT

Mósel

Íslenskir sófar
Fyrir íslensk heimili
Allar stærðir og gerðir

Veljum íslenskt

Basel

Þú velur
• GERÐ (yfir 90 mismunandi útfærslur)
• STÆRÐ (engin takmörk)
• ÁKLÆÐI (yfir 2000 tegundir)

og draumasófinn þinn er klár

TILBOÐSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
af völdum vörum og sýningareintökum

Borðstofustólar frá 7.900 kr
Heilsukoddar 2.900 kr

Borðstofuborð frá 40.000
Höfðagaflar frá 5.000
Sjónvarpsskápar frá 25.000
Rúm 153cm frá 157.000
Speglar frá 5.000
Fjarstýringavasar frá 2.500
Hægindastólar frá 99.000
Tungusófar frá 75.400
Hornsófar frá 139.900
Sófasett frá 99.900

Patti HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl.9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2 | Sími: 557 9510 | vefsíða www.patti.is

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.-
Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4990.-
Umfelgun á smájeppa 5990.-

SUNNY TIRES
HAIZTV

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



# Á FALLEGUM SLÓÐUM MARTINS LÆKNIS

**PORT ISAAC** *Sjónvarpsþættirnir um úrilla og hranalega lækninn, Martin, eru í uppáhaldi hjá mörgum, ekki síst vegna fallega þorpsins þar sem hann býr og starfar. Sjónvarpið sýnir þættina á miðvikudagskvöldum.*

Þættirnir eru teknir upp í fallegu sjávarþorpi, Port Isaac, í Cornwall á Englandi (heitir reyndar Portwenn í þáttunum). Þorpið var á sínum tíma uppgangsmikill hafnarbær þar sem skip sóttu kol, timbur, grjót og járn. Þar voru stundaðar fiskveiðar, sem og í dag, auk þess sem ferðamannastraumur er mikill um þessar slóðir, ekki síst eftir að Martin læknir kom til sögunnar. Myndaflokkurinn á stóran hóp aðdáenda en talið er að í Bretlandi séu yfir tíu milljónir fastra áhorfenda. Þættirnir eru enn í framleiðslu.

Ferðamenn sem koma í Port Isaac flykkjast að höfninni og fylgjast með fiskimönnum að störfum. Mörg húsanna í bænum eru gömul, sum allt að tvö hundruð ára, eins og reyndar má sjá í þáttunum. Arkitektúr húsanna þykir sérstæður svo og sveitabæja í kring. Einn af vinsælustu stöðum til sjóbrettaiðkana er ekki langt undan. Þarna er fín sandströnd sem er ákaflega vinsæl á sumrin. Sömuleiðis er vinsælt að fara í siglingar meðfram ströndinni og oft þarf að bóka sig í þær með löngum fyrirvara. Margir vilja fara hjólandi um nágrennið og eru nokkrar hjólaleigur í boði.

Ferðamönnum sem koma akandi er bent á stórt bílastæði ofan við þorpið því erfitt getur reynst að aka um þröngar göturnar. Frá bílastæðinu er ómótstæðilegt útsýni. Skemmtilegar gönguleiðir eru þarna allt í kring. Aðrir áhugaverðir smábæir eru í sveitinni en þar má einnig sjá glæsilega, gamla kastala, til dæmis Doyden-kastala sem byggður var árið 1830 en gegnir nú hlutverki hótels.

Næsti golfvöllur, St. Kew, er 18 hola og er staðsettur í Bowood nálægt Camelford. Einnig eru tveir aðrir þekktir golfvellir í nágrenninu, St. Enodoc og Trevose.

Port Isaac er áhugaverður staður til að heimsækja og þar er fjöldi gististaða og veitingahúsa. Þorpið hefur áður verið notað sem umhverfi í kvikmyndum, til dæmis í Saving Grace og Nightmare Man, jafnt sem sjónvarpsþáttum eins og Poldark.

Með hlutverk læknisins Doc Martin fer Martin Clunes sem er sagður fara á kostum í hlutverki hins hranalega læknis. Þættirnir hafa hlotið British Comedy Awards, bresku gamanþáttaverðlaunin. Með hlutverk barnsmóður hans í þáttunum fer Caroline Catz. Nú standa yfir upptökur á sjöttu seríunni en hún fer í loftið í Bretlandi í haust. Persóna Martins er skrifuð út frá Dr. Martin Bamford úr gamanmyndinni Saving Grace frá árinu 2000. Höfundur er Dominic Minghella. Fyrsta þáttaröðin um Doc Martin var sýnd árið 2004. ■ **elin@365.is**

**BÆRINN**
Port Isaac í Cornwall stendur á afar fallegum útsýnisstað.

**SÁ FÚLI**
Martin Clunes fer með hlutverk hins hranalega læknis, Doc Martin.

# ÁSTIN BLÓMSTRAR

*Sumarfrí á sólríkum stað hefur heilsubætandi áhrif. Það minnkar áhættuna á hjartasjúkdómum og rómantíkin blómstrar.*

Flestir vita að gott frí hleður batteríin, eins og sagt er. Ný bandarísk könnun sem fyrirtækið US Travel Association framkvæmdi sýnir að gott frí eykur sköpunarkraft og getur þar af leiðandi aukið hæfni til að ná lengra í starfi.

Fólk sefur oft betur þegar það er í fríi, það kynnist nýju fólki og ástin og kynlífið blómstra. Gott sumarfrí í afslöppuðu umhverfi getur minnkað áhættuna á hjartaáföllum hjá áhættuhópum. Miðaldra menn sem glíma við hjartasjúkdóma geta minnkað áhættuna á ótímabæru dauðsfalli um 20-30% með því að taka gott frí. Blóðþrýstingur, púls og streituhormón minnka strax á fyrstu dögum frísins. Ef fríið er í heitu, sólríku landa gerir það heilsunni mjög gott. Ef ferðalagið er notað til að sofa út og hreyfa sig næst enn meiri heilsufarslegur árangur. Fólk sem tekur reglulega slíkt frí þolir meira álag og nær frekar félagslegri færni en þeir sem fara lítið að heiman.

Á mörgum hótelum er mikið grænmeti í boði og þykir maturinn ákjósanlegur fyrir þá sem vilja bæta heilsuna.

**GÓÐAR STUNDIR**
Fólk getur bætt heilsuna og aukið rómantík í lífinu með því að taka gott frí á sólríkum stöðum. Auk þess hefur ferðalagið góð áhrif á hjónabandið.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# Vímuvarnir hefjast heima

Foreldrahús

## Kynningarblað

**2** Námskeið Foreldrahúss. Fjölbreytt námskeið eru í boði hjá Vímulausri æsku.

**4** Vímuvarnir hefjast heima. Foreldrar eru mikilvægir í forvörnum.

**4** Gamla myndin. Fyrsta stjórn Vímulausrar æsku árið 1986.

**4** Oft var þörf... Stuðningur fyrirtækja, félagasamtaka og ekki síst einstaklinga skiptir sköpum.

FORELDRASÍMINN
581•1799

**Hrafndís Tekla Pétursdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Vímulausrar æsku – Foreldrahúss.** MYND/STEFÁN

# Það ákveður enginn að verða fíkill

**Hefurðu grun um að unglingurinn þinn fikti við fíkniefni? Þá er skynsamlegt að hafa skjótt samband við Vímulausa æsku – Foreldrahús og fá hjálp við að snúa þróuninni við.**

„Í hverri viku fáum við fjölmargar fyrirspurnir enda hefur kannabisneysla unglinga aukist mjög á síðustu árum. Það skrifast á auðveldara aðgengi að heimaræktuðu marijúana, sem er mun ódýrari kostur en áfengi og innflutt hass eftir hrunið," segir Hrafndís Tekla Pétursdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Vímulausrar æsku – Foreldrahúss.

Hjá Vímulausri æsku – Foreldrahúsi býðst víðtæk sérfræðiþjónusta vímuefnaráðgjafa, sálfræðinga og fjölskylduráðgjafa fyrir foreldra og unglinga.

„Margir þættir geta leitt til þess að krakkar byrji að fikta með fíkniefni; ekki síst skortur á sjálfstrausti. Því skiptir sköpum að þeir búi yfir nógu miklu sjálfstrausti til að geta sagt nei þegar þeim er fyrst boðið að prófa fíkniefni og læri að finna sín mörk," útskýrir Hrafndís.

Hún segir fyrsta árið í framhalds-


**Framhald á síðu 3**


### ● VERNDARENGILL ÆSKUNNAR

**Vímulaus æska – Foreldrahús lét fyrir nokkru fra**mleiða fyrir sig „verndarengla" sem seldir eru í fjáröflunarskyni fyrir starfsemina. Englarnir eru táknrænir fyrir eðli þess starfs sem unnið er í Foreldrahúsinu.

Engillinn er vandaður, handunninn gripur sem gaman er að eiga. Það er einlæg von okkar að sem flestir vilji eignast þennan kjörgrip til stuðnings starfsemi Vímulausrar æsku – Foreldrahúss.

Engillinn er tilvalin gjafavara fyrir fjölskyldu, vini og fyrirtæki til að sýna samhug og samstöðu með málefnum unga fólksins. Jafnframt minnir hann okkur á gildi forvarnarstarfsins.

Engillinn er til sölu hjá okkur í Borgartúni 6 í Reykjavík, 2. hæð (sími 511 6160).

Söluverð á einum verndarengli er aðeins 1.500 krónur.

Vímulaus æska - Foreldrahús þakkar veittan stuðning

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

Gæða Stofnað 1968

ICELANDAIR CARGO ÞVÍ TÍMINN FLÝGUR

ALLT MERKT www.alltmerkt.is

BRÚNÁS innréttingar

www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

LÝSING

KOLA PORTIÐ

BÓNUS

# Stöndum vörð um æsku landsins

● Kristján Guðmundsson
formaður stjórnar Vímulausrar æsku

Vorið er um margt eftirsóttasti og dýrlegasti tími ársins. Þá hopa vetur og myrkur af hólmi, birtan og gróskan taka völdin og það birtir í sálinni. Þó að nú sé vor og sumar rétt handan við hornið, blása naprir vindar víða í samfélaginu, naprir vindar kreppunnar.

Alltof margir glíma enn við afleiðingar þeirra hamfara sem riðu yfir íslenskt samfélag á haustdögum árið 2008.

**„Það eru teikn á lofti um að það sé að rofa til eftir óveðrið sem lamið hefur á þjóðinni undanfarin ár**

Við finnum það glöggt í starfi okkar í Foreldrahúsi að erfiðleikar og óöryggi, sem óhjákvæmilega fylgja í kjölfar slíkra atburða, fjárhagslegir og af öðrum toga, bitna harkalega á börnunum.

Foreldrahús sinnir m.a. námskeiðahaldi og ráðgjafaþjónustu fyrir fjölskyldur sem eiga börn og unglinga í einhvers konar vanda. Á fyrri árum var að mestu unnið með vímuefnavanda unglinga en í dag er þjónustan fjölbreyttari, viðfangsefnin fjölþættari en áður, og nægir þar að nefna einelti, félagslega erfiðleika og hegðunarvanda.

Álag á starfsfólk Foreldrahúss í að veita ráðgjöf, viðtöl og stuðning við foreldra og börn vegna margþættra vandamála vex stöðugt. Þá er lítið lát á spurn eftir sjálfsstyrkingarnámskeiðum. Loks má nefna að mikilvægi foreldrahópanna, sem boðið hefur verið upp á um nokkurt skeið, eykst stöðugt. Heilbrigð og sterk sjálfsmynd er lykillinn að velgengni í lífinu öllu. Veitum börnunum og viðfangsefnum þeirra athygli. Verjum meiri tíma með börnunum og byggjum upp sterkari sjálfsmynd þeirra. Það er ein af mörgum skyldum okkar við æskuna.

Vímulaus æska – Foreldrahús gæti vart haldið úti öflugu starfi sínu ef ekki kæmi til velvild og hlýhugur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Fjölmargir hafa stutt við starfsemi samtakanna í gegnum árin og fyrir það erum við þakklát. Mig langar fyrir hönd Vímulausrar æsku að þakka fyrir þann stuðning og velvild sem samtökin njóta. Þá færi ég starfsfólki einlægar þakkir fyrir framlag þess.

Sumarið heilsar eftir rétta viku. Þá birtir yfir öllu og vonir kvikna. Það eru teikn á lofti um að það sé að rofa til eftir óveðrið sem lamið hefur á þjóðinni undanfarin ár. Það kveikir vonir um að svigrúm skapist til að gefa forvarnarstarfi enn frekari gaum en gert hefur verið. Þar þarf að auka við með myndarlegum fjárframlögum. Það er mín sumarósk til handa æsku landsins.

Gleðilegt sumar.

Vímulaus æska – Foreldrahús
Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | s. 511 6160
vimulaus@vimulaus.is | www.vimulaus.is
Kynningarblað Vímulausrar æsku – Foreldrahúss, 1.tbl. - 27. árgangur – apríl 2013
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Þröstur Emilsson
**Umbrot og hönnun:** Fréttablaðið
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja
**Dreifing:** Pósthúsið
**Upplag:** 90.000

Fjölmörg námskeið eru í boði hjá Vímulausri æsku – Foreldrahúsi.

# Námskeið Foreldrahúss

● Samtökin Vímulaus æska – Foreldrahús sinna námskeiðahaldi og ráðgjafaþjónustu fyrir fjölskyldur sem eiga börn og unglinga í einhvers konar vanda. Á fyrri árum var að mestu unnið með vímuefnavanda unglinga. Í dag er þjónustan fjölbreyttari og er einnig unnið með ýmiss konar önnur vandamál, t.d. einelti, félagslega erfiðleika og hegðunarvanda.

## SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**Efling sjálfsþekkingar og félagslegra tengsla barna og unglinga**

Meginmarkmið námskeiðsins er að hlúa að og byggja upp:

- sjálfstraust
- félagsfærni
- samskiptahæfni
- tilfinningaþroska
- sjálfsþekkingu

Námskeiðin eru ætluð börnum og unglingum á aldrinum tíu ára til sautján ára (5. bekk til 1. bekk í framhaldsskóla). Aldursskipting miðast við að hafa tvo árganga saman og að kynjaskipta tólf ára og eldri. Lengd námskeiðanna er átján klukkustundir sem dreifast yfir tólf vikna tímabil eða eina skólaönn.

Nálgunin felst í að byggja upp í sameiningu traust og öruggt umhverfi þar sem allir fá tækifæri til þess að njóta sín á sinn hátt. Leiðbeinendur sameina hæfni á sviði sköpunar og mannlegra samskipta og þannig aðstoða börnin og unglingana við að beita innsæi, getu, reynslu og tjáningu til að ná félagslegri og tilfinningalegri kjölfestu.

## SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ FYRIR FORELDRA

**Efling sjálfsmyndar, aukin færni í foreldrahlutverkinu**

Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir foreldra er ætlað öllum foreldrum barna og unglinga. Meginmarkmið námskeiðsins er að styrkja færni í foreldrahlutverkinu, efla vitund þeirra sem og færni til þess að skapa og viðhalda heilbrigðum og nánum tengslum við börnin sín. Þannig er verið að koma í veg fyrir og einnig grípa inn í óæskilega hegðun, m.a. áhættuhegðun og samskiptaerfiðleika milli foreldra og barna.

**NÁLGUNIN Á NÁMSKEIÐINU ER ÞRÍÞÆTT:**

1. **Forvörn:** Vangaveltur og umræður um hvað sé æskilegt og uppbyggjandi í uppeldi, samskiptum og tengslum.

2. **Inngrip:** Leiðbeiningar og tillögur um hvað hægt sé að gera þegar óæskileg samskipta- og/eða hegðunarmynstur eru farin að myndast í fjölskyldunni og/eða þegar barnið/unglingurinn sýnir áhættuhegðun af einhverju tagi.

3. **Úrvinnsla:** Hlustun og viðurkenning á þeim tilfinningum og upplifunum sem tjáðar eru í hópnum.

## V.E.R.A. (VIRÐING, EFLING, REYNSLA, AUÐUR)

**Úrræði Foreldrahúss fyrir börn og unglinga með áhættuhegðun og fjölskyldur þeirra.**

V.E.R.A. er fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára (5. til 10. bekk) með áhættuhegðun; einstaklinga sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða sem og tilfinningalega vanlíðan og þurfa mikinn stuðning. V.E.R.A. er hugsað sem langtímaúrræði og spannar minnst tvær annir.

Meðferðin er í formi hópastarfs sem á sér stað einu sinni í viku, 1,5 klst. í senn, auk vikulegra einstaklings- og fjölskylduviðtala og sjálfsstyrkingar foreldra. Úrræðið getur staðið í allt að ár og fer alveg eftir þörfum hvers einstaklings. Megináhersla úrræðisins er að vinna eftir þörfum einstaklingsins og meðferðaráætlunin er sett upp út frá þeim forsendum.

Þátttakendur og forráðamenn eru boðaðir í forviðtöl þar sem úrræðið er kynnt og fengnar eru upplýsingar um aðstæður.

## SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ FYRIR FORELDRA

**Hluti af meðferðinni V.E.R.A.:**

Foreldrar þátttakenda í V.E.R.A. taka þátt í sex vikna foreldranámskeiði. Meginmarkmið námskeiðsins er að styrkja sjálfsmynd foreldra og efla vitund þeirra í hlutverkinu, sem og færni til þess að skapa og viðhalda heilbrigðum og nánum tengslum við börnin sín.

Námskeiðið fer fram einu sinni í viku á miðvikudögum í tvær klukkustundir í senn (alls 12 klst.)

Nánari upplýsingar um námskeiðin má nálgast í síma 511 6160 eða á vimulaus@vimulaus.is.

Vímulaus æska - Foreldrahús þakkar veittan stuðning
Reykjavíkurborg
Arion banki
ísbúð Vesturbæjar
VÍNBÚÐIN
init
samskip
Staki
VZ
vistor
Landsvirkjun

## Framhald af forsíðu

skóla mörgum unglingum skeinuhætt.

„Að færa sig um set úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla er stórt stökk og þá líklegast að unglingar byrji að drekka eða fikta við fíkniefni. Það fyrsta sem foreldrar taka eftir í fari unglingsins er breyting á hegðun og félagsskap; oft eru það „ósýnilegir vinir“ og „leyndarmál“. Þá er skynsamlegt að grípa strax inn í og því fyrr sem gripið er í vandann því auðveldara er að stíga til baka og fá unglinginn í samvinnu.“

### HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Hrafndís segir fylgja unglingsaldrinum að upplifa nýja hluti, prófa og taka áhættur.

„Unglingar eru áhrifagjarnir og stundum markalausir. Þannig prófar einn að fikta og síðan aldrei meir en öðrum finnst upplifunin slá á óróleika og vanlíðan. Fyrir þann ungling getur fljótt orðið að vana að fá sér efni til að slá á vanlíðanina og vaninn endar í vítahring,“ útskýrir Hrafndís.

Hún segir mikilvægt að foreldrar undirbúi unglingsárin með börnum sínum og geri við þau samning.

„Það gæti verið samningur um að fresta því að prófa að drekka eða taka inn vímuefni fram yfir bílpróf. Hvert einasta ár skiptir miklu þegar kemur að auknum þroska og dómgreind og þegar ungmenni hefur náð átján ára aldri býr það yfir mun meiri sjálfsaga en þegar það var fimmtán. Unglingum líkar líka vel að verða þess áskynja að foreldrum er alvara og þegar öll samskipti eru á yfirborðinu. Til að hann þrauki svo út samninginn þarf að hafa gulrót til. Unglingurinn finnur þá að neysla er ekki í boði, afleiðingarnar verða dýrkeyptar og þykir þá betra að sleppa henni alveg.“

Góð samskipti heima fyrir eru mikilvæg forvörn að mati Hrafndísar.

„Krakkar sem eru eirðarlausir og leita í spennu hafa yfirleitt of mikinn frítíma. Því er mikilvægt að fylla hann með tómstundum og áhugamálum sem unglingurinn nýtur sín í og hefur áhuga á.“

### UPPFULL AF RANGHUGMYNDUM

Að sögn Hrafndísar er algengt að unglingar séu haldnir ranghugmyndum um kannabisneyslu.

„Þeir sem markaðssetja kannabis á götunni segja börnunum að marijúana sé ekki fíkniefni og jafn skaðlaust og að reykja sígarettur. Þessu trúa krakkarnir. Við fáum meira að segja til okkar íþróttakrakka sem drekka ekki en reykja marijúana því það á að vera í lagi. Þetta er vitaskuld fásinna og líkt og með önnur fíkniefni leiðir eitt af öðru. Það ákveður enginn að verða fíkill en allt byrjar það með saklausu fikti sem svo leiðir út í meiri og alvarlegri neyslu.“

Hrafndís segir alla foreldra þrá að treysta börnum sínum. Því geti þeir verið tvístígandi að hafa samband og horfast í augu við veruleikann og vandamálið.

„Foreldrar barna í vímuefnavanda einangrast því honum fylgja skömm og fordómar. Hættan er á að þeir velti of mikið fyrir sér hvað þeir gerðu rangt í stað þess að einblína á hvað þeir gera nú og leita sér aðstoðar.“

**Að sögn Hrafndísar er algengt að unglingar séu haldnir ranghugmyndum um kannabisneyslu.** MYND/STEFÁN

### STUÐNINGUR OG HJÁLP

Vímulaus æska eru grasrótarsamtök sem stofnuð voru 1986. Árið 1999 var Foreldrahús sett á laggirnar af foreldrum barna sem áttu í áfengis- og vímuvanda og vildu miðla reynslu sinni með öðrum foreldrum.

Allar götur síðan 1986 hefur foreldrasíminn 581 1779 verið starfræktur og er opinn allan sólarhringinn. Mikið er sótt í símann sem fyrsta skref foreldra sem boðaðir eru í viðtal fyrsta virka daginn á eftir.

„Að eiga barn í neyslu er ákveðið áfall og þarf að hjálpa foreldrum að komast yfir það. Vímulaus æska – Foreldrahús starfrækir stuðningshópa fyrir foreldra sem eiga eða hafa átt unglinga í neyslu og á undanförnum árum hefur orðið mikil aukning í aðsókn þeirra. Foreldrar einangrast gjarnan í vandanum og eru ófærir um að ráðfæra sig við nærsamfélagið. Því er þeim mikill léttir að geta farið á meðal þeirra sem eins er ástatt um og finna að þeir eru ekki einir,“ segir Hrafndís.

Hún segir rangt af samfélaginu að dæma foreldra þegar unglingar leiðast út í fíkniefnaneyslu því sökina sé ekki alltaf að finna heima fyrir.

„Foreldrar sem taka ábyrgð og gera eitthvað í málunum eiga alla virðingu skilið og mikilvægt er að þeir gleymi ekki að sinna sjálfum sér til að hafa orku og þol til að vinna í málunum.“

Sjá nánar á www.vimulaus.is

**● AÐALFUNDUR VÍMULAUSRAR ÆSKU – FORELDRAHÚSS** Aðalfundur Vímulausrar æsku – Foreldrahúss verður haldinn miðvikudaginn 24. apríl næstkomandi klukkan 17 að Borgartúni 6.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Samkvæmt lögum samtakanna hafa félagsmenn Vímulausrar æsku rétt til setu á aðalfundi með atkvæðarétt og kjörgengi hafi þeir verið á félagaskrá minnst þrjá mánuði fyrir aðalfund og greitt félagsgjöld minnst sjö dögum fyrir aðalfund.

Stjórn Vímulausrar æsku – Foreldrahúss.

**● FJÖLSKYLDURÁÐGJÖF** Fjölskylduráðgjöfin í Foreldrahúsi er ætluð foreldrum og börnum í vanda. Við hana starfa sálfræðingur, vímuefnaráðgjafar og annað fagfólk. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða ráðgjöf.

Boðið er upp á sálfræðiþjónustu, ráðgjöf og meðferð barna og unglinga með hegðunar- og/eða áfengis- og fíkniefnavanda. Meðferð og ráðgjöf vegna almennrar vanlíðunar, depurðar, kvíða, félagslegrar einangrunar, eineltis, samskiptaerfiðleika í fjölskyldunni o.fl.

Hver einstaklingur og hver fjölskylda fyrir sig hefur mismunandi vandamál. Vandamálin eru því oft ólík þrátt fyrir að flestir séu að takast á við einhvers konar vanlíðan sem birtist í ótal myndum. Oft er álagið orðið það mikið að foreldrar missa tökin og þurfa stuðning. Leitast er við að mæta þeim vanda sem fjölskyldan glímir við og efla hana til bættra lífsgæða.

Tímapantanir hjá ráðgjöfum Foreldrahúss eru alla virka daga frá 9 til 16 í síma 511 6160 eða á vimulaus@vimulaus.is.

Vímulaus æska - Foreldrahús þakkar veittan stuðning
Íslandsbanki
SORPA ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM
Gamla Smiðjan
LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ Directorate of Health
LAGNA LAGERINN
V.L.F. HLÍF Verkalýðsfélagið Hlíf
wise - snjallar lausnir
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
VA ARKITEKTAR
Iceland
inter Medica.

# Oft var þörf …

## – Styrktarmannakerfi Vímulausrar æsku

**Stuðningur fyrirtækja, félagasamtaka og ekki síst einstaklinga, hefur allt frá stofnun Vímulausrar æsku, skipt sköpum fyrir starfsemina. Án velvildar hundraða einstaklinga og fyrirtækja hefði vart verið hægt að halda starfseminni svo lengi úti sem raun ber vitni.**

Umfang starfseminnar hefur aukist og breyst á þeim rúma aldarfjórðungi sem liðinn er frá stofnun samtakanna en markmiðin eru sem fyrr þau sömu. Enn má sjá merki efnahagskreppunnar og þörfin verður sífellt brýnni. Í kjölfar kreppunnar dró eilítið úr fyrrgreindum stuðningi og var ákveðið að koma á fót styrktarmannakerfi. Með því geta einstaklingar og fyrirtæki gerst velunnarar Vímulausrar æsku – Foreldrahúss og styrkt starfsemina með föstum reglubundnum framlögum.

Í samstarfi við DalPay-greiðslugáttina var sett upp einfalt og aðgengilegt skráningarform á vef Vímulausrar æsku, www.vimulaus.is

Þar er hægt að leggja starfseminni lið með föstum framlögum en um er að ræða skuldfærslu af kreditkorti í gegnum örugga greiðslugátt.

- Lágmarksupphæð vegna skuldfærslu af kreditkorti er 500 krónur
- Hægt er að velja um skuldfærslu af kreditkorti:
  - einu sinni á ári
  - hálfsárslega
  - á þriggja mánaða fresti
  - mánaðarlega

> **Öll framlög skipta máli. Lítið framlag jafnt sem stórt sýnir þann hug sem landsmenn bera til samtakanna og þeirrar þjónustu sem þau veita.**

Öll framlög skipta máli. Lítið framlag jafnt sem stórt sýnir þann hug sem landsmenn bera til samtakanna og þeirrar þjónustu sem þau veita og hafa veitt í gegnum árin.

Kynntu þér málið á vef samtakanna, **www.vimulaus.is.**

Vímulaus æska – Foreldrahús þakkar veittan stuðning.

# Gamla myndin

## – formaðurinn og fundarstjórinn

Vímulaus æska – foreldrasamtök voru stofnuð í Háskólabíói 20. september 1986 að viðstöddu fjölmenni, meðal annars forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur. Um tíu þúsund félagsmenn skráðu sig í samtökin á fyrsta starfsárinu. Fyrsti formaður samtakanna var Bogi Arnar Finnbogason, sem sést hér ásamt Magnúsi Bjarnfreðssyni, sem stýrði stofnfundi samtakanna af röggsemi.

**Magnús Bjarnfreðsson og Bogi Arnar Finnbogason.**

**„Fyrsta stjórn Vímulausrar æsku – foreldrasamtaka. Bogi Arnar Finnbogason formaður, Ragnheiður Guðmundsdóttir ritari, Lísa Wium gjaldkeri, Arnar Jensson og Ómar Ægisson. Varamenn; Þórarinn Tyrfingsson, Hrafnhildur Tyrfingsdóttir og Arthur Farestveit."**

**Unglingur þarf athygli foreldra, sérstaklega í fríum þegar skólinn veitir ekki lengur aðhald.**

# Vímuvarnir hefjast heima

Foreldrar eru mikilvægir í forvörnum og reynast vera þeir sem mest áhrif hafa á velferð barna sinna, einkum þegar eitthvað bjátar á. Til að styðja foreldra og styrkja í uppeldishlutverkinu hefur Vímulaus æska í mörg ár miðlað upplýsingum og ráðum til foreldra á tímamótum eins og yfir sumartímann og um verslunarmannahelgar. Þótt ekki séu til nein töfraráð til að fyrirbyggja vímuefnaneyslu geta ráð sem þessi styrkt sjálfstraust foreldra og ábyrgð þeirra í forvörnum.

### HAFÐU SKOÐUN

Taktu þátt í lífi unglingsins með það í huga að hann þarfnast hæfilegs aga og aðhalds í stað „afskiptaleysis". Hvettu barnið þitt og sýndu áhuga á jákvæðum viðfangsefnum.

### EKKI KAUPA ÁFENGI

Unglingur þarfnast ekki vímunnar. Sá sem kaupir áfengi fyrir barnið sitt stuðlar að tvennu: a) gerir vímuna eftirsóknarverða og b) gefur barninu til kynna að foreldri sé sátt við neysluna.

### SÝNDU ÁHUGA

Unglingur þarf athygli foreldris, sérstaklega á sumrin þegar skólinn veitir ekki lengur aðhald. Áhugi þinn á „sumarfríi" barnsins getur skipt sköpum í forvörnum.

### VERTU VAKANDI

Ef unglingur er byrjaður að neyta áfengis á grunnskólaaldri verður foreldri að beita festu og miklu aðhaldi í uppeldi, eigi neyslan ekki að valda óbætanlegum skaða.

### LEITAÐU RÁÐA

Ef einhver minnsti grunur er um vímuefnaneyslu barns eiga foreldrar án tafar að leita ráðgjafar hjá fagaðila – líf barnsins er í húfi.

### ● MARKMIÐ VÍMULAUSRAR ÆSKU - FORELDRAHÚSS

1 Að fræða foreldra um skaðsemi áfengis- og vímuefnaneyslu og fyrstu einkenni um hana, svo að þeir geti unnið markvisst forvarnarstarf með börnum sínum.

2 Að vera hvetjandi og mótandi um forvarnarstarf í þjóðfélaginu, í skólum m.a. með þátttöku barna og unglinga.

3 Að afla þekkingar hjá sérfræðingum og yfirvöldum til miðlunar meðal foreldra, m.a. með fyrirlestrum, fræðslubréfum og málefnalegri umfjöllun í fjölmiðlum.

4 Að stuðla að því að unglingar sem þegar hafa ánetjast vímuefnum fái hjálp ásamt foreldrum.

5 Að stuðla að samveru unglinga og foreldra þeirra við heilbrigða tómstundaiðju m.a. með vímulausum samkomum.

**Eitt markmiðið er að stuðla að samveru unglinga og foreldra.**

Markmið samtakanna eru þau sömu og samþykkt voru við stofnun 20. september 1986.

Vímulaus æska - Foreldrahús þakkar veittan stuðning
VÍNBÚÐIN
BÓNUS
Arion banki
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Sælan
BÚÁLFURINN
VALITOR
Lausnir án landamæra
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
Ölgerðin
pwc
Gentle GIANTS
ISNIC

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

*smaar@frettabladid.is / visir.is*

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

Land Rover Range Rover TD V8 Vouge Diesel 12/2006 ek.48þús. Nýkominn úr þjónustuskoðun. Umboðsbíll. Gullfallegt eintak. Ökutæki er í sal. Ásett verð 9.490.000.- Rnr. 285692.

VW Caravelle Diesel 8 manna 6/2011 ek.12þús. Beinskiptur. Ökutæki er í sal. Ásett verð 7.950.000.- Rnr.103795.

Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel 4/2007 ek.122þús. Ný ryðvarinn. Búið að skipta um spíssa. Ný dekk. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.310333.

Honda Insight 1.4 5 Hybrid 6/2011 ek.1þús. Nánast nýr bíll. Sjálfskiptur. Eyðsla um 4.4L. Ökutæki er í sal. Ásett verð 3.990.000.- Rnr.285070.

Toyota Previa 7 manna 2/2006 ek.88þús. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 2.590.000.- Rnr.103991.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

KRÓKUR

**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bílalíf

**TILBOÐ 1.990.000.-**
FORD F150 SUPER CREW 35" BREYTTUR.Árgerð 2005,ekinn 145.þ km,sjálfskiptur,flowmaster púst,tölvukubbur ofl,er á staðnum,pallhús.Verð áður 2.890.000. Tilboð 1.990.000.- Rnr.103155. Sími:562-1717.

**TILBOÐ 1.490.000.- DÍSEL.**
HYUNDAI SANTA FE 4X4 DÍSEL. Árgerð 2005,ekinn 169.þ km,sjálfskiptur,lítur sérlega vel út,leður,topplúga ofl,er á staðnum. Verð áður 1.790.000.Tilboð 1.490.000.- Rnr.320546.Sími:562-1717.

**TILBOÐ 2.490.000.-**
BMW 5. Árgerð 2004,ekinn aðeins 119.þ km,bensín,lítur sérlega vel út,topplúga,leður ofl,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð áður 2.980.000.- Tilboð 2.490.000.Rnr.125625.Sími:5621717.

**TILBOÐ 3.900.000 + VSK**
MAN L36 10.224 llc.Árgerð 2001,ekinn 223.þ km,dísel, 8 gírar,pallur með sturtu aftur og til hliðar,krani,útbúnaður fyrir snjótönn,er á staðnum,topp smurbók. Tilboð 3.900.000.+vsk. Rnr.320482. Sími:5621717.

**Bílalíf**
**Kletthváls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 & lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

bilfang.is
S. 567 2000

**GÓÐ KAUP !**
BMW X5 4.4 V8 árg. 2001 ek. 177 þús. km bill hlaðinn búnaði, ný 19" heilsársdekk , nýkominn úr mjög stórri yfirhalningu hjá B&L verð 1990 þús skipti möguleg.

**GÓÐ KAUP !**
Landrover Discovery LR3 4.4 bensin árg. 2005 ek. 105 þ.km leður, glerþak , nýleg dekk, ný skoðaður allt tipp topp verð 3490 !!! skipti möguleg.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

MERCEDES BENZ E 200 ngt kompressor. Árgerð 2010, ekinn 38 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990104.



TOYOTA Prius. Árgerð 2010, ekinn 17 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.990394.

VW Passat comfortline dísel. Árgerð 2007, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.140548.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bíll.is
bestir í bílum...

**TEKUR FELLIHÝSI UPPÍ**
LAND ROVER Discovery Árg. 2005, ekinn 146 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.380.000. lán 3.000.000 Rnr.135602.

**SKIPTIR Á HJÓLHÝSI EÐA FELLIHÝSI**
VW Touareg v10 diesel. Árgerð 2006, ekinn 135 P.KM, dísel með öllu Verð 4.790.000. Rnr.146320.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100 bílar bílasala .is

NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Verð frá 2.169þ.kr, ATH 5stk eftir, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000

Musso árg. 2000 ekinn 138.000 km 3.2 L vélin, sjálsk. Nýleg dekk, nýlegt púst, ný heddpakkn. Og vatns. Nýr startari Snyrtilegur bíll verð kr. 400.000 stgr. Uppl. í síma 896 6860.

Til sölu Buick Skylark módel 1993. Gott eintak. Verð 450 þús. Uppl. í s. 692 8159.

Til sölu Honda CRV árg. 2000 ekinn 163þús. Topp eintak, Verð 700þús. sími: 863 2156.

Til sölu Peugeot 106 Color line. Árg.'99 ekinn aðeins 109þús.km. Skoðaður 2014, sjálfskiptur. Verð 260þús. Sími: 893 5517.

Fors Explorer ,96, ssk, ný skoðaður ,14, krókur, fallegur og góður. Verð 350 þ. S.896 8568.

## 250-499 þús.

**TILBOÐSVERÐ 320PÚS !**
Hyundai Accent árg.'00, ek. aðeins 147þús. ný skoðaður, ný yfirfarinn á verkstæði, ný vetrardekk, lýtur mjög vel út og eyðir mjög litlu, Tilboðsverð 320þús., möguleiki á 100% vísa/euro láni, s:659-9696.

## Bílar óskast

**!!! 0-250PÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Vantar fort excurion til niðurrifs, allt kemur til greina. Uppl. í s. 846 2643.

## Sendibílar

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól

Yamaha Grizzly 700 ,08. Ek: 11 þús. 27" Big Horne. Vökvastýri. Kassi með aukasæti. Einn eigandi og góð þjónusta. Aukastuðarar. Verð: 890 þús. Engin skipti. Uppl: Tómas 895 9974.

## Fellihýsi

Fleetwood E3, árg. ,07 Vel með farið og í toppstandi Fullt af aukahlutum S: 867 3284.

## Lyftarar

**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Báta

Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Varahlutir

VAKA

**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

Varahlutir - Viðgerðir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

GARÐLÍF
Allt sem viðkemur garðinum.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðalausu.
S. 691 9151

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
Vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta
Róbert S. 866 9767

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða garðaþjónusta
20% afsláttur eldri borgara
S. 774-5775

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

Ertu aum/aumur í hálsi, höfði, mjóbaki þá er þetta rétta stofan fyrir þig. Nudd fyrir heilsuna. Síðumúla 25 S: 698 2260.

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**NULL**
Smiður getur bætt við sig verkefnum úti sem inni, föst verð tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 865 7026.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Trésmíði

## Til sölu

**IQ CARE HEILSU RAFMAGNSRÚM STÆRÐ 90X200**
Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, m/ heilsudýnu, hlífðardýna fylgir. Selst á 90 þús.
**Upplýsingar í síma 699 2778 Eftir hádegi.**

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,96 nýskoðaður ,14, gorenje stál bakaraofn, frystiskápar, mikið af ódýrum dekkjum og felgum. S. 896 8568.

**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Bækur

**BÓKAMARKAÐUR**
Iðnbúð 1, Garðabæ. Mánudag-föstudags frá kl. 13:00-18:00 Uppl. í s. 898 9475

## Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Ferðalög

**TIME SHARE HOTEL**
Þarf að selja „aukaPOINTS", sem gilda á hótelum um allan heim. Skoðið www. rci.com og fáð betri uppl. hjá Sverri á kvöldin og helgar. Símar 5541907/ 8467142.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Gisting

**GISTIHEIMILI TIL LEIGU**
Til leigu gistiheimili í miðbæ Akureyrar. Eignin leigist með öllum húsgögnum og tækjum. Eignin er í góðu ástandi. Langtímaleiga.
**Nánari upplýsingar veittar í síma 820-6022**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
150 - 750 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, allt að 4 metra lofthæð, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.
**Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661-7000**

**Fyrst.is**
**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunarhúsnæði - 50 til 1500 fermetra Skrifstofurými - 20 til 2500 fermetra, stakar eða heil hús. Iðnaðarhúsnæði - Allar mögulegar stærðir Lagerhúsnæði - Sendu fyrirspurn, mikið úrval.
**Ef þú ert að leita að leiguhúsnæði eða vilt leigja út, sendu okkur upplýsingar á: jonvikingur@fyrst.is**
**Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í ELDHÚS**
Við erum að leita að duglegum og hressum einstakling til að vinna í eldhúsinu hjá okkur á Geysir í Haukadal. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Ódýrt húsnæði í boði á staðnum, mikil vinna í boði ef þess er óskað.
**Umskóknir berist til heida@geysi.net**

**BYLTING Á ÍSLANDI**
XL XT og Sturla Jónsson skila þjóðinni frelsi Til handfæraveiða allt árið. Þitt er valið.

Vanur íslenskumælandi starfskraftur óskast í stjórnunarstöðu á dekkjaverkstæði þarf að geta byrjað strax. Meðmæli æskileg. Uppl. í s. 770-5267 - 894-2237 og annagudny@gmail.com

Vélavörður óskast og einnig vantar stýrimann á Sæfara ÁR 170 sem fer á rækjuveiðar. Vélastærð 465 kw. Uppl. í s. 852 3233 & 852 0113 einnig á: saefari170@gmail.com

**RITARI ÓSKAST**
Ritari óskast í 50% starf fyrir hádegi frá og með 1.maí Umsóknir sendist á netfangið: eikin@eikin.is fyrir mánudaginn 22.apríl.

**LAGERHÚSNÆÐI ÓSKAST**
20-30m2 lagerhúsnæði á jarðhæð óskast. Upplýsingar sendist á netfangið: eikin@eikin.is

## Atvinna óskast

**VANTAR PIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - S. 661 7000.**
**Proventus.is**

## Einkamál

Björt framtíð óskar eftir að komast í kynni við lausnamiðað fólk með langtímasamband í huga. Skyndikynni ekki æskileg. Björt framtíð - XA.

## atvinna

**SMIÐIR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

## til sölu

### Kynningarfundur vegna Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014 - 2026

Kynningafundur fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila vegna Aðalskipulags Húnaþing vestra verður haldinn 22. apríl 2013, kl: 17:00 í Félagsheimilinu á Hvammstanga að Klapparstíg 4 í samræmi við 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Hvammstangi, 16. apríl 2013.
**Skúli Þórðarson**
**Sveitarstjóri Húnaþings vestra.**

### Verkalýðsfélagið Hlíf

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmtudaginn 18. apríl 2013. kl: 18:00, í **Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Kosning í samningarnefnd.
4. Önnur mál.

Léttur kvöldverður.
*Stjórnin.*

## fasteignir

### Atvinnuhúsnæði - Glæsibæ!

Tækifæri fyrir fjárfesta: Til sölu lítið atvinnuhúsnæði í Glæsibæ.
Upplýsinar í síma: 659-9508 **Verð 17,6 millj.**

þeirra með nýjum Evrópureglum um svokölluð lúkningargjöld. Liv segir ávallt hafa verið vitað að þessara breytinga væri að vænta og ráð fyrir þeim gert í áætlunum fyrirtækisins. „Ef allir eru með sömu lúkningarverð þá vinnur sá sem er með minnstan tilkostnað. Í framtíðinni verða heldur engin lúkningargjöld. Eins horfa símafyrirtæki fram á að það verði engin mínútuverð, upphafsgjöld eða gjaldtaka eins og hingað til hefur þekkst.“ Þannig eigi gjaldtaka fremur eftir að færast yfir í fastar upphæðir fyrir þá þjónustu sem viðskiptavinurinn kallar eftir. „Okkur er alveg sama hvort viðskiptavinurinn ætlar að hringja eða fara á netið, eða gera eitthvað annað.“

Hingað til hafa áætlanir Nova gengið eftir. Árið 2006 var gerð fimm ára viðskiptaáætlun um uppbyggingu 3G-farsímakerfis á landsvísu og lagt af stað með það. Undirbúningur var um það bil ár og svo var byrjað 1. desember 2007. Liv segir að strax í upphafi hafi verið ljóst að byggja yrði upp stóran hóp viðskiptavina. „En við sáum samt ekki fyrir að þeir yrðu komnir yfir hundrað þúsund eftir fimm ár,“ bætir hún við.

Markaðsplanið hjá Nova segir Liv svo að hafi fæðst smám saman í takt við kannanir sem gerðar voru á væntingum fólks til fjarskiptaþjónustu. „Yngri hópurinn var spenntastur fyrir því að fá netið í símann. Yngri hópurinn er móttækilegri fyrir nýjungum og svo fylgja hinir á eftir.“

Núna eru enn breytingar í farvatninu og Nova í fararbroddi að innleiða 4G-farsímaþjónustu. „Á einhverjum tímapunkti fara símtölin bara yfir netið, því 4G er netkerfi, en viðskiptavinurinn er ekkert að spá í hvaða leið símtalið fer, hvort það er um GSM-, 3G- eða 4G-kerfi.“

4G er háhraða netkerfi fyrir farsíma sem stóreykur alla þjónustumöguleika. „Fólk vill geta tekið sjónvarpið og allt með sér upp í bústað, ekki bara símann. 3G kerfin ráða hins vegar ekki við allt sem fólk vill geta gert, en það munu 4G kerfin gera.“

Liv segir kraft í Nova og hópinn tilbúinn að taka næsta slag. „Það vinnur auðvitað með okkur að vera minni. Við erum í dag 110 starfsmenn og það auðveldar að halda uppi stemningu og eykur samheldni. Svo erum við núna fimm ára og nýr kafli að hefjast hjá okkur með því að vera að fara af stað með 4G. Þetta er svolítið eins og nýtt ævintýri með nýrri áætlun fyrir næstu ár. Við höldum í nýjabrumið og frumkvöðlakúltúrinn í fyrirtækinu. Þetta er svolítið eins og að vera í dótabúð, hér er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast.“

## Staðan á farsímamarkaði í fyrrasumar

| Fyrirtæki | Fjöldi áskrifta | Markaðshlutdeild |
|---|---|---|
| Síminn | 132.458 | 38,3% |
| Vodafone | 99.202 | 28,7% |
| Nova | 95.411 | 27,6% |
| Tal | 16.737 | 4,8% |
| Aðrir | 1.594 | 0,5% |
| **Alls** | **345.402** | **100%** |

Heimild: Tölfræðiskýrsla PFS um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi 2012.

## LEIÐIN LÁ ÚR SMÁRÉTTUM YFIR Í SNJALLSÍMAÞJÓNUSTU NÚTÍMANS

**EINSTÖK SAMHELDNI** „Nei, það er ofsagt að ég hafi fundið upp á 1944 réttunum,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, þegar upp á hana er borið að eftir hana liggi ekkert nema góðar hugmyndir og sigrar þar sem hún hefur stigið niður fæti á starfsferlinum. Árangur hennar hjá Nova hefur vakið bæði aðdáun og eftirtekt. Bæði kemur þar til vöxtur fyrirtækisins og velgengni í hörðum slagnum á íslenskum fjarskiptamarkaði og einstakur andi og samheldni sem einkennir Nova sem vinnustað. Nova fékk fyrr á árinu hæstu einkunn allra fyrirtækja í íslensku ánægjuvoginni og sjálf var Liv fyrir áramót valin markaðsmaður ársins 2012 þegar Íslensku markaðsverðlaunin voru veitt. Raunar hefur Nova fengið verðlaun á þessum vígstöðvum báðum allar götur frá 2009.

**LÆRÐI AF ERLENDU SAMSTARFI** Engu er hins vegar logið um að ferilinn hafi Liv hafið hjá Sláturfélagi Suðurlands, sem var valið markaðsfyrirtæki ársins þegar hún var þar á markaðsdeildinni að taka fyrstu skrefin á vinnumarkaði að námi loknu.

„Ég útskrifaðist úr viðskiptafræði og fór svo í ár til London í starfsþjálfun hjá Citibank. Þegar ég kom heim, eins og var á þessum tíma 1994 til 1995, þá voru bankarnir að byrja að breytast og margir nýútskrifaðir fóru í þá, Eimskip og ákveðin fyrirtæki sem voru vinsælust á þeim tíma. Mér bauðst hins vegar starf í markaðsdeild SS og stökk eiginlega bara á þetta fyrsta starf eftir skóla.“ Síðar segist Liv hafa gert sér betur grein fyrir því hvað veran hjá SS hafi verið mikilvægur skóli, SS sé til dæmis umsvifamikið á sviði innflutnings og lærdómsríkt hafi verið að starfa með erlendum vörumerkjum á borð við Barilla, Mars og Snickers.

„Þarna lærðust manni hlutir sem síðan mátti taka með sér yfir í símageirann,“ bætir Liv við, en hún tók við starfi markaðsstjóra hjá Tali árið 1998.

„Farsíminn var tiltölulega nýtilkominn, en strax ótrúlega margt sem hægt var að taka með sér úr smásölufræðunum yfir í þennan mjög svo tæknidrifna markað. Til dæmis létum við óskylda hluti, eins og tjald eða bíókort, fylgja farsímanum, en það höfðum við prófað áður hjá SS, þar sem við létum til dæmis vídeóspólur fylgja pylsupökkum. Og það var gaman að taka þátt í þessu á þessum tíma, taka dæmið skrefinu lengra í stað þess að selja bara farsíma út á það hvað mínútan kostaði.“

Eins segir Liv hafa verið mikilvæga reynslu þegar Íslandssími og Tal sameinuðust. „Í Tali höfðum við byggt upp sterka liðsheild og fyrirtækið gekk vel. Svo var þetta allt búið á einni nóttu.“ Fallið var frá því að nota vörumerki Tals og tekið í framhaldinu upp nafnið Vodafone. „Þá sá maður að vörumerki koma og fara,“ segir hún, en breytingin var fólkinu hjá Tali nokkuð áfall. „En svo áttuðum við okkur á því að vörumerkið er ekki allt. Við vorum Tal og erum ótrúlega góður vinahópur enn í dag.“

**Á EFTIR FARSÍMAVÆÐINGU KOM SNJALLSÍMAVÆÐING** Liv segir að eftir að hún sneri aftur til starfa úr fæðingarorlofi árið 2006 hafi fyrirtækið eðlilega tekið nokkrum breytingum og hún fundið að hún ætti ekki heima í þeim hópi. „Mig langaði til að gera eitthvað allt annað.“

Þarna urðu því enn kaflaskipti hjá Liv sem ætlaði að segja skilið við fjarskiptageirann. Þá hafði samband Jóakim Reynisson sem starfað hafði með henni hjá Tali. Þar sá hann um tæknimál og Liv um markaðsmál. Núna var Jóakim að aðstoða Novator við að kanna möguleika á innkomu á íslenskan farsímamarkað, en Novator hafði reynslu af slíkum rekstri, meðal annars frá Búlgaríu. „Á þessum tíma voru tvö fyrirtæki ráðandi, Síminn og Vodafone. Fákeppni var algjör, verð hækkaði og lítið lagt upp úr þjónustu eða nýjungum á borð við 3G. Ég fór þess vegna með Jóakim í að greina tækifærin hér og eftir þá skoðun vorum við sannfærð um að pláss væri fyrir þriðja aðilann, í raun til þess að gera svipaða hluti og við Jóakim gerðum með Tali 1998. Þá var fólk að fá fyrsta farsímann, en núna var fólk að fá netið í símann.“ Þannig hafi verið búið að farsímavæða þjóðina. Núna hafi verið komið að því að snjallsímavæða hana.

# Engir tvíhliða samningar í deiglunni nú

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína er þriðji tvíhliða samningur Íslands. Aðrir eru í gegnum EFTA og EES. Engir tvíhliða samningar eru nú í undirbúningi.

VIÐSKIPTI
Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



**Samningur milli Íslands og viðkomandi ríkis:** Færeyjar, Grænland, Kína*.
**Samningur milli EFTA og viðkomandi ríkis:** Albanía, Síle, Egyptaland, Hong Kong, Kína, Ísrael, Jórdanía, Kanada, Kólumbía*, Króatía, Makedónía, Marokkó, Mexíkó, Perú, Sjálfsstjórnarsvæði Palestínu, Singapúr, Serbía, Tyrkland, Úkraína, Svartfjallaland, Túnis, Suður-Kórea, Líbanon
**EES:** Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.
**Stofnsamningur EFTA:** Sviss.
**Samningur milli EFTA og Flóaráðsins*:** Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Sádí-Arabía, Óman, Katar, Kúveit.
**Samningur milli EFTA og Tollabandalags Suður-Afríkjuríkja:** Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka, Svasíland.
**Viðkomandi þjóð á í samningaviðræðum við EFTA:** Alsír, Bosnía og Hersegóvína, Kosta Ríka, Gvatemala, Hondúras, Panama, Indland, Indónesía, Taíland, Rússland, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Víetnam.

Nýgerðir fríverslunarsamningar Íslands og Kína varpa ljósi á það hve miklir hagsmunir felast í gerð slíkra samninga, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Samningar snúast um það, í meginatriðum, að fá tolla á íslenskar útflutningsafurðir lækkaða eða fellda niður, til að lækka verð og auka samkeppnishæfi íslenskrar framleiðslu erlendis og lækka tolla á innfluttum vörum, sem leiða á til verðlækkunar til neytenda. Til dæmis kveður samningurinn við Kína á um að fimmtán prósenta tollur á vefnaðarvöru og skóm falli niður. Því ætti verð á fatnaði frá Kína að lækka sem því nemur.

### STÓR STÖKK OG HÆG ÞRÓUN

Fyrstu samningar um verslun eftir að seinni heimsstyrjöldin brast á snerust að miklu leyti um að tryggja íslenskum útflutningsvörum, aðallega fiski og öðrum sjávarafurðum, hagstæð skilyrði á mörkuðum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Eftir að stefna var tekin frá ríkisafskiptum í átt til markaðshagkerfis urðu sinnaskipti í þessum efnum og kom meðal annars til tals af fullri alvöru á fyrstu árum sjöunda áratugarins hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, forvera ESB. Ekki varð af því, en árið 1970 gekk Ísland í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og gerði tvíhliða samning við ESB tveimur árum síðar.

Árið 1994 fékk Ísland aðgang að innri markaði ESB í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess er Ísland aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), en innan hennar eru fjölmargir samningar, sem lúta meðal annars að viðskiptum með þjónustu og landbúnaðarvörur. Nú eru flestir fríverslunarsamningar Íslands í gegnum EES eða EFTA, en auk þess er Ísland með þrjá tvíhliða samninga, við Færeyjar, Grænland og nú síðast við Kína.

### ENGINN TOLLUR AF 70% VARA

Þó að mikil áhersla sé lögð á að afla íslenskum vörum markaða erlendis í gegnum samninga EFTA og WTO hefur vörður í öllum samningum verið staðinn um tolla á ýmsum íslenskum landbúnaðarvörum í verndarsjónarmiði. Í samningnum við Kína eru meðal annars tilteknar mjólkurvörur og kjötafurðir.

Það er þó í raun ekki hægt að tala um að verndartollar séu reglan í hinu stóra samhengi, þar sem enginn tollur er á 70% af rúmlega 8.500 tollalínum í íslenskri tollaskrá.

### KÍNA VILDI EKKI EFTA

Fram hefur komið að þetta er fyrsti tvíhliða samningurinn sem Kína gerir við Evrópuríki, en hann hefur verið í deiglunni frá 2005. Þá vildu Kínverjar ekki ganga til samninga við EFTA sem heild. Viðræður Kína og Sviss ganga vel, en viðræður við Noreg hafa verið í frosti vegna milliríkjadeilu.

### ENGIR TVÍHLIÐA SAMNINGAR Í BÍGERÐ

Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra í utanríkisráðuneytinu og sérfræðingur í alþjóðaviðskiptasamningum, segir Ísland ekki eiga í tvíhliða viðræðum við önnur ríki um fríverslun. „Ísland, með hinum EFTA-ríkjunum, er hins vegar í viðræðum við Indland, Indónesíu, Víetnam, sameiginlegt tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan. Þá er búist við því að viðræður við Malasíu hefjist síðar á þessu ári. Viðræðum við Bosníu-Hersegóvínu er nýlokið og verður sá samningur líklegast undirritaður á þessu ári. Það sama er að segja um samning við Panama og Kosta Ríka.“

# Nýr fjármálastjóri yngir framkvæmdastjórn Össurar

*Sveinn Sölvason tekur um mánaðamótin við starfi fjármálastjóra Össurar af Hjörleifi Pálssyni. Markaðurinn ræddi við Svein um nýja starfið og badmintonferil hans.*

SVIPMYND
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Breytingar verða gerðar á yfirstjórn Össurar um næstu mánaðamót þegar Hjörleifur Pálsson yfirgefur félagið eftir tólf ára starf sem fjármálastjóri. Við starfi hans tekur hinn 34 ára gamli Sveinn Sölvason, sem hefur starfað á fjármálasviði félagsins frá 2009. Markaðurinn ræddi við Svein í tilefni af nýja starfinu.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Össur er frábært fyrirtæki og hér vinnur mikið af góðu fólki. Hjörleifur er búinn að byggja upp mjög öfluga starfsemi í fjármáladeildinni þar sem enginn einn dregur vagninn svo ég tek við mjög góðu búi,“ segir Sveinn, sem starfaði áður í viðskiptaþróun hjá Marel og í fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi, auk þess að vinna um tíma fyrir HSH-Nordbank og Goldman Sachs. Sveinn er með meistaragráðu í fjármálum og endurskoðun frá Copenhagen Business School.

„Ég er búinn að vera viðriðinn Össur í mörg ár. Ég byrjaði hjá Kaupþingi árið 2005 og fór fljótlega að vinna fyrir Össur þar í tengslum við kaupin á Royce Medical 2005 og Gibaud í Frakkland árið 2006. Ég vann þar að auki að fjármögnun félagsins og að hlutafjáraukningu árið 2009,“ segir Sveinn og heldur áfram: „Í gegnum þessi störf byggði ég upp ágætt samband við stjórnendateymið hjá Össuri og réð mig síðan til fyrirtækisins í lok árs 2009. Hér hef ég rekið deild á fjármálasviði sem sér um fjárstýringu og fjárfestatengsl og skoðar fyrirtækjakaup. Ég tek formlega við starfi fjármálastjóra um mánaðamótin.“

**SVEINN SÖLVASON** Sveinn var upp úr aldamótum í hópi bestu badmintonspilara Íslands og vann alls fimm Íslandsmeistaratitla í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Upp úr aldamótum var Sveinn í hópi bestu badmintonspilara landsins. Varð hann Íslandsmeistari í einliðaleik karla árið 2003 og vann þar að auki tvo Íslandsmeistaratitla í tvíliðaleik karla og tvo til viðbótar í tvenndarleik.

Sveinn segir að bakgrunnur úr íþróttum geti komið að gagni í viðskiptalífinu. „Það að alast upp í þessu umhverfi kennir manni nauðsyn þess að vera agaður, sem nýtist á flestum sviðum. Þá nálgast maður hlutina oft með smá keppnisskapi sem getur verið jákvætt.“

Sveinn er giftur Birtu Björnsdóttir og á með henni tvö börn; Óttar Sveinsson og Herdísi Önnu Sveinsdóttur.

**HJÖRLEIFUR PÁLSSON**
**fráfarandi fjármálastjóri Össurar**
„Sveinn er duglegur, jákvæður, bjartsýnn og félagslega fær. Það er það sem kemur fyrst upp í hugann þegar ég hugsa um hann. Ég er ekki hræddur við að skilja starfið eftir í hans höndum enda er hann ágætlega reyndur og á góðum aldri.“

**ÁSTHILDUR MARGRÉT OTHARSDÓTTIR**
**ráðgjafi og stjórnarmaður í Marel**
„Ég kynntist Sveini fyrir um átta árum og var ekki lengi að átta mig á að þessum yrði spennandi að fylgjast með – hann ætti klárlega eftir að ná langt. Eldklár, yfirvegaður, jákvæður og skemmtilegur eru lýsingarorð sem mér detta strax í hug en umfram allt er hann drengur góður og laus við allan uppskafningshátt. Sveinn var mikill Össurarmaður löngu áður en hann byrjaði að vinna þar, hafði kynnst félaginu í gegnum nokkur verkefni og fengið á því óbilandi áhuga. Ég samgleðst honum innilega með nýja starfið.“

**MATTHÍAS H. JOHANNESSEN,**
**framkvæmdastjóri hjá Actavis**
„Það er öllum ljóst sem kynnast Sveini að hann hefur hrífandi persónuleika, ákveðna birtu (hvort sem það orð er skrifað með litlum eða stórum staf) í kringum sig og hnífskarpan huga. Það má segja að hann hafi náð langt frá því hann var að semja um uppstoppaðan ref á hlaupum út í leigubíl í Kína en þar var samningatæknin þó sterk og refurinn hefur eflaust nýst vel. Það er mikill fengur fyrir Össur að fá Svein í forystuhlutverk enda auðvelt fyrir fólk að fylgja slíkum gæðadreng.“

Uppboði Global Dairy lokið:

## Hámarki náð á heimsmarkaði

Heimsmarkaðsverð á mjólkurafurðum virðist vera að ná hámarki, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda.

Vitnað er til niðurstaðna uppboðs Global Dairy Trade sem fram fór í gær.

„Afurðaverðið hækkaði að jafnaði um 0,6 prósent. Það er mikil breyting frá þremur síðustu uppboðum, þegar verðið hækkaði um 10 til 15 prósent í hvert skipti,“ segir í umfjölluninni. 3,2 prósenta lækkun er sögð hafa orðið á undanrennudufti en verð á smjöri hafa hækkað um 6,8 prósent. - óká

Gull hefur lækkað skarpt:

## Tíu ára gullæði við það að ljúka

Verð á gulli hækkaði lítillega í gær eftir mikið fall síðustu daga og vikur. Skörp lækkun á mánudag er sú mesta síðan 1980, að því er fram kemur í umfjöllun IFS-greiningar.

„Aðilar á markaði hafa nú áhyggjur af því að tíu ára löngu gullæðistímabili sé nú lokið,“ segir í umfjöllun IFS. Lækkunin á mánudag nam yfir hundrað dölum, eða tæpum níu prósentum. Í viðskiptum fyrri partinn í gær hækkaði verðið svo aftur um 35 dali á únsuna. - óká

„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ"

DJÖFLAEYJAN

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!"

BJÖRK EIÐSDÓTTIR
ritstýra á Séð og heyrt

★★★★

„ÁHORFENDUR FÖGNUÐU OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL"

FRÉTTABLAÐIÐ

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU

Miðasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Miðasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

# BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR

Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR • HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON • MAGNÚS GUÐMUNDSSON

**„Hvað er þetta með míní bari á hótelum?
Ég er alki... ekki barbídúkka!!"**

**Síðustu sýningar á leikárinu**

**Tryggið ykkur miða !**

**Föstudagur 19 apríl kl 20:00 - örfá sæti laus**
**Miðvikudagur 24. apr. kl 20:00 - aukasýning**

midi.is

**Finndu okkur á facebook - Blakkát**

MARKAÐURINN

Netfang
**ritstjorn@markadurinn.is**
Sími **512 5000** Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
**auglysingar@markadurinn.is**
Veffang **visir.is**

klinkið
**Gestur Jónsson, hrl., og Ragnar H. Hall, hrl.**
visir

*Hin hliðin*

**INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR**

## Smart að vera umhverfisvæn

Öll fyrirtæki skilja eftir sig rusl af einhverjum toga, hvort sem um er að ræða áþreifanlegt í tunnu eða óáþreifanlegt út í andrúmsloftið, nema hvort tveggja sé. Það sem skilur á milli góðs reksturs og hins sem er miður vel rekinn, er hvernig unnið er með þennan úrgang. Er hann endurnýttur, er hann markvisst minnkaður eða er skipt yfir í umhverfisvænni aðferðir, vörur og þjónustu?

### Grænn apríl

Aprílmánuður er tileinkaður grænum og umhverfisvænum aðgerðum sem ganga út á að vekja fyrirtæki og einstaklinga til umhugsunar um hvernig við getum minnkað sóun og skilað umhverfinu í jafngóðu eða betra ástandi en það var í þegar við tókum við því. Það þarf nefnilega oft svo lítið til. Mörg fyrirtæki eru til dæmis farin að loka prenturum sínum svo starfsmenn þurfa að fara að prentaranum og slá inn lykilorð til að prenta út gögn. Önnur eru búin að taka ruslafötur frá borðum starfsmanna sinna og setja í staðinn upp aðgreindar tunnur fyrir mismunandi úrgang til endurvinnslu á einn stað. Enn önnur eru farin að mæla allan rekstur hjá sér til að geta losað sig við þau tæki sem nota mest rafmagn og fá önnur hagkvæmari í staðinn.

### Gott fyrir budduna

Eitt hótel hér í borg fór til að mynda markvisst í að ná niður orkureikningnum með því að finna út hagkvæmustu hitastillinguna á herbergjunum hjá sér bæði þegar þau voru í notkun og ekki. Mörg fyrirtæki hafa farið í að einfalda pöntunarkerfi þannig að bæði tími og peningar sparast, sem virkilega skiptir máli þegar það safnast saman á ársgrundvelli. Með því að skipta út bensínhákum fyrir metan-, rafmagns- eða aðra umhverfisvænni bíla spara fyrirtæki milljónir í rekstri á ársgrundvelli og slíkur sparnaður í rekstri skilar betri afkomu.
Það er nefnilega ekki fyrr en það kemur að afkomu fyrirtækjanna að umhverfisvæn hugsun í rekstri fer að vera álitlegur kostur.

### Snýst um hagkvæmni

Að minnka rusl og annan úrgang snýst um hagkvæmni. Minni úrgangur þýðir hagkvæmari neysla og endurnýting sem og endurvinnsla óhjákvæmilegs úrgangs.
Á vefsíðunni Waste Online í Bretlandi er vakin athygli á því að ef öll bresk fyrirtæki myndu spara eitt hefti á dag yrði málmhaugurinn 72 tonnum minni á ári. Þar segir einnig að hver Breti hendi sem nemur sjö sinnum þyngd sinni ár hvert eða um 500 kg. Hverjar þessar tölur eru á Íslandi skal ósagt látið. En ætla má að þær séu í svipuðu hlutfalli.
Það er smart að vera umhverfisvænn því það er gott fyrir heilsuna, umhverfið og budduna.


# Eru innlend hlutabréf áhugaverður kostur?

**Fundur um hlutabréf** verður haldinn á Reykjavík Natura Hotel, **fimmtudaginn 18. apríl kl. 17.15 – 19.00.** Farið verður yfir stöðuna á hlutabréfamarkaðnum og forstjóri TM kynnir fyrirtækið sem fjárfestingakost.

## Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Innlend hlutabréf hafa hækkað töluvert á síðustu mánuðum. Skráðum félögum fjölgar og Landsbankinn finnur fyrir auknum áhuga viðskiptavina á hlutabréfum. En hvað felst í því að fjárfesta í hlutabréfum? Við tökum stöðuna á hlutabréfamarkaðnum á fjármálakvöldi á fimmtudegi.

**Dagskrá:**

- **Hlutabréf í sögulegu samhengi** – Sigurður B. Stefánsson, *sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans og formaður fjárfestingaráðs*
- **Uppbygging íslenska hlutabréfamarkaðarins og kostir sjóða** – Sigþór Jónsson, *framkvæmdastjóri Landsbréfa*
- **TM sem fjárfestingakostur** – Sigurður Viðarsson, *forstjóri TM*

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans, stýrir fundinum.

Fundurinn er öllum opinn, boðið verður upp á léttar veitingar.

**Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

SHARP

SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-

SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-

SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307

99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

# Almannahagsmunir í öndvegi

STJÓRNMÁL

**Jónas Guðmundsson**
hagfræðingur, á sæti á framboðslista Lýðræðisvaktarinnar

**➜ Að almannahagsmunir fái aukið vægi gagnvart sérhagsmunum einstaklinga, fyrirtækja og hópa…**

„Þegar við búum við það að sömu valdhafarnir, sama fólkið, sitja á valdastólum í marga áratugi, og eru þarna greinilega til að tryggja sína hagsmuni, og menn treysta því ekki lengur að þeir séu að vinna að almannahag, þá er ekki við góðu að búast.“

Þessi orð Páls Skúlasonar, fyrrverandi háskólarektors, (Rás 1, 17. feb. sl.), eins fremsta þjóðfélagsrýnis landsins, eru vitnisburður um alvarlega kreppu í stjórnmálalífi þjóðarinnar. Getur almenningur í raun ekki treyst því að stjórnmálamenn taki almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni? Eru það kannski ekki nýjar fréttir?

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins taldi (18. des. 2007) margt benda til að stjórnmálamenn hefðu mikla tilhneigingu til að taka sérhagsmuni fram yfir almannahagsmuni: „Sérhagsmunasamtök á borð við LÍÚ hafa yfir tiltölulega fáum atkvæðum að ráða. Slík sérhagsmunasamtök ráða ekkert við afl atkvæða hinna almennu borgara, þegar þeir láta til sín taka. En þess á milli er eins og sérhagsmunirnir ráði.“

### Óbilgirni sérhagsmunanna

Flestir vita að sérhagsmunir hafa á undanförnum áratugum fengið aukið svigrúm í íslensku samfélagi: svigrúm til umsvifa, til auðs, til valda og til áhrifa, meira að segja áhrifa á mótun almannastefnu. „Sveigmenn“ hagsmunanna, eins og Jóhann Hauksson nefnir (í bókinni Þræðir valdsins) fólk á mörkum opinbers og einkareksturs, hafa greitt götu þeirra og stundum setið báðum megin borðsins.

Bankahrunið breytti þessu ekki. Þeir sem græddu á hruni krónunnar 2008 voru óáanlegir til að deila hvalrekanum með almenningi, sem sat fastur í skuldasúpu gengishrunsins. Baráttan um veiðileyfagjald varð hörð, og sveigmennirnir hafa lofað að afnema það komist þeir til valda að loknum kosningum.

### Endurstillum með stjórnarskrá

Hvernig hefjum við almannahagsmuni til öndvegis? Ný stjórnarskrá, samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, eflir almannahag, m.a. með ákvæðum um náttúru Íslands og nýtingu náttúrugæða. Lög, reglur og háttsemi sem af stjórnarskránni leiða munu skipta sköpum.

Í stjórnarskrárfrumvarpinu er greint á milli einkahagsmuna og almannahagsmuna í stjórnmálum: „Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna.“ Bent hefur verið á að forgöngumenn fiskveiðistjórnunarkerfisins á Alþingi 1984 voru útgerðarmenn. Slíkt ákvæði er því löngu tímabært.

Að almannahagsmunir fái aukið vægi gagnvart sérhagsmunum einstaklinga, fyrirtækja og hópa er lykilatriði í þróun betra og samheldnara samfélags.

**visir.is**
Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.is

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN SIGURÐSSON**
**frá Raufarhöfn,**

sem lést á Skjóli mánudaginn 8. apríl, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. apríl kl. 13.00.

**Heiðar Bergur Jónsson** **Þorbjörg Sandra Sveinsdóttir**
**Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir** **Guðlaugur Vilberg Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN HERMANNSSON**
**verkfræðingur,**
**Giljalandi 19,**

sem lést þann 9. apríl á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. apríl klukkan 11.00.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Jón Hallur Stefánsson** **Rikke Houd**
**Hermann Stefánsson** **Sigrún Benedikz**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Ástkær faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og vinur,

**BRYNSTEINN GUÐNASON**
**Stenkullen, Svíþjóð,**

sem andaðist miðvikudaginn 27. mars síðastliðinn, verður jarðsettur 24. apríl í Floda, Svíþjóð.

**Ásta** **Mattías**
**Alexander** **Liselotte**
**Laurence**
**Vincent**

†

Ástkær eiginmaður minn, sonur minn, faðir okkar, afi, bróðir og mágur,

**ÓSKAR JÓHANN BJÖRNSSON**
**blikksmíðameistari,**
**Lóurima 14, Selfossi,**

sem lést á heimili sínu 5. apríl, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 19. apríl kl. 15.00.

**Sigríður Haraldsdóttir**
**Björn Jóhann Óskarsson**
**Aðalbjörg Katrín Óskarsdóttir** **Hákon Daði Hreinsson**
**Erna Karen Óskarsdóttir** **Bjarki Rafn Kristjánsson**
**Jóhanna Ósk Óskarsdóttir**
**afastrákarnir**
**Guðlaugur Gunnar Björnsson** **Elsa Birna Björnsdóttir**
**Guðmunda Rut Björnsdóttir** **Pétur R. Gunnarsson**
**Sigurður Guðni Björnsson** **Lilja Viðarsdóttir**

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR**
**frá Látrum í Aðalvík, Seljahlíð,**
**áður Brúnavegi 3,**

sem lést á Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 10. apríl, verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 18. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Ástu er bent á sjóð fyrir blind börn á Íslandi.

**Sigríður Gunnarsdóttir**
**Theódór Gunnarsson**
**og fjölskyldur.**

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR LEIFSSON**
**fyrrverandi rafverktaki,**
**Lækjarseli 13, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Seljakirkju föstudaginn 19. apríl klukkan 13.00.

**María Helga Guðmundsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðjón L. Sigurðsson** **Louisa Aradóttir**
**Hólmfríður Sigurðardóttir** **Eggert Ólafsson**
**Kolbrún Alda Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson** **Margrét Svavarsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Rósa Sigríður Guðmundsdóttir** **Rúnar H. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**PETTA GERÐIST** 17. APRÍL 1961

## Innrásin í Svínaflóa

Þennan dag árið 1961 réðust kúbverskir útlagar inn í Svínaflóa á Kúbu. Útlagarnir höfðu hlotið þjálfun og fjármagn hjá bandarísku leyniþjónustunni og áttu að steypa Fidel Castro af stóli. Innrásin misheppnaðist algjörlega.
Castro hafði verið bandarískum ráðamönnum þyrnir í augum frá því að hann náði völdum á Kúbu árið 1959. Hann hafði þjóðnýtt bandarísk fyrirtæki og rak mikinn áróður gegn áhrifum Bandaríkjamanna á eyjunni.

Árið 1960 ákvað Dwight D. Eisenhower Bandaríkjaforseti að bandaríska leyniþjónustan skyldi þjálfa lítinn her kúbanskra útlaga til að skipuleggja innrás á Kúbu. John F. Kennedy erfði áætlunina þegar hann varð forseti árið 1961. Hann gaf grænt ljós á árásina þótt hernaðarráðgjafar hans bentu á að léttvopnað herlið mætti sín lítils í slíkri innrás.

Hinn 17. apríl óðu um 1.200 útlagar á land í Svínaflóa. Vonir stóðu til að þeir myndu fylla aðra Kúbverja eldmóði, þeir myndu rísa gegn Castro og steypa honum af stóli. Útlagaherinn beið afhroð um leið og hann gekk á land. Kúbverski herinn felldi um hundrað útlaga og handtók 1.100. Ekkert varð af uppreisninni sem vonast var eftir.

**REYNSLAN ER MESTU VERÐLAUNIN** Edda segist ekki geta beðið um mikið meira en að fá að spila fyrir svo mikinn fjölda fólks í jafn glæsilegum sal og Eldborgarsal Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Besta atriði Nótunnar var verk um eimreiðar

Edda Lárusdóttir var með besta atriðið á uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins.

„Mestu verðlaunin eru reynslan – að fá að spila í svona stórum og glæsilegum sal fyrir framan allt þetta fólk. Það er algjör heiður og ekki hægt að biðja um mikið meira en það," segir þverflautuleikarinn Edda Lárusdóttir.

Edda vann á sunnudag titilinn Besta atriði Nótunnar 2013, sem er árleg uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins og var nú haldin í fjórða skipti og lauk um helgina. Þetta var í fyrsta skipti sem Edda tók þátt í hátíðinni en hún er nítján ára gömul og hefur æft á þverflautu í tólf ár, eða frá sjö ára aldri.

Hátíðin hófst 16. mars þegar haldnir voru fernir svæðistónleikar um allt land. Eftir þá var settur saman 160 manna hópur tónlistarnemenda úr tuttugu mismunandi tónlistarskólum, á öllum aldri og úr öllum stigum tónlistarnáms.

Sá hópur spilaði svo á tvennum tónleikum í Eldborgarsal Hörpu á sunnudag. Sérstök valnefnd skipuð Örnu Kristínu Einarsdóttur, tónleikastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Högna Egilssyni tónlistarmanni og Peter Máté, píanóleikara og kennara við Listaháskóla Íslands, valdi svo níu atriði sem þeim þótti skara fram úr á tónleikunum og veitti þeim viðurkenningu. Eftir að hafa flutt verk sitt aftur á lokahátíðinni á sunnudagskvöldið var atriði Eddu svo valið best þessara níu atriða.

Hún flutti verkið The Great Train Race eftir breska tónskáldið Ian Clarke sem hún segist hafa heillast af því strax og hún heyrði það. „Þetta verk er ólíkt öllu sem ég hef gert og ég þurfti að tileinka mér nýja tækni til að geta spilað það. Það var skemmtileg áskorun og gaman að gera eitthvað sem er svona allt öðruvísi, sérstaklega þegar það gengur svona vel," segir Edda. Verkið segir hún afar sérstakt en markmið þess er að líkja eftir keppni á milli eimreiða.

tinnaros@frettabladid.is

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS Þ. KARLSSON**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 13. apríl, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. apríl kl.13.00.

**Kristín Björk Magnúsdóttir** **Páll Gústaf Arnar**
**Þröstur Magnússon** **Auður Árný Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

†

Hjartkær eiginkona mín og móðir okkar,

**HRAFNHILDUR HÉÐINSDÓTTIR**
**Jökulgrunni 24,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 16. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Pétur Guðmundsson**
**Guðmundur Pétursson**
**Héðinn Pétursson**
**Hólmfríður Pétursdóttir**
**Jónas Pétursson**

# LAGERHREINSUN

## 20%–70% AFSLÁTTUR

## Frábær húsgögn fyrir heimilið og í sumarbústaðinn

**Heilsurúm - Hvíldarstólar - Lyftistólar**
**Tungusófar - Hvíldarsófar - Sængur**
**Sófar og stólar í garðskála - Skammel**
**Heilsukoddar - Rúmteppi - Rúmbotnar**
**Púðar - Sófaborð m/ljósi - Sófasett**
**Stakir sófar ...og margt, margt fleira**

**Opnunartími lagersölu:**

| | |
|---|---|
| Miðvikudag | kl.10 –18 |
| Fimmtudag | kl.10 –18 |
| Föstudag | kl.10 –18 |
| Laugardag | kl.11 –16 |

**Gengið inn um anddyri LÚR og niður á neðstu hæð**

## Komdu í heimsókn

– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, **6.** drykkur, **8.** holufiskur, **9.** kopar, **11.** tveir eins, **12.** gana, **14.** urga, **16.** tveir eins, **17.** máleining, **18.** umfram, **20.** belti, **21.** andvari.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vísupartur, **3.** í röð, **4.** hugarró, **5.** hár, **7.** endalaus, **10.** fljótfærni, **13.** sjáðu, **15.** tigna, **16.** námsgrein, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** ýmsu, **6.** te, **8.** nál, **9.** eir, **11.** ll, **12.** flasa, **14.** iskra, **16.** ff, **17.** orð, **18.** auk, **20.** ól, **21.** gráð.

**LÓÐRÉTT:** **1.** stef, **3.** mn, **4.** sálarró, **5.** ull, **7.** eilífur, **10.** ras, **13.** sko, **15.** aðla, **16.** fag, **19.** ká.

# Grunur um morgunmat

**BAKÞANKAR**
Svavars Hávarðssonar

Auðvitað get ég ekki fullyrt neitt, en ég held að við bræðurnir höfum bara einu sinni migið á okkur á sama tíma. Það var úr hlátri þegar mamma trúði okkur fyrir því að grunur léki á að hún væri haldin alvarlegum sjúkdómi. Áður en þú dregur þá ályktun að við bræðurnir séum skíthælar, báðir tveir, þá get ég útskýrt hvernig í þessu lá.

**MAMMA** og pabbi höfðu skroppið til Reykjavíkur til að útrétta. Í leiðinni var ferðin auðvitað nýtt til þess sjá framan í lækna, eins og gengur. Við bræðurnir vorum boðnir í kjötbollur à la Hávarður eitt kvöldið en að áti loknu setti gamla settið okkur niður og mamma stundi upp eftirfarandi: „Strákar mínir, lækninn grunar að ég sé með seríós.“ Á augnabliki áttaði ég mig á því að líkur voru taldar á því að mamma væri með húðsjúkdóminn sóríasis, en myndin af mömmu með gróft tilfelli af morgunmat leitaði á mig.

**ALVARLEIKI** málsins var auðvitað mikill, en mér fannst allt í einu eins og kjötfarsið væri að reyna að brjótast upp úr belgnum á mér. Áður en ég hljóp í áttina að postulíninu áttaði ég mig á því að eitthvað allt annað var þarna á ferðinni. Mér varð litið snöggt í áttina til Björgólfs bróður míns og sá þá að hann var að skipta litum. Augu okkar mættust – og þá varð ekki aftur snúið. Við biluðumst úr hlátri. Í augum foreldra okkar voru vonbrigðin augljós, en þegar dúraði hjá okkur bræðrum gátum við útskýrt hvernig í þessu lá. Eftir stendur ein besta minning mín um stund í faðmi fjölskyldunnar, auðvitað vegna þess að læknirinn hafði rangt fyrir sér.

**KVÖLDIÐ** var nefnilega stórkostlega skemmtilegt, ekki síst vegna þess að annað af sama meiði var rifjað upp í beinu framhaldi. „Ég er farin heim að serða sárasta hungrið,“ tilkynnti Stína systir einhvern tímann þegar hún sársvöng ætlaði að kanna innihaldið í ísskápnum sínum. Það var líka rifjað upp að kær fjölskylduvinur söng árum saman „Allir saman nú, öryrki á túr, og síðan ekki söguna meir“ við eitt ástsælasta lag Stuðmanna.

**HVAÐA** djúpu þjóðfélagsádeilu er ég að koma á framfæri með svo lúmskum hætti? Hana færð þú ekki frá mér í dag, en vonandi tókst mér að kalla fram hjá þér bros. Það var það eina sem mér gekk til.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes

**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU
EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS
LADDI LENGIR LÍFIÐ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í DAG!

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

100
1913 – 2013

# Til hamingju með 100 ára afmælið

Við í Kaaberhúsinu viljum óska Ölgerð Egils Skallagrímssonar hjartanlega til hamingju með stóráfangann. 100 ár eru síðan Ölgerðin hóf að selja Íslendingum Malt, drykk sem er samofinn þjóðarsálinni. Á undanförnum 100 árum hefur Ölgerðin tryggt sér verðugan sess í huga þjóðarinnar, með vöruúrvali sem allir þekkja. Hvort sem er við stórhátíðir eða hvers kyns smærri tilefni – þá er Ölgerðin ofarlega í huga fólks til að fullkomna gleðina.

Með kveðju frá Kaaberhúsinu.

FITON · MIÐSTRÆTI · SKAPALÓN · Kansas

**STJÓRNANDINN** Ilan Volkov átti stóran þátt í því að Tectonics varð að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Falleg, ljóðræn og dramatísk verk

Tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tectonics, hefst á morgun. Ilan Volkov, aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, hvatamaður og listrænn stjórnandi hátíðarinnar, segir dagskrá hátíðarinnar bæði metnaðarfulla og spennandi.

„Dagskrá hátíðarinnar er enn þéttari en í fyrra og hún er mjög spennandi. Það verður mjög mikið að gerast í Hörpu þessa þrjá daga sem hátíðin stendur yfir, bæði innandyra og utan. Við flytjum eitt verk í hótelgrunninum hér við hlið hússins, verk tónskáldsins Pauline Oliveros, og í því verki stendur öllum til boða að taka þátt," segir Ilan Volkov, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og listrænn stjórnandi Tectonics-hátíðarinnar sem hefst á morgun í Hörpu.

Tectonics var haldin í fyrsta sinn í fyrra og tókst afar vel til, gagnrýnendur luku lofsorði á hátíðina. „Áður en ég hóf störf hér var ákveðið að við myndum gera þessa hátíð að árvissum viðburði. Markmiðið er margþætt. Bæði fáum við tækifæri til þess að vinna með alls konar tónskáldum, þróa ný verk og flytja öðruvísi verk en vanalega. Það er áskorun fyrir hljóðfæraleikarana að takast á við hluti sem þá hafði aldrei dreymt um að gera, eða jú kannski dreymt um en aldrei framkvæmt," segir Volkov og bætir við að hljómsveitin hafi sannarlega staðið undir væntingum í fyrra. „Hátíðin tókst vel til og var mjög djúp og góð reynsla fyrir alla. Hljómsveitin tókst á við erfið verk og leysti þau vel af hólmi."

## Priggja daga hátíð

Heiðursgestur Tectonics verður Christian Wolff, eitt merkasta framúrstefnutónskáld Bandaríkjanna á tuttugustu öld. Fjölmörg verka hans verða flutt á hátíðinni.

Auk þess mun Sinfóníuhljómsveitin frumflytja verk eftir Eyvind Kang, Jessiku Kenney, Hildi Guðnadóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Atla Ingólfsson, Þráin Hjálmarsson og Guðmund Stein Gunnarsson.

Meðal einleikara með hljómsveitinni verða Víkingur Heiðar Ólafsson og ísraelski klarinettuleikarinn Chen Halevi.

Bandarískí slagverksleikarinn, tónskáldið og myndlistarmaðurinn Eli Keszler verður áberandi á hátíðinni með innsetningu, spunagjörningi og tvennum tónleikum með Duo Harpverk. „People Like Us" frá Bretlandi mun standa fyrir kvikmyndagjörningum í samvinnu við íslenska tónlistarmenn. Einn fjölhæfasti tónlistarmaður Íslendinga, rafbassaleikarinn Skúli Sverrisson, mun koma fram í ýmsum hlutverkum á hátíðinni ásamt ýmsum öðrum íslenskum og erlendum tónlistarmönnum.

Tónleikar Tectonics-hátíðarinnar munu fara fram í öllum fjórum tónleikasölum Hörpu, í hinum ýmsu opnu rýmum byggingarinnar og teygja sig líka út fyrir Hörpu, vefja sig utan um ljósastaura og grafa um sig í hótelgrunninum vestan við Hörpu.

Á vef hátíðarinnar, tectonicsfestival.com, er hægt að skoða dagskrána nánar.

Volkov segir dagskrá hátíðarinnar í ár mjög spennandi og fjölbreytta. „Christian Wolff er heiðursgestur hátíðarinnar, við flytjum mörg verka hans, en Wolff er eitt helsta tónskáld 20. aldarinnar. Þar fyrir utan flytjum við alls konar verk eftir innlend og erlend tónskáld."

Hátíðin hefst klukkan sex á morgun. Hægt er að kaupa passa á alla hátíðina fyrir 5.000 krónur en einnig staka dagspassa á 2.500 krónur. „Við vonumst auðvitað til þess að sem flestir komi og fylgist með hátíðinni. Verkin sem eru flutt eru bæði skemmtileg og spennandi. Og fólk þarf ekki að óttast að þau séu óaðgengileg. Mörg verkanna eru mjög falleg, ljóðræn og dramatísk. Það er örugglega eitthvað fyrir alla á hátíðinni," segir Volkov að lokum.

sigridur@frettabladid.is

Andaðu með nefinu

2 í 1

Loft innan fárra mínútna

Ilmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Grunnatriði góðrar heilsu (fyrir konur)

Með **RAKEL SIF SIGURÐARDÓTTUR** næringar- og heilsuráðgjafa

Þriðjud. 23. apríl kl. 19:30 - 21:30

Farið verður yfir eftirfarandi þætti:

- Hvað er heilsa?
- Líkami í fullkomnu jafnvægi - hvað hefur áhrif?
- Mikilvægi réttrar samsetningar orkuefna
- Mikilvægi þess að borða rétta fitu
- Skipulag og regla á máltíðum
- Sjálfsímynd og jákvæð skilaboð til okkar sjálfra
- Melting & hægðir - áhrif á heilsu, jafnvægi og vellíðan
- Umhverfi, snyrtivörur og annað sem hefur áhrif á heilsu okkar
- Tillögur að innkaupum - lífræn /hefðbundin framleiðsla
- Tillögur að mataræði yfir heilan dag
- Tillögur að kvöldmat yfir eina viku ásamt uppskriftum

Frábær fyrirlestur fyrir konur á öllum aldri!

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla kl. 19:30 - 21:30

Upplýsingar & skráning:
rakel@rakelhealthyliving.com
Verð: 4.500 kr.

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

**NÝ TÓNLIST** Tómas mun leika glænýja latíntónlist sína á Munnhörpunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Latíndjass á Munnhörpunni

Þetta verður aðallega ný latíntónlist sem ég hef legið yfir í vetur," segir Tómas R. Einarsson inntur eftir dagskrá kvartetts hans á Munnhörpunni í kvöld. „Svo ótrúlegt sem það er þá leynist einhver neisti af sköpunargáfunni enn þá með mér, þótt ég sé kominn á sjötugsaldurinn. Og vill fá útrás."

Þú ert enn þá í latíntónlistinni?

„Já, að þessu sinni er tónlistin í ákveðnu framhaldi af diski sem ég gerði fyrir tveimur árum og heitir Strengur, þar sem bassinn var í stóru hlutverki. Ég held áfram að láta bassann vera dálítið leiðandi í laglínum og flétta hann meira inn í forystuhlutverkið, ef svo má segja."

Kvartettinn er skipaður kontrabassaleikaranum Tómasi, píanóleikaranum Eyþóri Gunnarssyni, Sigtryggi Baldurssyni kongatrommuleikara og Matthíasi MD Hemstock trommuleikara. „Þetta er kanónulið, held ég að sé óhætt að segja," fullyrðir Tómas.

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð djassklúbbsins Múlans og hefjast klukkan 21.

# Barokk Nordic Affect

Kammerhópurinn Nordic Affect beinir sjónum sínum að barokktímanum.

„Á þessum tónleikum ætlum við að virða fyrir okkur tónlistarkennslu og hvaða leiðir tónlistarfólk fór á barokktímanum," segir Halla Steinunn Stefánsdóttir, listrænn stjórnandi kammerhópsins Nordic Affect. Hópurinn kemur fram á tónleikum annað kvöld í Þjóðmenningarhúsinu en tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð hópsins sem skoðar að sögn Höllu ýmsa þætti tónlistarsögu Evrópu barokktímans, 17. og 18. aldar, á tónleikum raðarinnar. „Við spilum meðal annars verk eftir Hotteterre, sem gaf út fyrstu flautukennslubókina, og sónötu eftir Cima, sem er sú fyrsta sem er skrifuð fyrir fiðlu. Svo var ekki hægt að sleppa Bach. Kennsla var mjög öflugur þáttur í starfi hans og gerir það að verkum að hann hverfur ekki úr sögunni við andlátið, verk hans lifa með nemendum hans en þeirra þekktastir eru synir hans."

Flytjendur á tónleikunum eru auk Höllu Steinunnar fiðluleikara, Georgia Browne þverflautuleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari.

Tónleikarnir hefjast klukkan átta.

- sbt

→ Nordic Affect skoðar tónlistarkennslu og hvaða leiðir tónlistarfólk fór á barokktímanum.

HALLA STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL 2013**

### Umræður

**20.00** Viðhorf til lífs og dauða verða til umræðu á heimspekikaffi með Gunnari Hersveini í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðingur verður Gunnari til halds og trausts.

### Kvikmyndir

**16.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Shanghai klíkan í stofu 132 í Öskju H.Í. Aðgangur er ókeypis.

**18.00** Norræna kvikmyndahátíðin heldur áfram í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis á allar myndir og eru þær allar sýndar með enskum texta. Fyrst verður sýnd myndin Aðra leið til Antibes (sænsk) og svo klukkan 20.00 verður sýnd myndin Lífið (dönsk).

### Dans

**20.30** Gömlu dansarnir verða dansaðir í sal Þjóðdansafélgs Reykjavíkur, Álfabakka 14a. Allir velkomnir.

### Tónlist

**21.00** Mammút spilar í Stúdentakjallaranum við Háskólatorg H.Í. Aðgangur er ókeypis en tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaröð Kjallarans, Gogoyoko, Polar Beer og Nova.

**21.00** Póra Björk og hljómsveit skemmta á Café Rosenberg.

**22.00** Hr. Halli heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

### Fyrirlestrar

**20.00** Jón Björnsson, sálfræðingur og rithöfundur, heldur námskeið í félagsmiðstöðinni að Hæðargarði 31 undir yfirskriftinni Tréð. Efni námskeiðsins er lífsins tré, frá Edensgarði vestur í Dalasýslu, með viðkomu í Jerúsalem og Konstantínópel og víðar. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 10. MAÍ
Í MEISTARANÁM Í LISTKENNSLU

ERTU LISTAMAÐUR SEM LANGAR ÞIG AÐ KENNA?

MEISTARANÁM Í LISTKENNSLU

**Inntökuskilyrði:**
BA gráða eða sambærilegt nám í listgrein.

Auk þess er tekið á móti umsóknum frá einstaklingum með B.Ed gráðu eða sambærilegt 180 eininga nám í kennslu og umtalsverða menntun og/eða reynslu á sviði leiklistar, tónlistar eða dans.

Nánari upplýsingar um nám í listkennsludeild og inntökuskilyrði á lhi.is.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

**SÁ ILLGJARNASTI** Breski leikarinn Tom Hiddleston hlaut tvenn verðlaun, meðal annars sem besta illmennið.

**KYNNIR KVÖLDSINS** Rebel Williams var kynnir kvöldsins og hlaut einnig tvenn verðlaun.

**SNILLINGUR** Will Ferrell þykir gamansnillingur og hlaut verðlaun fyrir.

# Rebel fór á kostum

MTV kvikmyndaverðlaunin voru afhent á sunnudag. Leikkonan Rebel Williams var kynnir kvöldsins og fór á kostum í því hlutverki.

**HVERSDAGSLEGUR** Breski leikarinn Eddie Redmayne var á meðal gesta.



**GULLKLÆDD SÖNGKONA** Selena Gomez mætti í gylltum kjól á hátíðina.

**LITRÍKUR KJÓLL** Leikkonan Kerry Washington klæddist skemmtilegum kjól um kvöldið.

**FURÐULEGASTA ATVIKIÐ** Leikarinn Jamie Foxx fékk verðlaun fyrir furðulegasta kvikmyndaatriðið í Django Unchained.

NORDICPHOTOS/GETTY


SMÁRABÍÓ

GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| OBLIVION LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| G.I JOE RETALIATION 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 8 - 10.20 | L |
| I GIVE IT A YEAR | KL. 10.30 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ

NÁNAR Á MIDI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 6 - 9 | 12 |
| KAPRINGEN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ADMISSION | KL. 17.30 | L |

BORGARBÍÓ

NÁNAR Á MIDI.IS

| | | |
|---|---|---|
| OBLIVION | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GI JOE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ADMISSION | KL. 5.45 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS!

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| OBLIVION | 5.30, 8, 10.30 |
| G.I. JOE RETALIATION 3D | 5.50, 8, 10.15 |
| I GIVE IT A YEAR | 8 |
| SNITCH | 10.10 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 6 |

SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM

SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

GERARD BUTLER ECKHART FREEMAN MORGAN

GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD

OLYMPUS HAS FALLEN

FRÁ LEIKSTJÓRA TRAINING DAY OG HANDRITSHÖFUNDINUM KATRÍN BENEDIKT

STÓRMYNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI

OBLIVION

STEVE CARELL JIM CARREY

MÖGNUÐ GRÍNMYND

BURT WONDERSTONE

ÓFEIGUR gengur aftur

NÝJASTA MYND STEVEN SODERBERGH

SIDE EFFECTS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OLYMPUS HAS FALLEN VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 10:30 | 12 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 10:10 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| G.I. JOE: RETALIATION 3D | KL. 10:20 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 8 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 2D | KL. 5:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 10:20 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

Þú kemst fljótt að! ...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:

NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ 11.–21. APRÍL 2013

græna ljósið - betra bíó

NORRÆNA HÚSIÐ

MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL

18.00 Aðra leið til Antibes (EN ENKEL TILL ANTIBES). Svíþjóð 2011/105 mín.

20:00 Lífið (HVIDSTEN GRUPPEN). Danmörk 2012/123 mín.

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.

Nánari upplýsingar á norraenahusid.is

ON THE ROAD

CHASING ICE

SLÓ Í GEGN Á ÞÝSKUM KVIKMYNDADÖGUM

HANNAH ARENDT

JAGTEN

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS

EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |

# VORTILBOÐ

**20-50%**
afsláttur af öllum heilsurúmum

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC
## Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 30-40% afslætti.

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing***

Rafmagnsrúm á verði frá **190.049,-**
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497,-**

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.

# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## ÚRSLIT

### N1-DEILD KARLA

**UNDANÚRSLIT, 2. LEIKUR**

**ÍR - HAUKAR 19-29 (10-13)**

**ÍR - Mörk (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 6 (12), Guðni Már Kristinsson 3 (4), Sturla Ásgeirsson 3/2 (9/5), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 2 (3), Daníel Ingi Guðmundsson 2/1 (3/1), Máni Gestsson 1 (1), Davíð Georgsson 1 (2), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (3), Ingimundur Ingimundarson (1), Sigurður Magnússon (2), Brynjar Valgeir Steinarsson (4).

**Varin skot:** Sebastian Alexandersson 8/1 (21/2, 38%), Kristófer F. Guðmundsson 6/1 (22/4, 27%).

**Hraðaupphlaup:** 1 (Björgvin 1)

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Haukar - Mörk (skot):** Gylfi Gylfason 9/2 (9/2), Freyr Brynjarsson 5 (5), Elías Már Halldórsson 5/1 (11/2), Sveinn Þorgeirsson 4 (5), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Sigurbergur Sveinsson 2/1 (4/2), Gísli Jón Þórisson 1 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (6).

**Varin skot:** Aron R. Eðvarðsson 28/2 (47/5, 60%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Freyr 4, Elías 1, Jón Þ. 1)

**Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.**

**FRAM - FH 24-19 (12-10)**

**Mörk Fram (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 5/3 (11/4), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (6), Garðar B. Sigurjónsson 3 (5), Róbert Aron Hostert 3 (8), Ægir Hrafn Jónsson 2 (3), Jón Arnar Jónsson 2/1 (3/1), Ólafur Magnússon 2 (4), Sigurður Eggertsson 2 (8), Sigfús Páll Sigfússon 1 (3).

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 19 (38/4, 50%),

**Hraðaupphlaup:** 6 (Jóhann 1, Stefán Baldvin 1, Ægir Hrafn 1, Ólafur 1, Sigurður 1, Sigfús Páll 1)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk FH (skot):** Þorkell Magnússon 5 (9), Einar Rafn Eiðsson 4/3 (7/3), Ragnar Jóhannsson 4 (10), Andri Berg Haraldsson 3 (6), Ásbjörn Friðriksson 2/1 (10/1), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2), Magnús Óli Magnússon (2), Logi Geirsson (3).

**Varin skot:** Daníel Fr. Andrésson 16/1 (40/5, 40%),

**Hraðaupphlaup:** 1 (Þorkell 1)

**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.**

### DOMINOS-DEILD KVENNA

**UNDANÚRSLIT, 5. LEIKUR**

**KEFLAVÍK - VALUR 78-70 (33-30)**

**Stig Keflavíkur:** Bryndís Guðmundsdóttir 24/10 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 20/9 fráköst, Jessica Ann Jenkins 16/7 fráköst/8 stoðsendingar, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 11/9 fráköst, Sandra Lind Prastardóttir 4, Ingunn Embla Kristínardóttir 2, Sara Rún Hinriksdóttir 1/6 fráköst.

**Stig Vals:** Jaleesa Butler 21/13 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 14/15 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Hallveig Jónsd. 9, Þórunn Bjarnad. 7, Unnur Lára Ásgeirsd. 5, María Björnsd. 2.

**Keflavík vann einvígið, 3-2, og mætir KR í lokaúrslitunum.**

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**ARSENAL - EVERTON 0-0**

# Verður skák og mát

Grindavík og Stjarnan mætast í fyrstu viðureign liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik í kvöld. Vinna þarf þrjá leiki til að tryggja sér titilinn og á Ingi Þór Steinþórsson von á að fimm leiki þurfi til að knýja fram sigurvegara.

**KÖRFUBOLTI** „Mín ósk er að einvígið fari í oddaleik og þetta verði rafmagnaðir leikir. Það eru það mikil gæði í báðum liðum að ég hugsa að þetta verði bara skák og mát," segir Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells. Hann er klár á því að tvö bestu lið landsins leiði saman hesta sína í úrslitum.

„Ef þú skoðar viðureignir liðanna eftir áramót hefur Stjarnan greinilega verið sterkara liðið," segir Ingi Þór og rifjar upp bikarúrslitaleik liðanna í febrúar.

„Stjarnan leysti þann leik mjög vel og verður fróðlegt að sjá hvernig Grindavík bregst við leikaðferð Stjörnunnar. Það er klárt mál að Stjarnan mun nota sömu aðferðafræði og varnarleik og hún gerði í Laugardalshöll."

Ingi Þór segir mikilvægt fyrir Grindvíkinga að fá skotin hjá Samuel Zeglinski í gang.

„Hann er mikil skytta og þarf að ná upp sínum leik. Broussard gekk mjög illa gegn Frye í bikarúrslitaleiknum. Hann er örugglega klár í að gera betur," segir Ingi. Hann er þó á því að mestu skipti hvernig Jóhann Árni Ólafsson og Þorleifur Ólafsson spili.

„Stóri faktorinn er sá að Jói og Lalli (innsk.: Þorleifur) séu í takti og spili sína bestu leiki," segir Ingi. Auk þess þurfi Sigurður Þorsteinsson að láta Brian Mills og Fannar Helgason hafa fyrir hlutunum undir körfunni.

Þjálfari Snæfellinga þarf ekki að velta lengi fyrir sér hver sé lykilmaður Garðbæinga.

„Justin Shouse er algjör lykilmaður. En þegar Justin hefur ekki fundið sig hefur Jarrid Frye verið maðurinn. Stjarnan er í veislu með þessa tvo sem eru algjörir lyklar að velgengni liðsins," segir Ingi Þór.

Þjálfarar liðanna, þeir Sverrir Þór Sverrisson og Teitur Örlygsson, hafa marga fjöruna sopið.

„Þeir eru báðir gríðarlegir keppnismenn og voru frábærir leikmenn á sínum tíma. Ólíkir leikmenn en báðir klókir og baráttumiklir. Lið þeirra smitast af því," segir Ingi. Hann á erfitt með að spá fyrir um sigurvegara.

„Ég vona að þetta fari í oddaleik og hef trú á því að það lið sem vinni á útivelli verði Íslandsmeistari." kolbeinntumi@365.is

**TEKIÐ Á ÞVÍ** Justin Shouse í baráttu við þá Ryan Pettinella og Ólaf Ólafsson. Marvin Valdimarsson fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ELVAR MÁR FRIÐRIKSSON,** leikmaður Njarðvíkur
Stjarnan vinnur 3-2

**SVEINBJÖRN CLAESSEN,** leikmaður ÍR
Stjarnan vinnur 3-1

**PÉTUR MÁR SIGURÐSSON,** þjálfari KFÍ
Stjarnan vinnur 3-1



**HELGI MÁR MAGNÚSSON,** Spilandi þjálfari KR
Grindavík vinnur 3-2

**MAGNÚS PÓR GUNNARSSON,** leikmaður Keflavíkur
Grindavík vinnur 3-1

**HETJA** Hermann Hreiðarsson er í miklum metum hjá stuðningsmönnum Portsmouth. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hermann maður leiksins

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson spilaði með báðum liðum þegar Portsmouth vann ÍBV, 2-1, í góðgerðarleik á Fratton Park í gær. Kjartan Guðjónsson skoraði mark ÍBV undir lok leiksins.

Hermann kom inn á sem varamaður í liði ÍBV en skipti svo um treyju og lék með Portsmouth síðustu mínúturnar. Honum var gríðarlega vel fagnað og sungu stuðningsmenn honum til heiðurs. Hann var svo valinn maður leiksins.

Til stóð að David James myndi spila með ÍBV í gær en hann kom ekki við sögu.

6.780 áhorfendur voru á vellinum í gær og styrktu þar með Portsmouth sem hefur átt í miklum fjárhagsvandræðum undanfarin misseri. Félagið er nú í greiðslustöðvun og hefur verið í rúmt ár. - esá

## Cardiff í ensku úrvalsdeildina

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson, Heiðar Helguson og félagar þeirra í Cardiff tryggðu sér í gær sæti í ensku úrvalsdeildinni er liðið gerði markalaust jafntefli við Charlton á heimavelli. Cardiff dugði eitt stig til að gulltryggja sæti sitt í deild þeirra bestu.

Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn fyrir Cardiff að venju en Heiðar Helguson var ekki með vegna meiðsla.

Björn Bergmann Sigurðarson var í byrjunarliði Wolves sem vann Hull, 1-0, og kom sér þar með úr fallsæti. - esá

POTTURINN STEFNIR Í

1950 MILLJÓNIR

120.000.000
+1.830.000.000

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.830 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

IKEA hlýtur Jafnlaunavottun VR

# Við erum stolt

**af því að tilkynna að IKEA er eitt þriggja fyrstu fyrirtækjanna sem hlýtur jafnlaunavottun VR, og er þar að auki fyrsta fyrirtækið innan verslunargeirans.**

Jafnlaunavottun VR staðfestir jafnrétti til launa innan þeirra fyrirtækja sem hana hljóta - konur og karlar fá sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.50
## Thatcher: A Memoir

Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands og einn umdeildasti stjórnmálaleiðtogi tuttugustu aldar, verður borin til grafar í dag.
Stöð 2 sýnir nýja og áhugaverða heimildarmynd um Thatcher í kvöld.
Í myndinni eru m.a. birt viðtöl við hennar nánustu samstarfsmenn, stuðningsmenn og andstæðinga.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
## ALEXÍA BJÖRG JÓHANNSDÓTTIR LEIKKONA

**Horfir í törnum.**
„Ég horfi ekki mikið á sjónvarpið dagsdaglega en tek svona rispur í sjónvarpsglápi þegar tími gefst."

**STÖÐ 2 KL. 18.55**

1 **Kappræður oddvitanna**
„Maðurinn minn verður þarna í kvöld og ég verð því límd við skjáinn."

**RÚV KL. 22.20**

2 **Alþingiskosningar**
„Þættirnir eru misskemmtilegir en fróðlegir.

**RÚV KL. 19.00**

3 **Fréttir**
„Maður verður að fylgjast með fréttum."

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Af greinum trjánna **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Lesið í Steinbeck **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Björt framtíð) (e)*
**15.30 Sjónvarpsleikhúsið: Eilífðartöffarinn – Eilífðartöffarinn** *(Playhouse Presents: King of the Teds) (e)*
**15.55 Skólahreysti** *(e)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(4:22) (Private Practice V) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Brúnsósulandið** *(5:8) (Landet brunsås)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** *(4:8) (Doc Martin 5)* Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**20.50 Svellkaldar konur** Samantekt frá ístöltmóti kvenna.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Hægri grænir)* Guðmundur Jónsson situr fyrir svörum um stefnumál Hægri grænna.
**22.55 Gasland** *(GasLand)* Orkufyrirtæki vilja leigja land af bændum í von um að finna vinnanlegt gas í jörðu.
**00.40 Kastljós** *(e)*
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**12.20 The Full Monty**
**13.50 Spy Next Door**
**15.25 Limitless**
**17.10 The Full Monty**
**18.40 Spy Next Door**
**20.15 Limitless**
**22.00 Crank: High Voltage**
**23.35 Black Swan**
**01.20 Kick Ass**
**03.15 Crank: High Voltage**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(7:22)*
**08.30 Ellen** *(125:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(61:175)*
**10.15 Hank** *(7:10)*
**10.40 Cougar Town** *(13:22)*
**11.05 Privileged** *(14:18)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(7:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suits** *(6:12)*
**13.45 Chuck** *(5:13)*
**14.30 Gossip Girl** *(10:10)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(7:23)*
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(126:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Kappræður oddvitanna** Oddvitar stærstu sex flokka í Suðvesturkjördæmi sitja fyrir svörum í opinni dagskrá. Stjórnendur eru Lóa Pind Aldísardóttir og Þorbjörn Þórðarson.
**19.50 Thatcher: A Memoir** Áhugaverð heimildarmynd um sögu Margaret Thatcher, fyrstu konunnar til að gegna starfi forsætisráðherra í Bretlandi.
**20.55 Kalli Berndsen – í nýju ljósi** *(5:8)* Önnur þáttaröðin.
**21.25 Drop Dead Diva** *(12:13)*
**22.10 Red Widow** *(4:8)* Hörkuspennandi þáttaröð um konu sem gift er inn í mafíuna.
**22.55 Girls** *(10:10)*
**23.20 NCIS** *(17:24)*
**00.05 Sons of Anarchy** *(5:13)*
**00.50 Grimm** *(1:22)*
**01.35 Bones** *(11:13)*
**02.20 The Closer** *(16:21)*
**03.05 Southland** *(3:6)*
**03.50 Fringe** *(3:22)*
**04.35 Drop Dead Diva** *(12:13)*
**05.20 Hank** *(7:10)*
**05.45 Cougar Town** *(13:22)*

## SPORT

*besta sætið*

**18.00 Ensku bikarmörkin**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**19.00 Dominos-deildin: Grindavík - Stjarnan**
**21.00 Þýski handboltinn: Lubbecke - Kiel** BEINT
**22.20 Spænsku mörkin**
**22.50 Dominos-deildin: Grindavík - Stjarnan**

## SPORT 2

*enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Everton**
**14.45 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**15.15 Aston Villa - Fulham**
**16.55 Southampton - West Ham**
**18.35 West Ham - Man. Utd.** BEINT
**20.45 Man. City - Wigan**
**22.25 Fulham - Chelsea**
**00.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**01.00 West Ham - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00 Lalli**
**07.15 Refurinn Pablo**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.30 Könnuðurinn Dóra**
**08.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.05 UKI**
**09.10 Strumparnir**
**09.35 Histeria!**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Lukku Láki**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.05 Njósnaskólinn** *(2:13)*
**17.35 Ofurhetjusérsveitin**
**18.00 iCarly** *(32:45)*

## POPPTÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(4:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(22:24)*
**19.00 Friends** *(24:25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(8:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(22:25)*
**20.10 American Dad** *(16:16)*
**20.35 Funny or Die** *(1:10)* Önnur serían af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum frá HBO byggðir á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00 FM 95BLÖ Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.**
**21.25 Arrow** *(14:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05 Dollhouse** *(9:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
22.50 American Dad *(16:16)*
**23.15 Funny or Die** *(1:10)*
**23.35 FM 95BLÖ**
**00.00 Arrow** *(14:23)*
**00.40 Dollhouse** *(9:13)*
**01.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** *(13:175)*
**19.00 Ellen** *(126:170)*
**19.40 Einu sinni var** *(1:22)*
**20.10 Örlagadagurinn** *(11:14)*
**20.45 Krøniken** *(12:22)*
**21.45 Ørnen** *(12:24)*
**22.45 Einu sinni var** *(1:22)*
**23.15 Örlagadagurinn** *(11:14)*
**23.45 Krøniken** *(12:22)*
**00.45 Ørnen** *(12:24)*
**01.45 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Dynasty** *(14:22)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Design Star** *(3:10)*
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Once Upon A Time** *(15:22)*
**18.45 Everybody Loves Raymond** *(8:25)*
**19.10 Will & Grace** *(13:24)*
**19.35 America's Funniest Home Videos** *(3:44)*
**20.00 Megatíminn - BEINT** *(4:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda sms. Þáttastjórnandi er hinn geðþekki Sóli Hólm.
**21.00 Solsidan** *(4:10)* Alex og Anna snúa loks aftur í þessum þáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda Skjás eins. Leikkonan Anna neyðist til að leika í auglýsingu í kjölfar þess að hafa ekki fengið eins mikið fyrir sitt gamla hús eins og til stóð.
**21.25 Blue Bloods** *(8:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan-fjölskyldunnar í New York þar sem fjölskylduböndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur.
**22.10 Law & Order UK** *(10:13)*
**23.00 Falling Skies** *(8:10)*
**23.45 The Walking Dead** *(10:16)*
**00.35 XIII** *(12:13)*
**01.20 Lost Girl** *(3:22)*
**02.05 Excused**
**02.30 Blue Bloods** *(8:22)*
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.35** Golfing World **09.25** Opna breska meistaramótið **2012** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** LPGA Highlights *(4:20)* **20.15** Ryder Cup Official Film **2006 21.**35 Inside the PGA Tour *(16:47)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1970 23.**50 ESPN America

## INN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og netkennsla. **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

**ÚTVARP**
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

**Knoll**

**CHADWICK STÓLLINN SAMEINAR FALLEG FORM OG HÁMARKSÞÆGINDI.**

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Tilboðsverð:**
**128.800kr***
**Verð áður: 188.500kr**
*Takmarkað magn

**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**

NAMMIÐ



**„Kettle Chips-snakkið er í uppáhaldi hjá mér. Það er sjávarsaltað og einfalt snakk sem virkar vel á bragðlaukana.**

Ragna Kjartansdóttir rappari.

# Taka upp plötu í Vestmannaeyjum

Breska sveitin Dry the River tekur upp næstu plötu í Island Studios.

„Þeir komu hingað í gær og ætla að vera næstu fimm daga við upptökur," segir Árni Óli Ólafsson, eigandi upptökuversins Island Studios í Vestmannaeyjum. Breska sveitin Dry the River er þar að taka upp efni á nýja plötu.

Sveitin hefur verið starfrækt síðustu fjögur ár og verið vinsæl í heimalandinu sem og á meginlandi Evrópu. Fyrri plata þeirra, Shallow Bed, kom út í fyrra og í kjölfarið var Dry the River á sæti BBC yfir tónlist ársins 2012. Sveitina skipa þeir Peter Liddle, Matthew Taylor, Scott Miller, Jon Warren og Will Harvey. Gagnrýnandi Guardian segir hljóm sveitarinnar líkan þeim hjá Mumford & Sons.

„Hér eru tveir úr sveitinni ásamt upptökustjóra og myndatökumanni og eru að taka upp sönginn á næstu plötu sinni. Þeir höfðu verið eitthvað að ferðast um landið áður þeir komu hingað að vinna," segir Árni Óli og bætir við að þeir hafi bókað tímann í stúdíóinu fyrir nokkru síðan. Island Studios var stofnað árið 2007 og segir Árni þetta ekki í fyrsta sinn sem þeir fái erlendar sveitir til sín. „Sveitir sækja í að koma hingað til að taka upp í friði og ró en við bjóðum upp á fyrsta flokks aðstöðu hérna." - áp

➜ Hljóðverið Island Studios er til húsa í gamla Betel, sem var fyrsta hvítasunnukirkja á Íslandi.

**TAKA UPP** Hér má sjá þá Jake Dypka, söngvarann Pete Liddle, Árna Óla, Matt Taylor söngvara og Charlie Hugall.


# Kaffi fyrir eldri borgara

Sjálfstæðisflokkurinn býður eldri borgurum í kaffisamsæti í kosningamiðstöðinni í Naustinu við Vesturgötu fimmtudaginn 18. apríl kl. 15:00-17:00.

Séra **Hjálmar Jónsson**, **Ingibjög Óðinsdóttir**, **Elínbjörg Magnúsdóttir** og **Sigríður Á Andersen** frambjóðendur til alþingiskosninganna, flytja erindi og spjalla við fólkið.

Veislustjóri er **Birgir Ármannsson** alþingismaður.

Kaffiveitingar og tónlistarflutningur.

Sjálfstæðisflokkurinn XD

# Vinir reka eitt elsta kaffihús borgarinnar

Sveinn Rúnar, Þura Stína og Geoffrey Þór hafa séð um rekstur Priksins frá því í desember. Þau höfðu öll unnið á staðnum áður, Sveinn frá árinu 2007.

„Við höfum öll unnið á Prikinu í mörg ár. Ég er elstur og búinn að vinna þarna síðan 2007, Þura er 22 ára og Geoff er 23 ára. Finni [Guðfinnur Sölvi Karlsson], eigandi staðarins, bað okkur að sjá um reksturinn og reyna að gera staðinn enn betri," segir Sveinn Rúnar Einarsson. Hann sér um rekstur Priksins, sem er eitt af elstu kaffihúsum borgarinnar, ásamt Þuru Stínu Kristlaugsdóttur og Geoffrey Þór Huntingdon-Williams.

Þremenningarnir hafa séð um rekstur staðarins frá því í desember og kveðst Sveinn Rúnar hlakka mikið til sumarsins enda verði þá ýmislegt skemmtilegt á dagskrá, þar á meðal Mánudagsklúbburinn, teiknikvöld og körfuboltamót. Einnig verður ráðist í endurbætur á portinu við hlið staðarins.

Sveinn Rúnar, Þura Stína og Geoffrey standa enn vaktina á Prikinu og sjá til þess að allt fari vel fram. Stór hópur fastakúnna sækir staðinn reglulega og að sögn Sveins Rúnars ríkir mikil vinátta milli þeirra og starfsfólksins. „Prikið er mikill fastakúnnastaður en það er aldrei neitt vesen á þeim, þeir hjálpa okkur við vinnuna ef eitthvað er."

Hann segir þremenningana ætla að sinna rekstri staðarins áfram um sinn enda sé starfið skemmtilegt. „Þetta er mjög skemmtilegt og lifandi starf," segir hann að lokum. sara@frettabladid.is

**SKEMMTILEGT STARF** Sveinn Rúnar Einarsson, Þura Stína Kristlaugsdóttir og Geoffrey Þór Huntingdon-Williams eru fyrrverandi starfsmenn Priksins og núverandi rekstrarstjórar. Margrét Þorgeirsdóttir bætist brátt í hópinn sem fjórði rekstrarstjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Prikið hefur titil að verja í fótboltamóti

Fótboltamótið Best Barcup fer fram í júní og mætast þá lið frá skemmtistöðunum Prikinu, Kaffibarnum, Harlem og Dollí. Mótið var síðast haldið fyrir tveimur árum og fór fótboltalið Priksins þá með sigur af hólmi í úrslitaleik við Kaffibarinn. Strangar reglur gilda um þátttöku og mega liðin til að mynda ekki vera skipuð nema einum atvinnumanni.

„Það má bara vera einn atvinnumaður í liðinu og einn fastakúnni, aðrir liðsmenn þurfa að vera starfsmenn staðarins. Ég er þjálfari Priksins og mun bráðum halda æfingar með mannskapnum og velja svo í liðið út frá því. Við erum með einn atvinnumann í okkar liði, ég vil ekki gefa upp nafn hans að svo stöddu en hann er einn sá besti á landinu," segir Sveinn Rúnar leyndardómsfullur.

Ofannefndir skemmtistaðir eru „vinabarir" að sögn Sveins Rúnars og koma allir að framkvæmd mótsins. Breyting gæti þó orðið þar á í framtíðinni. „Ég veit ekki hvort starfsmenn annarra bara séu fúlir yfir að fá ekki að vera með. Við erum vinabarir og okkur þótti skemmtilegra að hafa mótið á milli okkar. En það getur svo sem alveg verið að það breytist með tímanum."

# Kvöld um konur í tölvunarfræði

Myndin She++ verður sýnd í upphafi umræðukvölds í Stúdentakjallaranum.

„Ég hló þegar ég rakst á þessa mynd á netinu. Hún heitir She++ og fjallar um stöðu kvenna í tölvunarfræðigeiranum í Bandaríkjunum, en það er til vinsælt forritunarmál sem kallast C++ og þaðan kemur skírskotunin. Ég er svo mikið nörd að mér fannst það mjög fyndinn brandari og það vakti áhuga minn á myndinni," segir Stefán Ólafsson. Hann, ásamt Sigrúnu K. Valsdóttur, stendur að kvöldi um stöðu kvenna í tölvunarfræðigeiranum í Stúdentakjallaranum á morgun klukkan 18.

Tvær bandarískar stúlkur sem nema tölvunarfræði í Stanford-háskóla gerðu myndina She++ til að vekja athygli á stöðu kvenna í þessum bransa, en sú mynd verður sýnd um kvöldið. „Myndin er bara tólf mínútna löng og eftir sýningu vonumst við til að það kvikni umræður um það hvort þetta vandamál sé til staðar hérlendis og þá hvernig hægt sé að taka á því," segir Stefán.

„Staða kvenna er raunverulegt vandamál og mér finnst forvitnilegt að athuga ástæðurnar þar að baki," bætir hann við. - trs

➜ Birna Guðmundsdóttir, formaður félags tölvunarfræðinga, segir nokkur orð áður en opnar umræður hefjast.

**VANDAMÁL?** Stefán og Sigrún vonast til að það skapist góð umræða um stöðu kvenna í tölvunarfræði annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# WOW

## Loforðalistinn 2013

- **WOW** lofar að spara ríki, borg og sveitarfélögum einn milljarð á næsta kjörtímabili
- **WOW** lofar landsmönnum öllum **betri kjörum**
- **WOW** lofar að bjóða fyrirtækjum fastan **ferðakostnað**
- **WOW** lofar að veita kröftuga **samkeppni**
- **WOW** lofar að veita þér og þínum og öllum hinum **ógleymanlega upplifun**
- **WOW** lofar **að láta gott af sér leiða** með bros á vör

Með ferðakaupum hjá **WOW air** er hægt að spara svimandi háar upphæðir á ári hverju og stuðla þannig að sparnaði hjá ríki og sveitar-félögum. Nú og auðvitað viljum við líka hjálpa heimilunum í landinu að ferðast til útlanda og upplifa hina einu sönnu stemningu sem **WOW air** hefur upp á að bjóða.

Þetta eru loforð sem við munum standa við.
**WOW air** er flugfélag fólksins.

Komdu á kosningaskrifstofuna okkar að Katrínartúni 12 og fáðu þér kaffi og kleinur. Við tökum vel á móti þér.

Waldið til fólksins!

Vilnius >> Amsterdam >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Lyon
London >> Kaupmannahöfn >> Alicante >> Zürich >> Berlín >> Stuttgart >> París

13-0863 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stýrir Séð og heyrt

**Íris Dögg Pétursdóttir** hefur tekið við starfi ritstjóra vikuritsins Séð og heyrt. Björk Eiðsdóttir gegndi starfinu áður en hún hætti störfum í gær ásamt Elínu Arnar, en þeirri síðarnefndu var sagt upp sem ritstjóra Vikunnar.

Íris, sem er dóttir fótboltamannsins kunna og ljósmyndarans Péturs Péturssonar, ætti að vera öllum hnútum kunnug á Séð og heyrt enda hefur hún unnið þar sem blaðamaður um nokkurt skeið.

### Nýtt húðflúr

Tónlistarmaðurinn **Georg Hólm,** úr hljómsveitinni Sigur Rós, er staddur í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu sinni. Fjölskyldan virðist hafa tekið svolítið forskot á sumarsæluna og nýtur sín í sólinni vestanhafs. Georg virðist einnig hafa nýtt fríið til þess að bæta á sig húðflúri því hann fékk húðflúrlistamann til að sækja sig heim á gististaðinn í Los Angeles og skreyta hægri öxl og upphandlegg.

**- sm**

## Mest lesið vísir

1 Skrifuðu á kynfæri sofandi stúlku eftir að þeir misnotuðu hana
2 Hljóp sitt besta maraþon rétt áður en hörmungarnar dundu yfir
3 Átta ára barn lést í ódæðinu
4 Íslendingur í Dubai: „Allir frekar hræddir“
5 Tvítugur Sádi-Arabi grunaður um ódæðið